



FRÉTTABLAÐIÐ

16. mars 2008 – 75. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

TÍMAMÓT Í KÓRNUM

Fyrsti karlalandsleikurinn innanhúss fer fram í Kórnum í dag.




ÍPRÓTTIR 26

menning

„Það er verkurinn“
Þórhildur Þorleifsdóttir setur eigin spreturinn með sönnunarkvæði í þjóðleikhúsinu.

FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



Áframhaldandi rólegheit í dag verður áfram bjart og fallett veður. Á morgun og næstu daga breytist svo veðrið þannig að suðvestanáttir verða ríkjandi og á þriðjudag og miðvikudag má búast við úrkomu víðast hvar um landið.

VEDUR 4

1

DAGAR TIL PÁSKA

NÓI SÍRÍUS



Í **NEYÐ** Viðbrögð við snjóflóði voru æfð ofan Sandskeiðs í gær. Björgunarsveitir Landsbjargar, Landhelgisgæslan og greiningarsveit Landspítalans tóku þátt í æfingunni sem stóð í um fjórar klukkustundir. Stefán Már úr Hjálparsveit skáta í Kópavogi brá sér í hlutverk manns sem hafði grafið undir í snjóflóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framkvæmdaleyfið byggt á gölluðu álit

Álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati vegna álvers í Helguvík er gallað, segir dósent í lögfræði. Þess vegna geti það ekki verið grundvöllur framkvæmdaleyfis.

SKIPULAGSMÁL „Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna álvers í Helguvík hefur að mínu mati alvarlegan efnisannmarka, og getur þess vegna ekki verið grundvöllur framkvæmda- eða byggingarleyfis,“ segir Aðalheiður Jóhannsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. „Nú þegar tvö sveitarfélög hafa gefið út slík leyfi tel ég að umhverfisverndarsamtök geti kært þá ákvörðun til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála,“ segir Aðalheiður. Á sama tíma mætti krefjast þess að framkvæmdir á svæðinu verði stöðvaðar þar til úrskurður hefur verið kveðinn upp. „Ef það yrði niðurstaða úrskurð-

arnefndarinnar að það væru verulegir efnisannmarkar á álit Skipulagsstofnunar yrði byggingarleyfið, sem er í raun framkvæmdaleyfi, væntanlega fellt úr gildi þar sem álit er forsenda leyfisins,“ segir Aðalheiður. Aðalheiður nefnir sérstaklega tvenns konar annmarka á álitinu. Annars vegar þar sem segir að vegna óvissu um flutningsleiðir raforku þurfi sveitarfélögin að „huga að því hvort bíða eigi með leyfisveitingar fyrir byggingu álversins“ þar til niðurstaða liggja fyrir. Hins vegar komi fram í álitinu að áður en Norðuráli verði veitt framkvæmda- og byggingarleyfi þurfi að liggja fyrir hvort fyrirtækið fái

heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Slík heimild liggja ekki fyrir nú. Álver Norðuráls fékk byggingarleyfi vegna álversins frá sveitarfélaginu Garði og Reykjanesbæ formlega afhent á föstudag. Byggingarleyfi er í eðli sínu tæknilegt leyfi sem veitt er til að staðfesta að byggingarnar uppfylli tæknilegar kröfur, segir Aðalheiður. Þegar byggingarleyfi Norðuráls er skoðað er þó augljóst að þar er að hluta til um dulbúið framkvæmdaleyfi að ræða segir hún. Meðferð málsins hjá viðkomandi sveitarstjórnnum styðji þá niðurstöðu.

- bj / sjá síðu 4

Sáttamiðlun leysir vandann: Brotamenn og þolandur semja

DÓMSMÁL Sátt hefur náðst í öllum málum nema einu af þeim rúmlega þrjátíu sem send hafa verið í svokallaða sáttamiðlun í íslensku réttarkerfi. Dómsmálaráðherra setti af stað tilraunaverkefni árið 2006 þar sem boðið er upp á sáttamiðlun í vissum brotaflokkum en í henni felst að þolandi og gerandi semja sjálfir um málalok. - jse/ sjá síðu 14

Þórhildur Þorleifsdóttir: Leikfélögin að brotna niður

MENNING „Bæði Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur eru að brotna niður sem kompaní,“ segir Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri. Hún segir það vera stóra áhyggjuefni í íslensku leikhúsi í dag, „fyrir utan skort á hugmyndafræðilegri sýn, og þá er ég ekki bara að tala um listræna sýn,“ segir hún. Að sögn Þórhildar eru leikflokkar stóru leikhúsanna orðnir örkompaní, og búið að rjúfa samgang milli kynslóða, sem verði til þess að samhengið í þróun listgreinarinnar rofni. - sjá Menningu

Aldrei meiri eftirspurn: Stækka kampa-vínshéraðið

FRAKKLAND Áform eru nú uppi um það í Frakklandi að stækka héraðið Champagne. Er það gert til þess að verða við vaxandi eftirspurn eftir kampa-víni sem aðeins má framleiða í ákveðnum hlutum héraðsins. Rúmlega 150 milljón flöskur af kampa-víni voru fluttar út í fyrri og hafa aldrei verið fleiri. Til dæmis jókst eftirspurn frá Rússlandi um 41 prósent og á síðustu fimm árum hefur kampa-vínsneysla Kínverja nifaldast. - þeb

VERIÐ VELKOMIN Í SMÁRALIND

OPIÐ 13-18 Í DAG

SPURNING DAGSINS



Þorgils, eruð þið alveg í rusli?

„Já, ætli við endum ekki bara eins og reyktir kjúklingar?“

Jarðeigendur í Rangárfingi ytra og kylfingar eru margir hverjir ósáttir við áform um stækkun ruslahauga og byggingu kjúklingabús við golfvöllinn. Þorgils Torfí Jónsson er oddviti hreppsnefndarinnar.

Afrakstur einkarannsóknar á einu umdeildasta saka- og gjaldþrotamáli síðari ára:

Hafskipsmálið reifað í bók

DÓMSMÁL Hafskipsmálið verður rakið í nýrri bók sem kemur út um mánaðamótin. Þar tekur Stefán Gunnar Sveinsson hagfræðingur saman eitt umdeildasta saka- og gjaldþrotamál síðustu áratuga. Bókin er afrakstur einkarannsóknar sem hópur sérfræðinga hefur gert á málinu, og Fréttablaðið sagði frá.

Erfiðleikar voru í rekstri skipafélagsins Hafskips á árinu 1985 og var það tekið til gjaldþrotaskipta. Fjórir voru dæmdir til refsingar í Hæstarétti árið 1991. Þyngstan dóm hlaut Björgólfur Guðmundsson sem hafði verið forstjóri. Hann fékk tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Í október sagði Fréttablaðið frá því að Hafskipsmennirnir Björgólfur Guðmundsson, Páll Bragi Kristjánsson og Ragnar Kjartansson stæðu að baki ítarlegri úttekt á málinu, sem fjöldi lögfræðinga og sagnfræðinga ynnu að. Samkvæmt heimildum



UPPHAFIÐ Hinn 6. júní 1985 fjallaði Helgarpósturinn um málefni Hafskips í grein sem bar yfirskriftina „Er Hafskip að sökkva?“ Í kjölfar greinarinnar upphófst mikil umræða um málið, bæði í fjölmiðlum og á Alþingi.

Fréttablaðsins er bókin, sem heitir „Afdrif Hafskips í boði hins opinbera“, afrakstur þessarar rannsóknar.

„Við skulum segja að þetta sé fyrst og fremst skilmerkileg samantekt á málinu en ég er klár á því að augu margra munu opnast þegar bókin kemur út,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, útgáfustjóri JPV sem gefur bókina út. „Þarna verður fjallað um ýmislegt sem hefur ekki komið fram.“

- sfs

Háskólakennari á Ítalíu:

Gefur út bók um mafíuna

ÍTALÍA Háskólakennarinn Augusto Cavadi hefur gefið út handbók um mafíuna, Cosa Nostra, sem hefur aðsetur á Sikiley. Hann hafði fengið nóg af því að svara sífellt spurningum um mafíuna og brá því á það ráð að skrifa 55 blaðsíða handbók um hana.

Cavadi er kennari í afbrotafræðum og sérfræðingur um mafíuna. Í bókinni svarar hann spurningum eins og þeirri hvort mafían drepi presta, konur og börn, og hvort guðaforir mafíunnar líti í raun út eins og Marlon Brando. Þá er listi yfir bækur og kvikmyndir sem höfundurinn segir gefa raunseja mynd af mafíunni.

- þeb



MÓTMÆLT VIÐA UM HEIM Þessir mótmæltu fyrir utan kínverska sendiráðið í Berlín í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Útlagastjórn Tíbeta:

Segja hundruð hafa látið lífið

KÍNA, AP Yfirvöld í Tíbeta hafa gefið mótmælendum frest fram á mánudag til þess að gefast upp og hætta mótmælum. Þá hefur einnig verið lokað fyrir símasamband við útlönd úr héraðinu.

Stjórnvöld segja að tíu manns hafi látið lífið í átökum síðustu daga. Útlagastjórn Tíbeta segir þrjátíu manns látna og að óstaðfestar heimildir hermi að hundruð til viðbótar séu látin.

Mótmæli til stuðnings frelsisbaráttu Tíbeta hafa farið fram víða um heim síðustu daga. Komuð hefur til átaka mótmælenda við lögreglu í Ástralíu, Indlandi, Nepal, Sviss og í New York í Bandaríkjunum.

- þeb

Fjögurra ára stúlka á Akureyri:

Sex metra fall úr rúllustiga

LÖGREGLUMÁL Fjögurra ára gömul stúlka féll niður úr rúllustiga í verslun Rúmfatalagersins á Glerártorgi í gær. Fallið var um sex metra niður á teppalag golf. Stúlkan var með ættingjum sínum í versluninni en ekki er vitað nákvæmlega hvernig slysið bar að, að sögn lögreglu.

Stúlkan var flutt á slysaeyld Sjúkrahússins á Akureyri en að sögn lögreglu var hún ekki alvarlega slösuð.

- þeb

Jafn óþægilegt fyrir skólann og Hannes

Prófessor við HÍ segir hallærislegt að skólinn hafi ekki fjallað um mál Hannesar, að fimm árum liðnum. Hannes hafi einnig tekið mikið frá fræðimönnum. Rektori svarar engu um trúverðugleika skólans en tekur dóminn alvarlega.

MENTUN Dómurinn yfir Hannesi Hólmsteini Gissurarsoni er ekki síður óþægilegur fyrir Háskóla Íslands en fyrir Hannes, að mati Helgu Kress, prófessors við Háskóla Íslands og höfundar skýrslu um vinnubrögð Hannesar. Hannes hefur verið dæmdur til að greiða Auði, ekkju Halldórs, eina og hálf milljón fyrir að nýta sér texta Halldórs í heimildarleysi er hann skrifaði ævisögu hans.

Hannes er prófessor við Háskóla Íslands og fellur því undir siðareglur skólans. Í kafla þeirra um heiðarleika segir að kennarar setji ekki fram hugverk annarra sem sín eigin.

Helga sendi á föstudag bréf til Kristínar Ingólfssdóttur rektors HÍ og þar furðaði hún sig meðal annars á viðbrögðum rektors við dómnum. Starfsmenn Háskólans fengu afrit af bréfinu.

Hún bendir á að skólinn hljóti að bera ábyrgð á því að starfsmenn hans séu hæfir og kunni að vinna rétt. Málið hafi komið upp í háskólanum fyrir fimm árum en verið þaggað niður.

„Það er fyrst núna þegar það er kominn dómur að svo virðist sem



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR



HELGA KRESS

eigi að fara að taka á því,“ segir hún.

Málið snúist ekki um að Hannes hafi ekki getið heimilda, heldur að hann hafi gert annarra manna texta og rannsóknir að sínum.

„Það sem Hannes tekur frá Halldóri er varla nema þriðjungur af öllu því efni sem hann tekur frá öðrum, bæði rithöfundum og ekki síst fræðimönnum. Mest tekur hann frá Peter Hallberg, úr grundvallarritum hans um Halldór,“ segir Helga.

EFTIR HVERN?

Peter Hallberg:

„Aðalpersónan í Barni náttúrunnar, Randver Ólafsson, er ungur og glæsilegur Íslendingur sem hefur efnað á fasteignasölu vestur í Ameríku. Hann snýr heim til Íslands, búinn að glata barnatrú sinni og vonsvikinn á ástinni,“ (Vefarinn mikli, bls. 24)

Hannes Hólmsteinn:

„Önnur aðalsöguhetjan, Randver Ólafsson, er ungur og myndarlegur Íslendingur, sem hefur efnað á fasteignasölu í Vesturheimi. Hann hefur glatað barnatrú sinni og orðið fyrir vonbrigðum í ástamálum,“ (Halldór, bls. 100)

Heimild: www.hi.is/~helga/skyrsla.htm

Háskólinn stefnir á að komast í hóp hundrað bestu skóla í heimi en rektor, Kristín Ingólfssdóttir, vill ekki svara því hvort hún telji ritstuld prófessors skaða trúverðugleika stofnunarinnar. Enn sé of snemmt að bregðast við dómnum, en hún taki hann mjög alvarlega.

Spurð hvers vegna skólinn hafi ekki tekið á málinu sjálfur, segir hún einungis að málið hafi á sínum tíma komið fyrir síðanefnd en þá hafi verið ákveðið að bíða úrskurðar almennra dómstóla.

Um hvers vegna ekki hafi verið brugðist við 270 síðna skýrslu Helgu Kress á sínum tíma, segir rektor að hún geti ekki svarað fyrir fyrrverandi háskólayfirvöld.

Kristínu er ekki kunnugt um hvort Hannes er æviráðinn eður ei og segir það ekki skipta höfuðmáli.

„Mál af þessu tagi fara í sérstakan farveg, hvort sem starfsmenn eru æviráðnir eða ekki,“ segir hún.

klemens@frettabladid.is



ÚRSLITAKVÖLDIÐ Tíu hljómsveitir komust í úrslit Músiktilrauna, en úrslitakeppnin fór fram í Listasafni Reykjavíkur í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Úrslitakvöld Músiktilrauna:

Agent Fresco besta sveitin

TÓNLIST Hljómsveitin Agent Fresco fór með sigur af hólmi í Músiktilraunum 2008, en úrslitakvöld keppinnar fór fram í gærkvöldi. Að auki voru besta trommarinn, besti bassaleikarinn og besti gítarleikarinn allir úr sigurhljómsveitinni.

Í öðru sæti urðu þau Óskar Axel og Karen Páls, sem einnig fengu viðurkenningu fyrir textagerð á íslensku. Í þriðja sæti var hljómsveitin Endless dark. Hljómsveit fólksins var svo valin The Nellies. Besti hljómborðsleikarinn var Þórður Sigurðsson úr Blæti og besti söngvarinn Dagur Sigurðsson úr Happy Funeral.

- þeb

Mótmæli í miðbænum í gær:

Stríðinu í Írak verður að linna

UTANRÍKISMÁL Vel á annað hundruð manns mótmælti Íraksstríðinu í miðbæ Reykjavíkur í gær, undir yfirskriftinni „Stríðinu verður að linna!“

Þau Hjalti Hugason prófessor og neminn Steinunn Rögnvaldsdóttir ávörpuðu mannfjöldann á Ingólfs-torgi við góðar undirtektir.

Þess má geta að Samtök hernaðarandstæðinga hafa sent utanríkisráðherra tillögur um hvernig megi koma á friði í Írak.

- kóp

Vinstri grænir segja heilbrigðisstofnanir í spennitreyju, ráðherra vísar því á bug:

VG beinir spjótum að Guðlaugi Þór

HEILBRIGÐISMÁL Þingflokkur Vinstri grænna segir mikilvægustu heilbrigðisstofnunum landsmanna haldið í fjárhagslegri spennitreyju. Upplausnarástand hafi skapast í heilbrigðiskerfinu vegna framgöngu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra.

„Vinstrihreyfingin - grænt framboð mun ekki láta ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar komast þegjandi og hljóðalaust upp með að vinna óbætanleg skemmdarverk á heilbrigðiskerfinu og flæma þaðan burtu í stórum stíl mestu verðmæti þess, starfsfólkið,“ segir í ályktun þingflokksins.

Sjálfur þvertetur Guðlaugur fyrir að heilbrigðisstofnanir séu í fjárhagslegri spennitreyju. Fjárhéimildir til Landspítalans hafi þvert á móti verið auknar í fjárlögum og fjárukalögum. „Ég hvet menn til að skoða úttekt Efnahags- og framfarastofnunar OECD á heilbrigðismálum,“ segir hann. „Þar bendir ekkert til þess að heilbrigðiskerfið hafi þurft að þola fjársveltí eða niðurskurð.“

Guðlaugur bætir við að menntunar- og mönnunarmál séu tvö af þeim stóru verkefnum sem heilbrigðisþjónustan þurfi að takast á við. „Það er eitthvað sem við tökum mjög alvarlega, og munum fara í þær ráðstafanir sem við teljum að muni hjálpa til við að mæta því.“

- sfs



LANDSPÍTALINN í ályktun þingflokks Vinstri grænna segir að vinnuálag fari þegar vaxandi á undirmönnuðum deildum heilbrigðisstofnana og vöktum sé breytt í óþökk starfsfólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Gott í helgarmótinn



Úr Kjötbörðinu Noatúns

TILBOÐ!

498 kr.

29% afsláttur

Grísabógur hringskorinn

NÓATÚN


www.noatun.is

LETTIR PÉR LÍFIÐ

PÁSKASÝNING TOYOTA

KOMDU OG UPPLIFÐU FRÁBÆRA
PÁSKASTEMNINGU

PÁSKAVIKA TOYOTA NÆR HÁMARKI



Úrval spennandi tilboða á nýjum og glæsilegum bílum alla vikuna.

Allt að 90% fjármögnun.

Komdu og reynsluaktu. Þú getur unnið ferðavinning til Evrópu fyrir tvo.

Léttar veitingar í boði.

Gaggandi páskatilboð til 19. mars.

Opið í dag:
Kópavogi 13 – 16
Austurlandi 13 – 16


Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

TODAY TOMORROW  TOYOTA

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	69,78 70,12
Sterlingspund	141,51 142,19
Evra	108,56 109,16
Dönsk króna	14,554 14,64
Norsk króna	13,637 13,717
Sænsk króna	11,477 11,545
Japanskt jen	0,6933 0,6973
SDR 114,1 114,78	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 140,8457	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

HLUTFALL PEIRRA SEM ERU MJÖG EÐA FREKAR ANDVÍGIR SÖLU Á BJÖR OG LÉTTVÍNI Í MATVÖRUVERSLUNUM



Könnun Lýðheilsustöðvar:

Fleiri andvígir bjórssölu

NEYTENDAMÁL Fleiri eru nú andvígir sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum en áður. Eru þetta niðurstöður könnunar sem Gallup gerði fyrir Lýðheilsustöð 9. til 22. janúar síðastliðinn.

Hefur hlutfall þeirra sem andvígir eru sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum hækkað úr 19 prósentum árið 2005 í 35 prósent nú. Samtals eru rúm 47 prósent mjög eða frekar andvíg sölu á bjór og léttvíni í verslunum en tæp 47 prósent mjög eða frekar hlynt henni. Úrtak var 1.350 manns á landinu öllu og var svarhlutfall 61,1 prósent.

Lögreflugfélag Reykjavíkur:

Lýstu áhyggjum á ráðherrafundi

LÖGREGLUMÁL Lögreflugfélag Reykjavíkur mótmælir þeirri skerðingu sem hefur orðið á löggæslu við sameiningu embættanna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er meðal þess sem kom fram á fundi Óskars Sigurpálssonar, formanns félagsins, og Karls Jóhanns Sigurðssonar varaformanns með Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra á föstudag.

Samkvæmt tilkynningu var ráðherranum gerð grein fyrir því að lögreglumenn skorti í nánast allar deildir, en þó sérstaklega í almenna deild. Þar sé fjöldi lögreglumanna nú sá sami og hann var í Reykjavík fyrir sameiningu.

Íslenskur karlmaður tekinn með fíkniefni í tollaeftirliti í Leifsstöð:

Með amfetamín og kannabisfræ

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður var tekinn með fíkniefni í hefðbundnu tollaeftirliti í Leifsstöð á fimmtudag. Hann reyndist vera með tæplega 200 grömm af amfetamíni og slatta af kannabisfræjum. Efnunum hafði maðurinn komið fyrir innan nærklæða sinna.

Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, var að koma frá Kaupmannahöfn þegar hann var handtekinn. Fíkniefnahundur tollgæslunnar merkti við hann og yfirheyrslur hafa reynt að smygla efnunum inn til að koma þeim í verð og borga fíkniefna-



LEIFSTÖÐ Maðurinn kom með flugi frá Kaupmannahöfn.

skuld með ágóðanum. Manninum var sleppt eftir yfirheyrslur og telst málið upplýst.

Lögregla og tollgæsla á Suðurnesjum hafa upplýst allmörg stór fíkniefnamál á síðustu mánuðum. Má þar nefna Gambíumann sem kom hingað til lands 13. desember með 300 grömm af kókaíni í fórum sínum. Þjóðverji var tekinn með 23 þúsund e-töflur sem hann leyndi í farangri sínum. Loks var Lithái tekinn með 350 grömm af amfetamíni. Auk þessa er til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu hraðsendingarmál þar sem Tollgæslan tók um fimm og hálf kíló af hörðum fíkniefnum sem komu hingað til lands frá Þýskalandi. - jss

Skýr réttur til að kæra álit um álver

Kæra Landverndar vegna álvers í Helguvík kom ekki of seint og ljóst er að samtökin eiga rétt á að kæra, að mati dósents í lögfræði. Augljóst að Skipulagsstofnun tók ákvörðun sem er kæránleg. Brynt er að lagalegri óvissu verði eytt.

SKIPULAGSMÁL Kæra Landverndar vegna álvers Norðuráls í Helguvík er ekki of seint fram komin, eins og forsvarsmenn Norðuráls hafa haldið fram í fjölmiðlum. Þá er skýrt að samtökin hafa rétt á að kæra. Þetta segir Aðalheiður Jóhannsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur í umhverfisrétti.

Landvernd kærði þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að ekki þurfi að fjalla saman um umhverfisáhrif allra framkvæmda sem tengjast álveri í Helguvík, svo sem rafmagnslína, virkjana og fleira. Kæran var vegna álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 4. október 2007 og er send umhverfisráðherra 10. október.

Deilt er um hvort Skipulagsstofnun hafi í raun tekið ákvörðun um það að ekki ætti að fjalla um alla þætti framkvæmdarinnar saman. „Það er mín skoðun að kærán sé ekki of seint fram komin, og að þarna sé um að ræða kæránlega ákvörðun,“ segir Aðalheiður. „Að mínu mati er það rétt hjá Landvernd að í áliti Skipulagsstofnunar frá 4. október er í raun að finna niðurstöðu á þessu tiltekna álitaefni. Stofnunin afgreiðir þetta atriði inni í álitinu og byggir það fyrst og fremst á því að það séu svo miklir óvissuþættir að ekki sé hægt að láta meta þetta saman,“ segir hún.

„Meðal annars kemur fram í áliti Skipulagsstofnunar að stofnunin hafi ekki vitað hvernig átti að leysa úr þessu álitaefni. En það er enginn vafi í mínum huga að í áliti stofnunarinnar leynist kæránleg ákvörðun um þetta tiltekna atriði,“ segir Aðalheiður.



FRAMKVÆMDIR Þau Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Oddný Harðardóttir, bæjarstjóri í Garði, afhentu Ragnari Guðmundsson, forstjóra Norðuráls, byggingarleyfi vegna álvers í Helguvík á föstudag.

SVIPAÐ MÁL VEGNA GRUNDARTANGA

Krafa um að umhverfisáhrif allra framkvæmda sem tengjast uppbyggingu álvers yrðu metnar saman kom einnig fram við undirbúning álvers Norðuráls á Grundartanga.

Hinn 19. febrúar 1996 féllst skipulagsstjóri á þá kröfu Náttúruverndarráðs að láta meta áhrif álversins, hafnarinnar, rafmagnslína og efnistöku saman. Rétt er að taka fram að þá voru önnur lög um mat á umhverfisáhrifum í gildi.

Þeim úrskurði var skotið til þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, sem féldi úr gildi þann hluta úrskurðar skipulagsstjóra sem varðaði sameiginlegt mat allra þátta.

Aðalheiður Jóhannsdóttir, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, segir ljóst að eins og lögin voru árið 1996 hafi ekki verið heimilt að krefjast þess að allir þættir framkvæmdarinnar væru metnar saman. Það sé hins vegar heimilt nú.

„Þetta er að að sjálfsögðu grundvallaratriði, og það má velta því fyrir sér hvort stofnunin hefði ekki átt að útljúka þetta tiltekna atriði í miðri málsmeðferðinni með formlegri ákvörðun, jafnvel þó það hafi ekki verið bein lagaheimild til þess,“ segir hún.

Þá hefðu umhverfisverndarsamtök og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta getað kært það atriði strax, og umhverfisráðherra kveðið upp

úrskurð um þennan tiltekna þátt miklu fyrr.

Ljóst sé að lagaleg óvissa sé um það hvenær fjalla átti um málið, og brynt að löggjafinn eyði þeirri óvissu á þann hátt að setja inn nákvæmari málsmeðferðarreglur hvað varðar aðra málsgrein fimmtu greinar laga um mat á umhverfisáhrifum, sem vísað er í kærnu Landverndar, segir Aðalheiður.

brjann@frettabladid.is

Voru á 110 kílómetra hraða:

Ungir ökuþórar misstu prófið

LÖGREGLUMÁL Tvö ungmenni voru svipt ökuréttindum vegna hraðaksturs í Reykjavík á föstudagskvöld. Bæði mældust þau á 110 kílómetra hraða á klukkustund en hámarkshraði er fimmtíu kílómetrar á klukkustund.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu var stúlka undir títugum stöðvuð við Fiskislóð um klukkan ellefu um kvöldið. Hún var svipt ökuleyfinu á staðnum.

Hinn ökuþórin, piltur á svipuðum aldri, var tekinn þremur tímum síðar við Ánanaust þar sem hann var í spyrnakeppni. Hann var sömuleiðis sviptur ökuleyfinu á staðnum. - sþs



SÆRDUM KOMIÐ TIL HJÁLPAR Særdum manni er hjálpað út úr bíl og inn á sjúkrahús eftir sprengingarnar í Albaníu í gær. Að minnsta kosti 200 særdust og fimm létust í sprengingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

Slys í hergagnabirgðastöð:

200 særdir eftir sprengingar

ALBANÍA, AP Að minnsta kosti fimm létust og um 200 særdust í gríðarlegum sprengingum í hergagnabirgðastöð í Albaníu í gær. Á meðal hinna særðu eru fjölmörg börn.

Sprengingarnar urðu í nágrenni höfuðborgarinnar Tirana. Ekki er vitað fyrir víst hvað olli upphaflegu sprengingunni, en BBC fréttastofan hefur greint frá því að sérfræðingar hafi verið að taka í sundur skotfæri þegar sprengingin varð.

Fleiri sprengingar urðu í kjölfar þeirrar fyrstu og héldu skotvopn áfram að springa í nokkrar klukkustundir á eftir. - þeb

Rússneskur bloggari ákærður:

Bloggari vill brenna löggur

RÚSSLAND, AP Saksóknarar í Rússlandi hafa ákært þarlandan bloggara fyrir hatursfull ummæli um lögregluna á bloggsíðu sinni. Þetta er í fyrsta sinn sem bloggari sætir ákæru fyrir skrif sín í Rússlandi.

„Þeir sem gerast löggur eru einfaldlega úrþvætti, heimskir og ómenntaðir fulltrúar dýraríkisins,“ skrifaði bloggariinn. „Það væri gott ef í hverjum rússneskum bæ væri brennsluofn, eins og í Auschwitz þar sem daglega eða tvisvar á dag væru brenndar heiðnar löggur.“ - sjg

Kjöt & Fiskertorgið

Alltaf ferskt

Lambainnalæri

2.298 kr/kg
Verð áður 3.281.-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEÐURSPÁ

Elin Björk Jónsdóttir
Veðurfræðingur

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	8°
Billund	7°
Ósló	7°
Stokkhólmur	5°
Gautaborg	7°
London	11°
Paris	13°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	9°
Berlín	8°
Alicante	20°
Mallorca	22°
Bassel	13°
Eindhoven	21°
Las Palmas	8°
New York	31°
Orlando	15°
San Francisco	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HITI HÆKKAR LÍTILLEGA Það verður áframhald á fallega veðrinu í dag en á morgun fer þykknar smám saman upp og á þriðjudag og miðvikudag má búast við úrkomu víða um land.

Á MORGUN
Hæg breytileg átt.

ÞRIÐJUDAGUR
Hæg SV-átt um allt land.

L200 TORNADO

Þessi kraftmikla sérútgáfa af L200 er aðeins fánleg í takmarkaðan tíma. Tryggðu þér eintak af þessum glæsilega og örugga pallbíl á ótrúlegu verði.

★★★★
Öruggasti
pallbíllinn
skv. EURO
NCAP



FILTON/SIA

VERÐ Á BEINSKIPTUM L200 TORNADO FRÁ
3.290.000 kr.
SJÁLFSKIPTUR 3.390.000 KR.

Yfirburðir L200 eru ótvíræðir

Hann ber meira á palli en aðrir, minnsti beygjuradius í sínum flokki, mesta fótaplássíð, öruggasti pallbíllinn skv. Euro NCAP, 167 hestöfl, dregur 2.700 kg, fæst með 33", 35" og 38" breytingum, Super Select® 4x4 fjölvalsdrif, spólvörn og hiti í sætum og speglum.



*Krómgrind innifalin í pakka. Bættu við 80.000 kr. fyrir lok eða 170.000 kr. fyrir pallhús.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



KJÖRKASSINN



Liggur meira á Vaðlaheiðar-göngum en Sundabraut?

Já 27,4%
Nei 72,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Líst þér vel á að lögreglan noti valdbeitingarhunda?

Segðu þína skoðun á



Skuldastaða breska ríkissjóðsins stórversnar samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi:


Kreppan sverfur af hagvexti

BRETLAND, AP Alistair Darling, sem tók við af Gordon Brown sem fjármálaráðgjafi er hann flutti sig yfir í forsætisráðuneytið í fyrra, lækkaði hagvaxtarvæntingar og boðaði auknar lántökur breska ríkissjóðsins er hann kynnti fyrsta fjárlagafrumvarp sitt í vikunni.

Efnahagslegar kringumstæður fjárlagagerðarinnar fyrir fjárlagaárið 2008 eru þær erfiðustu síðan Verkamannaflokkurinn komst til valda fyrir ellefu árum. Ræður þar mestu alþjóðlega lánsfjárrörðin vegna undirmálslánakreppunnar í Bandaríkjunum, og háar skuldir ríkissjóðs sem hrönnuðust upp í embættistíð fyrirrennans.

En í stað þess að einblína á þessa neikvæðu þætti lagði Darling áherslu á ráðstafanir sem stuðluðu að umbótum í umhverfis- og félagsmálum, þar á meðal hækkun skatta á áfengi og eyðslufreka bíla.

„Þetta eru ábyrg fjárlög, til þess fallin að tryggja stöðugleika Bretlands andspænis hnattrænni óvissu,“ tjáði ráðherrann þingheimi. Er hann kynnti endurskoðaða hagspá ríkisstjórnarinnar með lækkuðum hagvaxtarhorfum lagði hann áherslu á að Bretland væri ekki eitt um að eiga í vanda vegna alþjóðlegu lánsfjárröppunnar.



TIL ÞINGS Alistair Darling með fjárlaga-töskuna góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Purftu að rífa þakið af:

Bústaður brann í Skorradalnum

BRUNI Eldur kviknaði í mannlásum sumarhúsi í Skorradal á föstudagskvöld. Það tók slökkvilið í Borgarnesi tæpan klukkutíma að ráða niðurlögum eldsins. Bústaðurinn er talinn ónýtur.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu varð reyks vart um klukkan hálf sjö. Í fyrstu var talið að hitaleiðsla hefði farið í sundur. Um leið og ljóst var að eldur var í húsinu, sem stendur á landi Mófellsstaða, voru dælu- og tankbilar sendir á staðinn.

Rífa purfti þak og eina hlið af húsinu. Upptök eldsins eru í rannsókn hjá lögreglu.

- sþs



ÚTBLÁSTUR Stefnir er að vistvænna gjaldheimtukerfi.

Gjaldheimta af bílum:

Vinnuhópur skilar af sér

SKATTAMÁL Stjórnskipaður vinnuhópur, sem falið var að gera tillögur að samræmdu kerfi gjaldheimtu til að hvetja til aukinnar notkunar umhverfisvænni farartækja og eldsneytis, mun skila tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir páska. Þetta staðfesti Ingvi Már Pálsson, formaður vinnuhópsins, í samtali við Fréttablaðið.

Til stendur að á grundvelli tillagna vinnuhópsins verði saminn ný lög sem gengið geti í gildi um næstu áramót.

- aa

SAMSKIPTI

Sprenghópur í samband

GSM-samband er nú í fyrsta sinn komið á Sprengisand, Fljótni í nágrenni Siglufjarðar og á Gemlu-fallsheiði milli Þingeyrar og Flateyrar. Tæknimenn Vodafone hafa sett upp senda á þessum svæðum.

Hafrannsóknastofnun:

Togaraðall í fullum gangi

SJÁVARÚTVEGUR Togaraðall, eða stofnmæling á botnfiski á Íslandsmiðum, er nú í fullum gangi en það hófst í febrúarlök. Að sögn Jóhanns Sigurjónssonar, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, munu niðurstöður mælinga og aldursgreininga liggja fyrir í byrjun næsta mánaðar en stofnmatið sjálft í lok maí eða byrjun júní.

Rannsóknarskipið Árni Friðriks-son hefur tekið þátt í togaraðallinu en það hefur þó aðallega verið við loðnuleit úti fyrir Vestfjörðum. Að sögn Jóhanns hefur ekkert fundist sem gefur til kynna að vesturganga sé á næsta leiti.

- js

Endurgreiðslur TR:

Um 32 þúsund fá 72 milljónir

TRYGGINGAMÁL Um þessar mundir er Tryggingastofnun að endurgreiða 32 þúsund sjúkratryggðum einstaklingum kostnað vegna heilbrigðisþjónustu, samtals að upphæð um 72 milljónir króna.

Um er að ræða greiðslur sem viðtakendur hafa greitt umfram hámarkskostnað og sem þeir hefðu væntanlega ekki endurheimt ef ekki væri fyrir nýlegt sjálfvirkt greiðslufyrirkomulag. Þessar endurgreiðslur nema í heild rúmlega 72 milljónum króna.

- js



GLAÐIR Í BRAGÐI Þessir menn virðast bjartsýnir þrátt fyrir ástandið sem ríkt hefur í Afganistan síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUDSTEINN

Bjartsýni í Afganistan

Yfirmenn NATO í Afganistan telja andstæðingana ekki líklega til stórræða á næstunni, þrátt fyrir reglulegar fréttir af sprengjuárásum og átökum við andspyrnuhópa.

KABÚL „Það eina sem uppreisnarmennirnir gera betur en við er að vekja athygli fjölmiðla,“ segir Carlos Branco, herforingi og talsmaður ISAF, hins alþjóðlega gæsluliðs NATO í Afganistan, í samtali við Fréttablaðið.

„Og þótt fréttir berist stundum af auknum átökum, þá stafar það ekki af því að árásum þeirra hafi fjölgað heldur erum það við sem tökum frumkvæðið og ráðumst á þá,“ segir hann.

Þegar rætt er við fulltrúa alþjóðlega gæsluliðsins í Afganistan er ekki að heyra að þeir séu sérlega svartsýnir á ástandið.

Að vísu segjast þeir reikna með að það taki áratugi að koma Afganistan nokkurn veginn á réttan kjöl eftir þrjátíu ára stríðsástand, en af átökum við talibana og aðra uppreisnarhópa næstu misserin hafa þeir litlar áhyggjur.

Branco segir að í september 2006 hafi orðið straumhvörf í baráttunni



HÖFUM YFIRHÖNDINA Carlos Branco herforingi, talsmaður ISAF, hins alþjóðlega gæsluliðs NATO í Afganistan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUDSTEINN

við uppreisnarhópana. Eftir það hafi alþjóðaliðið í Afganistan í raun haft yfirhöndina.

Ástandið nú sé allt annað en í byrjun síðasta árs, þegar þeir virtust vera að sækja í sig veðrið og búist var við hörðum átökum.

„Árið 2007 var alltaf verið að spá nýrri hrinu árása frá þeim: vorherferð, sumarherferð og haustherferð, en aldrei varð neitt úr því.“

Einstaka árásir hafi verið bundnar við tiltölulega fá svæði í suðurhluta landsins. Í norðanverðu Afganistan hafi ekkert orðið vart við starfsemi uppreisnarmanna í seinni tíð.

Sprengjuárás í Kabúl á fimmtudagsmorgun, skömmu áður en hópur íslenskra fjölmiðlamanna kom þangað, sýnir þó að fáu er að treysta. Höfuðborgin er eitt af þeim svæðum í landinu, þar sem allt getur gerst. Árásin, sem er ein sú alvarlegasta í Kabúl í langa hríð, varð átta manns að bana og fimmtán særðust.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðgjafi er væntanleg í þriggja daga heimsókn til Afganistans, dagana 17.-19. mars.



GUDSTEINN BJARNASON SKRIFAR FRÁ AFGANISTAN gudsteinn@frettabladid.is

Stefnir í metár í bankaránum í bylgju sem ríður yfir Svíþjóð:

Bankarín annan hvern dag

SVÍÐJÓÐ Mikil bylgja bankarána ríður yfir Svíþjóð. Bankarín hafa verið framín þar annan hvern dag það sem af er þessu ári, eftir því sem kemur fram í sænska dagblaðinu Aftonbladet. Tuttugu og níu bankar hafa þegar verið rænd-

ir á árinu, á 59 opunardögum bankanna.

Frá árinu 2000 hafa verið framín frá tuttugu og fjórum upp í fimmtíu bankarín á ári í Svíþjóð. Það sem af er þessu ári hafa bankarínin verið 29, eða annan hvern dag. Swedbank hefur oftast orðið fyrir bardönu á ræningjum. Ef ránatíðin helst svipuð út árið verða ránin orðin um 140 talsins í árslok, sem yrði algert met.

„Ein af ástæðum þess að ránin eru svona tíð er sú að ræningjarnir fá svo lítið af peningum í hvert skipti. Þeir verða því að ræna fleiri banka,“ segir Thord Modin, yfirmaður í sænsku rannsóknarlögreglunni.

Um skipulagða glæpastarfsemi er að ræða sem talið er að nái til um 600 einstaklinga. Talið er að



METÁR? Ýmislegt bendir til að metár verði í bankaránum í Svíþjóð ef fram heldur sem horfir.

sömu menn standi á bak við bankarínin. Þarna séu fyrst og fremst félagsmenn mótorhjólaklúbba á ferð. Í um helmingi tilfella hefur einhver verið handtekinn og í nokkrum tilfellum hafa menn verið ákærðir.

- ghs

+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is eða í síma 50 50 100

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOD!

Vortilboð:
KAUPMANNAHÖFN
Verð frá 8.800 kr.*



WWW.ICELANDAIR.IS

* Innifalið í verði: Flug aðra leiðina, flugvallarskattar og gjöld. Sölu tímabil: 13.-16. mars. Ferðatímabil: 1.-30. apríl.

Páskamarkaður

Allt fyrir
útiveruna
á frábæru verði

TBWAVEYKJAVIK | SIA | 080358

 **Columbia**
Sportswear Company

DEVOLD

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Columbia-flíspeysa



verð áður 9.439 kr.

Tilboð 5.695 kr.

Columbia-flísjakki



verð áður 9.439 kr.

Tilboð 5.695 kr.

Columbia-jakki



verð áður 11.990 kr.

Tilboð 7.295 kr.

Columbia-peysa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Columbia softshell-
jakki



verð áður 12.990 kr.

Tilboð 7.795 kr.

20%
afsláttur af
Devold fatnaði



Columbia-jakki

verð áður 17.990 kr.

Tilboð 10.995 kr.

Columbia-strákaúlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Columbia-stelpuúlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Didriksons-úlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 7.995 kr.

Viking-kuldaskór barna



verð áður 9.890 kr.

Tilboð 7.995 kr.

Nú er tækifærið að græja sig fyrir lítinn pening. Snjórinn bítur ekki á þig í vetrarfátnaði frá okkur. Komdu við og kynntu þér úrvalið og klæddu þig upp fyrir skíðaævintýrin um páskana.

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16

Dómarar á krossgötum:

Stanz!

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Umferðarmerki eru eitt af þessum fyrirbrigðum daglegrar tilveru sem gerð eru eftir alþjóðlegum stöðlum. Sú var tíð að við áttum séríslensk umferðarmerki. Sum þeirra höfðu meiri varnaðaráhrif en þau stöðluðu. Þegar komið var að aðalbraut blasti til að mynda viðmerki þar sem lettrað var stórum stöfum: Stanz. Það var sterk viðvörðun um aðgæslu.

Umræður um hlutverk dómara og þátttöku í því sem kalla má upplýsingu á viðhorfum þeirra í samtímanum hafa verið býsna líflegar upp á síðkastið. Með hæfilega einfaldri líkingu má segja að sú umræða hafi fært dómstólana að krossgötum. Á þeim færi vel að hafa þetta gamla umferðarmerki svo að dómarar ani ekki í einhverju ódagoti út á aðalbraut dægurumræðunnar í samfélaginu.

Upphaf þessa máls voru ummæli hæstaréttardómara í um margt athyglisverðu viðtali í þessu blaði. Honum verður ekki gerður upp ásetningur um að vilja draga viðhorf dómara inn í þjóðmálaumræðuna. En einsleit og víðtæk þverpólítísk viðbrögð við ummælum hans kalla á nokkur varúðarsjónarmið.

Hvaða rök standa til þess að viðhorf dómara eigi að vera öllum kunn? Hverju á það að breyta? Hvaða þörf er á því að dómarar séu þjóðþekktir eins og ráðherrar eða sjónvarpsþulir? Sannleikurinn er sá að hvorugt skiptir máli varðandi traust á dómstólunum.

Ekki ætla menn að láta dómara koma og fara eftir viðhorfum þeirra. Ekki ætla menn að rökræða niðurstöður dómstóla út frá því úr hvaða viðhorfaflokki dómarar í einstökum málum koma. Ekki ætla menn að kalla á að í einstökum málum verði farið að krefjast viðurkenningar á vanhæfi dómara vegna þekktra viðhorfa þeirra.

Kjarni málsins er sá að dómarar eiga einungis að dæma eftir lögnum. Öll embættisfærsla þeirra lýtur þeirri stjórnarskrárbundnu takmörkun. Eðli máls samkvæmt reynir oft á túlkun laga við ákvörðun dóma. Hún ræðst ekki af frjálsu mati. Þvert á móti verður hún að byggjast á viðurkenndum aðferðum lögfræðinnar. Sama á við um sönnunarmat.

Persónuleg viðhorf dómara eiga með öðrum orðum ekki að ráða niðurstöðum dóma. Þó að aldrei verði komist hjá því að dómstólar móti réttarþróun að einhverju marki má það ekki verða til þess að veikja löggjafarvaldið með því að það færir í vaxandi mæli til dómstólanna. Hætta er á að almenn viðhorfaumræða dómara ýti undir slíkan feril. Það er óæskilegt.

Forsendur dóma þurfa vissulega að vera skýrar. Dómsniðurstöður verða heldur ekki undanþegnar gagnrýni. En það er ekki hlutverk dómara að bæta úr vanþekkingu þeirra sem lesa dóma eða draga jafnvel ályktanir af þeim án þess að lesa.

Í þeim tilvikum sem mönnum þykir sem dómari beri vott um tímaskekkju er í flestum tilvikum rétt að beina gagnrýninni að löggjafanum. Sama er að segja um réttlætið. Það er fyrst og fremst á ábyrgð löggjafans að sjá svo um að löggjöfin fullnægi viðurkenndum sjónarmiðum um það mikilvæga efni.

Umræða um dómsúrlausnir og lögfræðileg álitæfni er mikilvæg í sérhverju réttarríki. En að öllu virtu er þátttaka dómara í almennri dægurumræðu og reifun þeirra á eigin viðhorfum á þeim vettvangi ekki líkleg til að bæta álit á dómstólunum. Vænlegra til að viðhalda trausti er að þeir standi þar hlémeigin hér eftir sem hingað til. Alltént er ástæða til að gæta að varúðarmerkjum áður en haldið er út á þessa braut.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ólíkt hafast menn að

Aðkoman að vinnustöðum getur verið æði misjöfn. Á Patreksfirði hefur svokallaður leyningur tekið sig til og skilið eftir kassa með gulum borðum fyrir utan vinnustaði þar í bæ. Með kassanum var miði með kærleiksrikum skilaboðum. Fyrir framan Stjórnarráð Íslands í Reykjavík var aðkoman ekki jafn spennandi í gær en þar hafði verið skilin eftir líkkista. Í henni voru spjöld með nöfnum Íraka sem fallið hafa í stríðinu þar á landi. Það er því mun viðkunnanlegra að vinna fyrir vestan um þessar mundir.



Brandarinn hans Björns

Bubbi Morthens hefur verið áberandi í umræðunni síðan menn felldu misjafna dóma um þáttinn hans Bandið hans Bubba. Í þættinum í fyrradag nýtti svo kóngurinn tækifærið þegar keppendur stóðu sig vel og sagði þá réttlæta tilvist þáttarins. Hvað segja gagnrýnendur við því?

Björn Jörundur var sprækur í þættinum og notaði tækifærið til að segja brandara sem lýsir umræðu síðustu misserin ágætlega. Hann kastaði upp 50 kalli en upp kom 10 kall enda efnahagsástandið orðið afar slæmt.

REI-skýrslan kennir mönnum að þegja

Borgarfulltrúar allra flokka voru afskaplega ánægðir með REI-skýrsluna svokölluðu og sögðu margt mega af henni læra. Nú er Svandís Svavarsdóttir hins vegar orðin óróleg því henni virðist ekkert hafa gerst síðan skýrslan lærdómsríka leit dagsins ljós. Hún hefur spurst fyrir um málið en mætt þögninni einni. Hún áttar sig ekki á því að sennilega drógu sumir þann lærdóm af skýrslunni að best væri að þegja.



jse@frettabladid.is

BITBEIN Árni Páll Árnason spyr:

Eru of margir útlendingar á Íslandi?



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Ekki rekstrarhæft án útlendinga

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma sem ég hef tekið þátt í stjórn málum. Það sem mestu hefur ráðið um þá opnun sem hefur orðið á samfélaginu og breyttu lagaumhverfi í þeim efnun er aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Eitt af frásunum fjórum sem við undirgengumst með þeim gjörningi var frjálst flæði fólks. Það var líka eitt af því sem ýmsir óttuðust hvað mest eins og fram kom í umræðu á Alþingi um málið á sínum tíma. Fram að þeim tíma voru útlendingar frekar sjaldséðir sem íbúar á Íslandi.

Í því ljósi má rifja upp að það var líklega á 8. áratugnum sem forsíðufrétt birtist í Degi á Akureyri með fyrirsögninni „Negri í Þistilfirði“. Þess má einnig geta að sérstakt ákvæði var í upphaflegum varnarsamningi á milli Íslands og Bandaríkjanna þess efnis að bandarísk stjórnvöld mættu ekki senda svertingja til Íslands. Þetta finnst okkur einkennilegt í dag en engu að síður er þetta staðreynd.

Þess má einnig geta að sérstakt ákvæði var í upphaflegum varnarsamningi á milli Íslands og Bandaríkjanna þess efnis að bandarísk stjórnvöld mættu ekki senda svertingja til Íslands.

Reynsla mín

Þegar ég var að alast upp í Grýtubakkahreppi var þýskur vinnumaður heima. Þar voru síðar ráðskonur sem voru ýmist þýskar eða færæyskar og danskir vinnumenn á sumrin. Þegar ég fer yfir íbúa sveitarinnar í dag þá litur málið þannig út að svissnesk fjölskylda hefur keypt eitt býli og hollensk fjölskylda annað. Þrjár húsfreyjur eru útlendar, frá Sviss, Þýskalandi og Nýja-Sjálandi. Einn bóndi er norskur. Á Grenivík er fólk frá Srí Lanka, Taílandi, Hondúras, Færeyjum og Póllandi. Þetta finnst okkur sem teljumst innfæddir hreppsþýskir mjög jákvætt í alla staði. Tekið skal fram að í sveitarfélaginu búa innan við 400 manns.

Útlendingar mikilvægir á vinnumarkaði

Í dag er áætlað að tæplega 22 þúsund erlendir ríkisborgarar búi á Íslandi og séu um 10% vinnuafns. Atvinnuþátttaka þeirra er mjög mikil og því fáir atvinnulausir. Atvinnuþátttaka þessa fólks hefur haldið þjóðfélagi okkar gangandi á síðustu árum þar sem ákveðnar þjónustugreinar eru nær eingöngu skipaðar útlendingum. Svipuð þróun hefur verið hjá nágrannabjóðum okkar.

Hér er fyrst og fremst um fólk að ræða frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem á fullan rétt á að flytja hingað og hafa aðgang að vinnumarkaði til jafns við Íslendinga. Fólk sem kemur frá löndum utan EES og hyggst flytja til Íslands kemur hins vegar nánast að læstum dyrum. Það hefur ekkert með EES-samninginn að gera eins og sumir virðast álíta heldur var tekin um það pólitísk ákvörðun í tengslum við stækkun EES-svæðisins að hafa þetta með þessum hætti, a.m.k. fyrst um sinn.

Niðurstaða mín er sú að það sé ekki of margir útlendingar á Íslandi. Við þurfum hins vegar að leggja meiri metnað í að taka vel á móti þeim og t.d. að leggja áherslu á að kenna þeim íslensku. Það tel ég vera grundvallaratriði.

Mikilvæg auðlind

Fjöldi útlendinga hér á landi hefur vaxið hratt á undanföllum árum. Hlutfall útlendinga af heildaríbúafjölda er nú um 7% og er með því hæsta sem þekkt er í Evrópu.

Þetta er algerlega ný þróun fyrir okkur Íslendinga. Við höfum frekar leitað til útlanda þegar á hefur bjátað í íslensku efnahagslífi. Það er því jákvæður vitnisburður um kraftinn í íslensku efnahagslífi að þrátt fyrir þennan mikla fjölda útlendinga hefur fjöldi atvinnulausra hér sjaldan verið minni – stendur í 1%. Án hinna erlendu starfsmanna myndi íslenskt samfélag einfaldlega stöðvast. Fiskvinnsla, byggingariðnaður, leikskólar, skóladagheimili, öldrunarstofnanir, verslanir – öll þessi starfsemi byggir í dag á erlendu vinnuafli.

Þessar hröðu breytingar valda hins vegar auðvitað togstreitu. Sumir Íslendingar eru nú í minnihluta á sínum vinnustað. Það er eðlilega erfitt, þegar nýir vinnufélagar eiga erfitt með að tjá sig á íslensku. Slíkt á að ræða og við því á að bregðast.

Afbrotamenn eru ekki á ábyrgð útlendinga

En þess hefur líka gætt undanfarið að afbrot manna af erlendum uppruna séu tengd umræðu um fjölda útlendinga í landinu. Slíkt er fráleitt. Við megum ekki gleyma því að hlutfall afbrotamanna meðal útlendinga sem búa hér á landi er mun lægra en hlutfall afbrotamanna meðal Íslendinga. Flestir útlendingar sem hér búa eru löghlyðir og heiðarlegt fólk sem vill aðlagast íslensku samfélagi og búa sér og fjölskyldu sinni betri framtíð hér á landi. Og heiðarlegir útlendingar hér á landi eiga ekki að gjalda afbrotamanna af erlendum uppruna – ekki frekar en ég ber ábyrgð á íslenskum afbrotamönnum. Það er nefnilega hollt að minnst þess að hlutfall drullusokkanna er þokkalega jafnt meðal ólíkra þjóða.

Og heiðarlegir útlendingar hér á landi eiga ekki að gjalda afbrotamanna af erlendum uppruna – ekki frekar en ég ber ábyrgð á íslenskum afbrotamönnum. Það er nefnilega hollt að minnst þess að hlutfall drullusokkanna er þokkalega jafnt meðal ólíkra þjóða.

Með aðild okkar að Schengen hafa löggæsluyfirvöld ómetanlegan aðgang að fullkomnasta milliríkjamstarfi á sviði löggæslu í heiminum. Réttur útlendinga til að starfa hér er samningsbundinn samkvæmt EES-samningnum og hann verður ekki takmarkaður nema þá með uppsögn þess samnings og með því að loka landinu á ný. Eina færa leiðin er því að efla möguleika löggæslunnar á að nýta sér alþjóðlegt lögreglusamstarf og auðvelda henni þannig að taka á þeim vandræðamönnum sem hingað eru komnir í óheiðarlegum tilgangi. Í sumum löndum hefur tíðkast meira umburðarlyndi gagnvart ölvunarakstri en hér tíðkast. Þá þarf að koma til skýrari fræðsla og auknið eftirlit.

Víð höfum upplifað mikla samfélagsbreytingu á skömmum tíma. Stjórnvíska landsins var á sínum tíma illa í stakk búin til að taka við þessum nýju íbúum. Nú er unnið að því að bæta úr því. Verkalýðshreyfingin hefur unnið lofsvert átak í að verja hag og réttindi erlends verkafólks og þannig dregið úr spennu á vinnumarkaði. Ísland er nú orðið hluti af evrópskum vinnumarkaði og við þurfum áfram að takast á við þá staðreynd.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Ást við fyrstu sýn
Egils Malt og Appelsín

VÍÐTÆKARI VEGAVERND



ÓKEYPIS AÐSTOÐ VIÐ GERÐ TJÓNASKÝRSLU

Ítarlegri og öruggari tjónaskýrslur



Víðtækari Vegavernd tryggir viðskiptavinum Sjóvá ókeypis aðstoð við gerð tjónaskýrslu, lendi þeir í umferðaróhappi á höfuðborgarsvæðinu. Sérhæfðir, en jafnframt hlutlausir starfsmenn taka ljósmyndir af vettvangi, skrá nákvæma atvikalýsingu og senda skýrsluna að lokum rafrænt til tryggingafélagsins. Þjónustan er í boði milli kl. 7:00-18:30 alla virka daga.

VEGAVERND – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Einars B. Sturlusonar

skipasmiðameistara frá Hreggsstöðum.

Sérstakar þakkir til Sigurðar Helgasonar læknis og starfsfólks á Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka alúð og umönnun.

Kristín Andrésdóttir

Valgerður Björk Einarsdóttir

Guðný Alda Einarsdóttir

Þórdís Heiða Einarsdóttir

Sturla Einarsson

Andrés Einar Einarsson

Guðrún Björg Einarsdóttir

María Henley

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,

Rannveig Baldursdóttir

Einihlundi 8e, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 9. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 17. mars kl. 13.30.

Baldur Guðnason

Þórarinn Guðnason

Birkir Hólm Guðnason

Hólmfríður Guðnadóttir

Sveinbjörg H. Wíum og ömmubörn.

Kristrún Sigurgeirsdóttir

Frída Dóra Steindósdóttir

Halldór Kristjánsson

Sveinbjörg H. Wíum og ömmubörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Þorgeirsdóttir

Bogahlíð 9, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti, laugardaginn 8. mars, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju mánudaginn 17. mars kl. 13.00.

Þorgeir Sigurðsson

Sigurður Ingi Sigurðsson

Rósa Karlsdóttir Fenger

barnabörn og barnabarnabörn.

Þórunn J. Gunnarsdóttir

Guðfinna Thordarson

John Fenger



Elskuleg móðir okkar

Svava Sæunn

Guðbergsdóttir

til heimilis að Hrafnistu, Reykjavík, áður Álftamýri 46,

lést þann 10. mars á Landspítalanum Hringbraut. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

David Vilhjálmsson

Svanhildur Vilhjálmssdóttir

Sæunn Guðjónsdóttir

Hanna Guðjónsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarþug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Guðlaugssonar

frá Vík í Mýrdal, Hraunbæ 103, Reykjavík.

Margrét Ögmundsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Jóna Jónsdóttir

Guðlaugur G. Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Oddur Þórðarson

Pétur Eiríksson

Sigríður Ingunn Ágústsdóttir

Guðbjörg Valgeirsdóttir

RICHARD STALLMANN AÐGERÐASINNIR ER 55 ÁRA.

„Það ætti að þvinga allar ríkisstjórnir til að bæta fyrir brot á mannréttindum.“


Richard Stallman aðgerðasinni og tölunörður ræður fólki frá því að eiga farsíma. Ástæðan er að hann telur að hægt sé að rekja staðsetningu farsíma sem sé brot á einkalífi.



PETTA GERÐIST: 16. MARS 1882

Darwin fellur frá

Náttúrufræðingurinn Charles R. Darwin fæddist á Englandi árið 1809. Hann var af vel stæðu fólki og lærði læknisfræði. Hann hryllti hins vegar við uppskurðum og blóði og hafði meiri áhuga á plöntu- og skordýrafræði. Áhugi Darwins á náttúrufræði vakti athygli og í kjölfarið fékk hann pláss í leiðangri til að kortleggja strandlengju Suður-Ameríku. Í ferðinni lagði hann grunn að sínum frægustu kenningum. Árið 1859 setti hann fram




kenningu sína um náttúruval sem var misjafnlega tekið. Darwin var heilsu-veill vegna mikils vinnuálags. Hann giftist frænku sinni Emmu og eignuðust þau tíu börn. Hann varði miklum tíma með börnum sínum sem var óvenju-

legt á þessum tíma en Darwin var mikill fjölskyldumaður og eru hans hinstu orð sögð hafa verið til Emmu konu hans: „Mundu hvað þú hefur verið góð eiginkona.“

tímamót

timamot@frettabladid.is



SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR Ritstjóri Tímarits Máls og menningar segist unna blaðinu hugástum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

TÍMARIT MÁLS OG MENNINGAR : 70 ÁR FRÁ FYRSTA FRÉTTABRÉFI KLÚBBSINS

Íslendingar eru mjög ritglaðir

Tímarit Máls og menningar stendur á tímamótum því sjöttíu ár eru nú í mars síðan bókaklúbburinn Mál og menning fór að senda félögum sínum fréttabréf með því nafni.

Bókaklúbburinn var stofnaður 1937 af bókautgáfunni Heimskringlu og átti heftið að kynna útgáfubækur klúbbsins og freista nýrra félaga. Árið 1940 sameinaðist litla heftið tímaritinu Rauðum pennum, sem líka var gefið út af Heimskringlu, og fékk nýja tímaritið nafn heftisins, Tímarit Máls og menningar.

Frá upphafi hefur tímaritið birt greinar um bókmenntir og samfélagsmál og reyndar hvaðeina sem varðar íslenska menningu, pólitík og jafnvel heimsmál. Núverandi ritstjóri Silja Aðalsteinsdóttir tók við ritinu aftur árið 2004 eftir að hafa ritstýrt því áður á árunum 1982 til 1987.

„Ég tók við tímaritinu í ársbyrjun 2004 þegar það stóð illa. Útgáfan var búin að gefa það upp á bátinn og ég átti að athuga hvort hægt væri að endurlífja það. Núna eru áskrifendur um 1000, sem ekki virðast nein ósköp,

en mér skilst á menningarritstjórum á Norðurlöndunum að þetta sé furðulega há tala.“

Silja leggur áherslu á að fjalla um fjölbreytt menningarefni sem höfði til sem flestra. Hún segir tímaritið hafa gott orð á sér fyrir að vera vandað rit og margir vilji prófa að fá efni birt þar áður en þeir leita annað.

„Mér finnst að tímaritið eigi fyrst og fremst erindi við alla sem vilja fylgjast með bókmenntum á líöndi stund, bæði skrifum um útgefna bækur, nýjar og gamlar, og ungun höfundum sem stíga margir sín fyrstu skref í TMM. Fá tímarit og blöð taka við efni frá óþekktum höfundum en ég reyni að kynna nýja höfunda til sögunnar í hverju hefti. Ég hef á mínum snærum her manns sem skrifar reglulega í blaðið, svo fæ ég líka mikið efni sent frá fólki sem hefur eitthvað að segja. Íslendingar eru mjög ritglaðir. Ég gæti vel haldið sex heftum úti á ári en mér finnst fjögur hefti góð tíðni og hægt að velja efnið betur. Ég birti auðvitað fyrst og fremst það sem ég er hrifin af en er líka alveg óhrædd að birta efni

sem ég er ekkert hrifin af sjálf, ef það er vel unnið,“ segir Silja. „Ég veit að smekkur minn er ekki algildur!“

Tímaritið fer inn á níu hundruð íslensk menningarheimili og þar að auki á öll helstu skóla- og almenningsbókasöfn. Einnig fer tímaritið á öll helstu háskólabókasöfn á Vesturlöndum. Á heimasíðu Tímaritsins www.tmm.is má sjá fjöreg viðbrögð lesenda við efni blaðsins. Silja birtir líka búta úr bréfum lesenda í ritstjórnarpistlum sem gefur tímaritinu skemmtilegan blæ. Auðséð er að henni er annt um blaðið.

„Já, mér þykir vænt um Tímaritið. Aðrir ritstjórar harma það að geta ekki verið svona kumpánlegir við áskrifendur sína, en þar sem ég hef safnað mínum áskrifendum nánast með handafli finnst mér þeir vera kunningjar mínir. Þetta er heimikil vinna því ofan á ritstjórnina koma alls konar erindi varðandi dreifinguna nánast á hverjum degi. Umsjónarmaðurinn þarf að vera með allan hugann við það, og þá er kostur að unna því hugástum.“

heida@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Gottskálk Guðjónsson

Álfholti 34b, Hafnarfirði,

sem lést föstudaginn 7. mars, verður jarðsungen frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 18. mars kl. 13.00.

Guðbjörg Valgeirsdóttir

Guðjón Gottskálksson

Guðbjörn Jósúa Guðjónsson

Merlinda Eyac



Elskuleg föstur móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Þóroddsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Skjólí,

sem lést mánudaginn 10. mars sl. verður jarðsungen frá Bústaðakirkju á morgun, 17. mars, kl. 13.00.

Jóhanna Gunnþórsdóttir

Sveinmar Gunnþórsdóttir

Þórey Skúladóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Brynjólfr Lárentsússon

Kristín Pálsdóttir

Jón V. Guðjónsson

Alþjóðahúsið í Efra-Breiðholti

Alþjóðahúsið gerði nýjan samning við Reykjavíkurborg á föstudaginn síðastliðinn. Samningurinn kveður á um starfsemi í Efra-Breiðholti og gildir til eins árs.

Reykjavíkurborg mun samkvæmt samningnum leggja 30 milljónir króna til starfseminnar sem er 10 milljónum krónum meira en á síðasta ári. Síðastliðin sjö ár hefur Reykjavíkurborg greitt til starfsemi Alþjóðahúss eða frá árinu 2001. Ein veigamesta nýjungin í samningnum er umsjón Alþjóðahúss með menningar- og frístundastarfsemi erlendra íbúa í Efra-Breiðholti. Þar verður lögð sérstök áhersla á starfsemi fyrir börn og fjölskyldur þeirra og náð

samráð verður haft við íbúa í Efra-Breiðholti um mótun starfseminnar. Þá verður reglubundið samstarf við helstu borgarstofnanir í hverfinu, en verið er að leita að hentugu húsnæði. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg fyrir helgi.

Í samningnum er enn fremur kveðið á um að Alþjóðahús annist aðstoð og ráðgjöf við Reykjavíkurborg um útgáfu kynningarefnis um þjónustu borgarinnar. Í því skyni mun Alþjóðahús bera ábyrgð á þýðingu kynningarefnisins á 10 tungumálum. Með samningnum vill Reykjavíkurborg styðja við öflugan starfsemi Alþjóðahúss og stuðla að því að íbúar nýti kosti

fjölmenningarlegs samfélags þar sem jafnrétti og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks af ólíkum uppruna. Einnig er mikilvægt að gera útlendingum sem flutt hafa til borgarinnar kleift að taka virkan þátt í íslensku samfélagi með aðkomu Alþjóðahúss.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Alþjóðahúss. www.ahus.is

SAMÍÐ UM FJÖLMENNINGU Í EFRA-BREIÐHOLTI Einar Skúlason hjá Alþjóðahúsinu ásamt Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra.



SKÍÐASTUÐ Í HLÍÐARFJALLI Fatlaðir skíðamenn á öllum aldri fá nú möguleika á að stunda skíðaþróttina á Íslandi.

Fatlaðir komast á skíði

Íþróttasamband fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri hafa staðfest formlegt samstarf við Winter Park í Colorado. Samstarfið kveður á um þróunarstarf á sviði vetraríþróttar- og úti- og vistar fyrir fatlaða.


Tengsl mynduðust við Winter Park í kjölfar námskeiðs árið 2006. Þá var fulltrúi Winter Park í hópi leiðbeinenda frá Challenge Aspen, sem hafa verið samstarfsaðilar Íþróttasambands fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöðvar undanfarin ár. Erna Friðriksdóttir sem er frá Egilsstöðum og hreyfihömluð, æfir nú og keppir í Winter Park.

Á fundi í Hlíðarfjalli fyrir skömmu var rætt samstarf á sviði fræðslu og þjálfunar. Þessi fundur var haldinn í tengslum við námskeið sem fram fór í Hlíðarfjalli um þarsíðustu helgi. Fjórtnán fatlaðir einstaklingar sóttu námskeiðið sem haldið var á vegum ÍF, VM og Winter Park.

Einn af forstöðumönnum Winter Park, Beth Fox, var aðalleiðbeinandi en aðrir leiðbeinendur voru íslenskir.

Á námskeiðinu voru bæði börn og fullorðnir með mismunandi fötlun. Mjög erfitt hefur reynst að ná til blindra einstaklinga og er því mikill sigur að fá í fyrsta skipti blindan einstakling til þátttöku að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá forsvarsmönnum. Fyrsti blindi þátttakandi var Bergvin Oddsson en í kjölfarið fylgdi formaður Öryrkjabandalag Íslands, Halldór Guðbergsson, sem er sjónskertur. Hann var einnig þátttakandi á námskeiðinu.

Blindir og sjónskertir keppa á Paralympics, bæði í norrænum greinum og alpagreinum. Einnig er fjölmargt blint fólk erlendis sem stundar skíði sér til gamans eins og aðrir. Í fyrsta skipti var einnig kennt á snjóbretti en óskað var eftir því fyrir hreyfihamlaðan dreng og gekk það mjög vel.



Tökum við umsóknum núna
www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Sættir í stað refsinga

Uppbyggileg réttvísi er hugmyndafræði sem nú þegar hefur sett nokkurn svip á refsivörslukerfið hér á landi. Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson er verkefnastjóri tilraunaverkefnis sem miðar að því að gera sáttamiðlun að úrræði fyrir afbrotamenn og þolendur. Jón Sigurður Eyjólfsson talaði við hann og komst að því að hugsjónamaðurinn sýndi hugmyndafræðina í verki eftir mikinn harmleik.

Í hugum margra er réttvísinn samvinnuð köldum armi laganna og ómanneskjulegum dómstólum þar sem leitast er við að refsa svo menn sem mistíga sig eða virða ekki reglur samfélagsins fá makleg málagjöld. En réttvísinn getur einnig tekið menn mýkri höndum og jafnvel veitt brotamönnum sem og þolendum hjálparhönd. Þetta er meðal annars inntak svokallaðrar uppbyggilegrar réttvísi.

Á vef dómsmálaráðuneytisins má finna skilgreiningu á henni og þar segir meðal annars: „Uppbyggileg réttvísi er heiti á hugmyndafræði sem felur í sér að leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots. Sáttamiðlun er sú aðferð sem oftast er beitt í því skyni. Í sáttamiðlun felst að brotamaður og brotþoli eru leiddir saman til að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft og fá hann til að friðmælast við brotþola með það fyrir augum að þeir komist að samkomulagi um málalok.“

Árið 2006 hleypti Björn Bjarnason dómsmálaráðherra af stað tilraunaverkefni með það fyrir augum að nota sáttamiðlun sem eitt af tækjum réttvísinnar. Hafsteinn er verkefnastjóri og hefur því veg og vanda af þessari nýjung sem boðið er upp á um allt land en svo verður árangurinn metinn í október á þessu ári.

Sátt náðst í öllum málum nema einu

Skilyrði eru sett fyrir því hvaða mál megi fara í sáttamiðlun. Þau brot sem falla innan þeirrar skilgreiningar eru þjófnaður, gripdeild, húsbrot, hótun, eignaspjöll, nýjstjaldur, minni háttar brot gegn valdstjórninni og minni háttar líkamsárás. Gerandi verður að hafa játað brot sitt og bæði gerandi og þolandi verða að hafa samþykkt að málið sé tekið þessum tókum.

„Áður en þeir koma svo til sáttafundar er ég búinn að tala við þá,“ útskýrir Hafsteinn. „Þá hlusta ég á þeirra sögu, undan og ofan af því sem þeim finnst um málið. Ég segi þeim svo frá því út á hvað sáttamiðlun gengur, útskýri fyrir þeim hugmyndafræðina og hverju þeir mega búast við á fundinum. Þegar ég tala við þá eru þeir þegar búnir að samþykkja það að fara í sáttamiðlun en sumir eru jafnvel enn með nokkrar efasemdir.“

Þegar þeir svo mæta til fundar tekur Hafsteinn, eða lögreglumaður sem fengið hefur þjálfun í sáttamiðlun, á móti þeim en aðkoman er afar ólík því sem menn eiga að venjast í hefðbundnum réttarsal. „Ég tek til léttar veitingar og færi til borðs þannig að þau séu ekki á milli manna. Með því er ég að reyna að fá menn til að setja sig í aðrar stellingar þannig að þetta séu ekki tvö lið sitt hvorum megin við borð sem tefla til sigurs og jafnvel með því að beita kænsku. Á sáttafundi sitjum við í hring, sem getur reyndar orðið nokkuð stór því það geta verið allt frá fjórum upp í fimmtán manns á fundi og andrúmsloftið er því nokkuð ólíkt því sem gerist í réttarsölum. Enda lítum við svo á að þetta sé fundur geranda og þolanda, það kemur enginn lögræðingur fram fyrir þeirra hönd. Við gerum enga kröfu um að þeir



ná sáttum heldur einfaldlega sköpum við skilyrðin til þess. En það er nú oft svo að þegar fólk fær forsöguna, sér að það hafi kannski ýmislegt gengið á sem tengist þessu máli og þegar menn setja sig í spor hvor annars og reyna að horfa fram á veginn, þá skapast venjulega grundvöllur fyrir sátt enda hefur það farið svo að við höfum fengið rúmlega þrjátíu mál og sættir hafa náðst í öllum nema einu.“

Sáttafundur með bréfpurrkum og léttum veitingum

„Við erum alltaf með bréfpurrkur á þessum fundum en það er einfaldlega til að segja fólki að því er velkommið að láta tilfinningar sínar í ljós,“ segir Hafsteinn. „Við erum jú tilfinningaverur og því þurfum við kerfi sem tekur mið af því. Og það er auðvitað ekki átakalaust að vera tilfinningaverur og það endurspeglar oft á þessum fundum. Sérstaklega ef gerandi og þolandi þekkjast, þá eru þær jafnvel enn sterkari. Eitt sinn sat ég sáttafund vegna líkamsárásar sem ég taldi að myndi vara í klukkustund en það var svo mikið undir kraumandi að það tók þrjá klukkutíma og fjölmargar bréfpurrkur að losa um ágreininginn. Sáttin var síðan sú að það yrði borgað til ákveðins líknarfélags og síðan rætt annars staðar við aðra sem tengdust þessu máli til að ganga endanlega frá ágreiningnum.“

Gjörðir manna spretta af ótta og kærleika

„Þetta er ákaflega þakklátt starf,“ segir Hafsteinn. „Ég verð jafnvel nokkuð meyr yfir því að sjá fólk sem áður var stríðandi aðilar fallast í faðma og ég sé að því er létt og líður mun betur en í upphafi máls. Það myndast þá kærleiksrikt andrúmsloft. Í þessu starfi sé ég það sem ég hef lengi trúað, að fólk bregst við af tveimur grunntilfinningum,“

um, það er að segja af ótta og kærleika. Það má smætta allt niður í þessar grunn-tilfinningar. Allt sem við gerum er sprottið af þessum tveimur pólum. Þannig að ef þeir sem eiga í ágreiningi hittast við kjöraðstæður eins og við reynum að skapa þá breytist oftast afstaða hvors til hins. Þetta er kostur sem farið er á mis við í hefðbundnum réttarhöldum þar sem mönnum er haldið hvorum í sínu horni og þeir fá aldrei tækifæri til að gera málin upp sín á milli þar sem tilfinningarnar eru teknar með í spilið. Þeim málum lýkur svo með niðurstöðu en það getur verið langur vegur frá henni og svo til sáttar. Til dæmis getur þolandi unnið málið án þess að vera sáttur við niðurstöðuna. Því það sem fólk vill er að við það sé talað, að það sé hlustað á það og það sé komið til móts við þarfir þess. Ef það er framið afbrot þá veldur það skaða og hann framkallar ákveðnar þarfir og þær kalla svo á ákveðin viðbrögð. Og viðbrögðin eiga að vera þannig að þau bæti skaðann, komi til móts við þarfirnar og í veg fyrir annað afbrot. Og svo má ekki gleyma því að það er fólk sem verður fyrir skaðanum, það eru ekki lögin sem verða fyrir honum, því þarf að koma til móts við fólk, það eru viðskiptavinir kerfisins.“

Fyrirgefningarmörðingjanum strax

Oft kynnist sáttamiðlari forsögu þeirra sem til hans koma. En þegar varpað er ljósi á sögu hans sjálfs glitir fljótlega í mikinn harmleik sem þó reynist honum gott veganesti í starfinu. Þessi harmleikur komst í kastljós fjölmiðla þegar fjallað var um málefni Baldvins Kristjánssonar sem er geðfatlaður og hefur verið vistaður á réttargeðdeildinni að Sogni síðustu fimmtán ár fyrir morð á stúlku sem hann framdi á sambylí þar sem hann dvaldi. Þessi stúlka hét Hafdís og var systir Hafsteins. „Þau voru

kunningjar, hann var eiginlega heimgangur hjá okkur og við fórum nokkrum sinnum með Hafdís á Reykjalund að heimsækja hann þegar ég var strákur. Síðan fer hún inn á þetta sambýli að heimsækja hann en á þeim tíma voru einhverjar framkvæmdir þar og því var eftirlitið með honum minna en ella. Það er þá sem hann stingur hana í magann með hnífi og felur hana svo undir rúmi.

Ég var skiptinemi úti í Bandaríkjunum þegar ég frétti þetta. Ég varð náttúrulega afar sorgmæddur út af þessu en þó kraumaði aldrei mikil reiði undir og ég reyndi aldrei að finna fró í því að honum yrði refsað heiftarlega eða neitt slíkt. Mig grunar að ástæðan sé sú að ég fyrirgef honum strax enda gat hvorki reiðin né nokkuð annað fært mér Hafdís aftur.

Þannig að þegar ég fer að kynna mér þessa hugmyndafræði sem sáttamiðlunin byggir á uppgötvaði ég að í raun hafði ég alltaf aðhyllt hana án þess að gera mér grein fyrir því. Ég trúði alltaf á fyrirgefninguna og mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra. Hafdís var þroskaheft þannig að ég þekkti ágætlega til málefna þeirra sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða og því átti ég auðveldara með að setja mig í hans spor. Þannig að það var aldrei þessi heift sem oft fylgir svona málum og byggir nokkuð á inntaki Bibliunnar um refsingar. Enda trúir ég því að þeim mun fyrr sem einhver fyrirgefur þeim mun meira rými hefur hann fyrir gleði og kærleika. Í þessu sambandi myndi ég hvetja menn til að lesa bók Katy Hutchinson „The story of Bob“ en þar segir frá konu sem missti ástærnan eiginmann sinn eftir að á hann var ráðist. Hún reiddist aldrei út í gerandann og samfélagið áfældist hana fyrir það. Nú fer hún hins vegar vítt og breitt um heiminn og heldur fyrirlestura og jafnvel stundum með gerandanum.“

HAFSTEINN HAFSTEINSSON Rúmlega þrjátíu mál hafa farið í sáttamiðlun og hefur sátt náðst í öllum nema einu. Þegar tilraunaverkefninu um þetta úrræði í réttvísinni lýkur í október mun lögreglan taka við sáttamiðluninni ef ákveðið verður að bjóða enn þá upp á þennan kost.

”

„Uppbyggileg réttvísi er heiti á hugmyndafræði sem felur í sér að leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots.“

Sáttamiðlun á öllum stigum

„Ég tel að sáttamiðlun sé ávinningur fyrir alla: brotþola, geranda og samfélagið í heild. Enda eru það tilmæli frá Evrópuráðinu að boðið skuli upp á sáttamiðlun á öllum stigum sakamáls og jafnvel á því stigi þegar komið er að afplánum. Svo má náttúrulega minnst á það að ef sættir verða og brotamaður stendur við sín orð fer hann ekki á sakaskrá fyrir það brot.“



DÍS SIGURGEIRSDÓTTIR
Lögræðingur í dómsmálaráðuneytinu og formaður eftirlitsnefndarinnar.

Vænlegt til árangurs

„Verkefnið hefur fram til þessa gengið ágætlega hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu enda um að ræða bæði mikilvægt og nauðsynlegt úrræði í réttarvörslukerfinu. Þá er úrræðið jákvætt og vænlegt til árangurs og líklegt til að stuðla að auknum gæðum við úrlausnir mála en það er mat embættisins að sáttamiðlunin hafi jákvæð áhrif gagnvart báðum máladaílum og sé til þess fallin að auka tiltrú almennings á réttarvörslukerfið. Þá felur úrræðið jafnframt í sér skilvirki við meðferð mála. Um er að ræða tilraunaverkefni og því hefur embættið í kjölfar stöðuskýrslu eftirlitsnefndarinnar sett af stað vinnu við rýni innri verkferla með það fyrir augum að móta næstu skref í skipulagi verkefnisins hjá embættinu með framtíðarfyrirkomulag þess að leiðarljósi.“



HÓLMSTEINN GAUTI SIGURBSSON Lögræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Styrkir stöðu þolanda

„Það sem mér finnst skipta mestu máli varðandi sáttamiðlun er að með henni er verið að styrkja stöðu brotþolanna sem fá eitthvað um það að segja hvernig málunum lýkur og þá berum við þá von að þeir verði sáttari við málalok en ella.“



Í annan stað er þetta heppilegt úrræði fyrir unga brotamenn því þeir standa andspænis þeim sem þeir brutu gegn og virkilega takast á við málið með honum og með þessu vonum við að það verði til þess að þeir brjóti síður af sér aftur.

Í síðasta lagi er þetta mun einfaldara og hagkvæmara en að fara með málið fyrir dóm og það er nóg álag á kerfinu fyrir.“

RAGNA BJARNADÓTTIR Löglærður fulltrúi hjá ríkissaksóknara.



**Komdu
norður!**



Matur



Afslöppun



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsgöðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

Allt klárað í einni ferð

40%
afsláttur



1193 kr. kg
Gourmet rauðvíns
lambalæri

30%
afsláttur



1238 kr. kg
Hóla hamborgarhryggur
með beini



799 kr. kg
Kalkúnn frosinn

10%
afsláttur



898 kr. STK
Franskar Berberie
andarbringur

40%
afsláttur



1398 kr. kg
Danska grísalundir

10%
afsláttur

Frönsk Önd barberie
3,8 kg



36%
afsláttur



1498 kr. kg
Folaldapiparsteik

30%
afsláttur



1698 kr. kg
Folaldafilé

30%
afsláttur



Búkonu reykur
eða grafin lax

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Krónan Höfða
Bildshöfði 20
110 Reykjavík

Krónan Granda
Fiskislóð 15-21
101 Reykjavík

Krónan Breiðholti
Jafnasel 2
109 Reykjavík

40% afsláttur

1198 kr. pk
Rose kjúklingabringur danskar 900 g

698 kr. kg
Bautabúrs bayonneskinka

Þú kaupir 3 Góu páskaegg nr.3 og færð það fjórða frítt með!!

Nýtt kortatímabil

20% afsláttur

2 fyrir 1

119 kr. 2 stk
2 stk Baguette

298 kr. PK
Jarðaber askja 250 g

229 kr. PK
Bláber 125 g

889 kr. PK
Pepsi Max kippa 2 lítrar

249 kr. PK
Mr. Bagel

99 kr. stk
Egils páskaöl 0,5l

69 kr. STK
Líf ávaxtasafi 1 lítri

66 kr. STK
Soya jóгурt margar tegundir

Nóa páskaegg nr. 4 fylgir með hverri Pepsi Max kippu !!

Bavaria ostar

Kyckling Bröstrá

BAUTABURID Bayonneskinka

Gledilega páska

Mr. Bagel

Egils Páskaöl

Líp Epla Só

Líp Appelsín Só

Líp ACE drykkur

GranoMia

Heimavinnandi húsmæður

Ísland er uppfyllt af auðmönnum, að minnsta kosti ennþá. En hvað gera eiginkonur þeirra eiginlega á meðan þeir svífa um loftin blá á einkapotum að afla tekna? Það fer hver að verða síðastur að skoða þessa tegund sem fer að komast í útrýmingarhættu og því fór Fréttablaðið á stúfana.

Frægar fyrir að vera eiginkonur



ANNA NICOLE SMITH HEITIN Giftist moldríkum ellismelli.



COLLEEN MCLAUGHLIN Eigin-kona Wayne Rooney er með fataæði og sand af peningum.



IRINA, FYRRVERANDI EIGIN-KONA ROMANS ABRAMOVICH í góðum félagsskap Dorritar.



GABRIELLE SARCONAGGI Smart kærasta hins moldríka Louis Bacon.

Eins mikil tímaskekkja og það kann að virðast þá er heimurinn uppfyllur af eiginkonum ríkra karlmanna sem okkur hinum finnst ekkert hafa að gera allan daginn. En þetta er ekkert auðvelt líf. „Ég hef bara enga hjálp með börnin,“ segir ein titrandi rómi. Önnur segir: „Það er fullt starf að sjá um alla þessa fermetra.“ Og hin þriðja: „Ég verð að gera þetta allt saman sjálf.“ Í þvottahúsinu er þó oftast filippseysk stúlka að strauja þvottinn og eftir smá stund mætir einkabílstjórinn með sjö ára soninn beint úr skólanum. Svo tekur eiginkonan upp símann og ræðir við arkitektinn sinn um að innrétta sundlaug í neðanjarðarbygginu sem maður hennar fékk loks leyfi til að byggja. Og það er einstaklega pirrandi að enginn virðist geta skilið hvað marmari safnar miklu ryki. Stundum er bara eins og öllum sé sama...

Eiginkonur íþróttamanna og fjárfesta

Slíkar „heimavinnandi“ eiginkonur nefnast WAGS í Bretlandi, en sú skilgreining byrjaði sem skammstöfun á „Wives and Girlfriends of Sportsmen“ enda fótboltaeiginkonur táknumynd fyrir þessa tegund. Næsta kynslóð slíkra WAG-kvenna voru „City Wags“ en það eru eiginkonur bankamanna. Flestar þessar eiginkonur eiga það sameiginlegt að vera heimavinnandi. Þær búa í heimi ríkidæmis þar sem börnin og hundurinn eru stöðutákn og hjálpa til að sýna fram á stórfenglegan launaseðil eiginmannsins. Tegundin virðist þrífast á rucola-salatblöðum og parmesan-flögum og geta varla hreyft sig án þess að vera með einkabjálfarann og lífsstílhönnuðinn á línunni. Að brosa yfir einhverju óvæntu og skemmtilegu er númer eitt á bannlistanum, og að líta út eins og þeim leiðist er lykilatriði. Þær eru allar með heilsuæði, fara reglulega til heilara og nuddara og jóga- eða pilates-þjálfarinn býr heima hjá þeim. Og svo eru þessar ofurmömmur auðvitað allar komnar aftur í kjörþyngd á þriggja mánaða afmælisdegi nýjasta afkvæmisins. Stórskemmtileg og ansi tæfuleg skáldsaga kom út í Bretlandi í fyrra um líf þeirra nýríku sem kallaðist „Notting Hell“ og lýsir lífi í einkapotum með þjónum, barnapíum og persónulegum stílismum og er ef til vill bók sem hinar íslensku heimavinnandi konur gætu tileinkað sér og keypt á Amazon.



IVANA TRUMP Táknumynd ríku atvinnueiginkonunnar

Hinar íslensku WAG-konur

Lítill kynslóð ríkra eiginkvenna hefur myndast á Íslandi undanfarnin ár. Þær eru oftast með óaðfinnanlega litað ljóst eða tinnusvart hár, gyllta húð og fataskáp frá Karen Millen og Gucci. Það er ekkert tiltökumál lengur að skutlast til New York í einkapotunni, vera með lífstíðarkort í Laugar Spa og skipta út innbúinu á sex mánaða fresti eftir því sem er í tísku þá stundina. Margar raða líka niður höllum í Frakklandi, Englandi eða á suðrænni slóðum og eyða öllum tíma sínum í að innrétta þær. Oft. Þær eru ávallt uppstrílaðar og í dýrum en missmekklegum fatnaði (peningar kaupa aldrei stíl), eyða mörgum klukkustundum í ræktinni á viku og rúnta um húsbúnaðarverslanir þæjarins í Porsche Cayenne-jeppum eða Range Rover. Þær eiga líka gjarnan þó nokkur börn, sem öll eru í lúxus-aukatímum og

stundum eru leigðir heilu einkaballettsalirnir fyrir litlu prinsessurnar sem að sjálfsögðu klæðasta bara Bonpoint eða Burberry. Kjörstaður þessarar tegundar kvenfólks til búsetu er Þingholtin, Arnarnesið eða Seltjarnarnesið. Grafarvogurinn er „so passé“. Svo skipuleggja þær skíðafrí og sólarfrí á „smart“ stöðum eins og í Vail og á Marbella og eyða dagóðum tíma í að stunda námskeið ýmiss konar og góðgerðastarfsemi. Hins vegar er þetta dálítið streitubrungid líf þar sem þær þurfa alltaf að vera tipp-topp í útliti þar sem þær eiga jú á hættu að eiginmaðurinn skipti þeim út fyrir nýrra módel. En þá er ekkert að óttast, kaupmál- ar eru ekki enn komnir í tísku á Íslandi og þær fá bara helminginn... af öllu. Eða eins og fyrirmynd allra þessara kvenna, Ivana Trump, sagði hér um árið: „Don't get mad, get everything.“

→ Vinsæl afþreying

- Að spóka sig í húsbúnaðarbúðum.** Það er alltaf hægt að raða fleiri Eggjum, Svönum, Lounge Chairum eða Philippe Starck-lömpum í höllina.
- Fara á námskeið.** Matargerðarnámskeið eru vinsæl og einnig hafa nokkrar tekið upp á því að læra óperusöng. Það er svo gaman að geta brostið í söng í kvöldverðarboðum og komið fólki á óvart.
- Funda með lífsstílhönnuðinum.** Hann kemur reglulega og segir til um hvort það þurfi að bæta nýjum bleikum púða í stofuna, færa lampana til eða tilkynna að rokkóki sé bara búið og nú verði að hreinsa allt út.
- Góðgerðastarf.** Það er mjög smart að gera eitthvað fyrir þá þurfandi. Það beinir líka almenningsathyglinni frá leiðinlegu slúðri. Til dæmis ráðlagði fjölmiðlaaulltrúi kærustu Sven Göran Erikssons að verða „Goodwill ambassador“ hjá Rauða krossinum þegar framhjáaldssögur um hann voru í algleymingi.
- Golf.** Það er vinsæl jólagjöf frá eiginmanninum að borga golfferðir fyrir eiginkonurnar svo þær læri loksins eitthvað. Verst að þær eyða ferðinni í kampavinsdrykkju í pottinum.
- Gala-viðburðir í útlöndum.** Það er flottast að fara á grímuball í Feneyjum eða góðgerðaball í London. Þetta gerist bara alltof sjaldan á Íslandi og er aldrei nógu grand.

→ Hjálparkokkar

Einkakennari. Kemur heim og býður upp á kennslu í listasögu, tungumálum, tónlist eða söng og dustar rykið af menntaskólanáminu.

Stilisti. Svona Rachel Zoe-týpa sem fer með mann að versla innanlands eða utan svo að maður sé alltaf smekklegur í veislum og listaopnum.

Listfræðingur. Þegar maður ætlar að fjárfesta í vinsælli list er ráðlegga að vera með einhvern á sínum snærum sem hefur vit á þessu. Gengur ekki að vera með Jóa Fel upp um alla vegg.

Flugmaður í einkapotum. Þetta er hinn nýi bílstjóri og verður að vera tilbúinn til þess að takast á loft þegar húsbændum hans dettur í hug.

Næringarfræðingur. Þegar einsemdin hellist yfir þær og isskápsferðir á nóttunni verða of tíðar verður maður að hringja grátandi til að fá innblástur í hveitigraskokkteininn.

Skilnaðarlögreglungrinn. Ef eiginmanninum dettur í hug að skipta þeim út fyrir ljóshærðara, brjóstastærra og yngra klón. Maður verður jú að halda í sama lífsstílinn eftir skilnaðinn.

Leiðbeiningar að vænlegum eiginmönnum fyrir metnaðarfullar konur

Háaldraði og ríki eiginmaðurinn. Takið Önnu Nicole Smith til fyrirmyndar og finnið mann á áttæðisaldri. Passið að halda honum lifandi og sprækum þar til hann hefur skrifað ykkur inn í allar erfðaskrárnar sínar. Svo fer hann alltaf svo snemma að sofa að það er hægt að eyða öllum kvöldum á djamminu án hans.

Aðalsmaðurinn. Því miður engir alvöruaðalsmenn á Íslandi þannig að það má bregða á það ráð að deita ráðherra, sendiherra eða næsta forseta. Erlendir aðalsmenn eru það alsvalasta, sérstaklega ef eitthvað af fjölskylduauðæfunum er eftir og sirka eitt ættarsetur.

Ljótí ríki eiginmaðurinn. Frábært mannsefni þar sem honum finnst hann svakalega heppinn að hafa fundið svona fallega konu. Hvað kynlíf varðar er um að gera að loka augunum og hugsa um Ísland að hætti Viktoríu drottningar. Eða horfa nokkrum sinnum á Fríðu og dýrið. Það var nú dálítið krúttlegt, ekki satt?

Fyrirverandi glaugmosinn. Efnaður maður sem hefur sængað með ótal konum en ákveður á miðjum fimmtugsaldri að festa ráð sitt, enda orðinn lúinn. Hann elskar konur og þegar hann finnur loksins þá einu réttu heldur hann sig við hana. Og hefur skemmtilega reynslu undir beltinu.

Eiginmaðurinn í skápnum. Hann er ríkur, óaðfinnanlega klæddur og sykursætur. Samt eru allir að hvíla í boðum: „Spilar hann ekki með hinu líðinu?“ En horfum á björtu hlíðarnar. Hann er með meiri áhuga á innanhúshönnun en eiginkonan, finnst svakalega gaman að versla í tiskubúðum og elskar að fara í smart frí. Þá hlýtur að vera að hægt að fyrirgefa smá „bi-try“ endrum og eins.




Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓNSSON & LEWIS - JTB - SIA



Háskólabrú Keilis liggur að háskólanámi

HÁSKÓLABRÚ

Markviss og góður undirbúningur fyrir háskólanám

Nám við háskólabrú Keilis er undirbúningur fyrir háskólanám og er þróað í samstarfi við Háskóla Íslands. Námið veitir þér rétt til að sækja um í flestum deildum Háskóla Íslands ásamt Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og nokkrum norrænum háskólum. Þeir nemendur sem uppfylla skilyrði LÍN geta sótt um lán fyrir skólagjöldum og framfærslu.

Inntökuskilyrði eru að umsækjendur hafi lokið 2½ – 3 árum á framhaldsskólastigi. Umsækjendur sem eru 25 ára og eldri eiga möguleika á að fá starfsreynslu metna til eininga.

Nemendur við Keili hafa forgang að glæsilegum og rúmgóðum nemendaíbúðum á góðu verði.

Umsóknarfrestur rennur út 13. júní.



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

Hringleikahús bardagahana

Ærandi hávaðinn í áhorfendunum, lykt af hænsnum og að lokum blóðlyktin stendur upp úr eftir heimsókn í hanaatshringinn.

Brjánn Jónasson segir frá upplifun sinni af annarri af vinsælustu íþróttunum í Dóminíska lýðveldinu.

Þetta er fallegasta íþrótt í heimi," segir Amable Hernández, áhugamaður um hanaat sem hefur tekið að sér nokkra Íslendinga til að sýna þeim aðra af vinsælustu íþróttagreinunum í Dóminíska lýðveldinu. Þegar blóðið fer að renna og fjaðrirnar tæstast af fiðurfénu finnst fávísu-um útlendingum sem ekki hafa séð sport af þessu tagi áður erfitt að taka undir orð Hernández.

Þegar heimamenn í Dóminíska lýðveldinu eru spurðir hvaða íþróttagreinir séu vinsælastar eru svörin alltaf á eina leið. Hafnabolti og hanaat bera höfuð og herðar yfir aðrar greinar.

Dóminíska lýðveldið deilir eyjunni Hispaníólu með Haítí, en þessi eyja í Karíbahafinu er rétt austan við Kúbu. Landsmenn eru flestir afkomendur spænskra landnema og afrískra þræla og í minna mæli þeirra frumbyggja eyjarinnar sem ekki var útrýmt af Spánverjum.

Þegar ekið er um sveitir Dóminíska lýðveldisins má sjá hanaatshringi í svo til hverjum bæ. Hernández leiðbeinir okkur eftir holóttum vegum að hanaatshringi í smábæ nærri borginni Puerto Plata á norðanverðri eyjunni. Þar er fólk þegar farið að hópast saman áður en atið hefst.

Þessi hanaatshringur er ekki stór, fjórar þéttþakkaðar sætaráðir ná allt í kringum hringinn. Þegar leikar taka að æsa klifra þeir sem ekki höfðu efni á að borga sig inn, eða fengu ekki sæti, upp á girðinguna aftan við sætin til að sjá það sem fram fer.

Æsa upp blóðþorstann

Nokkur hanapör munu berjast þennan dag. Nokkur eftirvænting ríkir áður en eigendur fyrstu hananna bera þá í hringinn, og hávaðinn í áhorfendunum eykst.

Hanarnir minna lítið á íslenska hana. Kamburinn hefur verið skorinn af, og fiðrið á maga, leggjum og bringu verið plokkað til þess að viðbrögð hanans verði snarpari. Fyrir bardagann eru hanarnir vigtaðir til að tryggja að þeir séu í sama þyngdarflokki og bardaginn verði sanngjarn.

Dýrin virðast furðulega róleg í höndum eigenda sinna, en fyrir bardagann sýna eigendurnir fuglum væntanlega andstæðinga til að æsa þá upp, og leyfa þeim að elta hana sem virðist ekkert hlutverk hafa annað en að æsa upp blóðþorstann í hönunum sem eiga að berjast.

Þegar bardaginn hefst virðast hanarnir fyrst meta hvor annan í stutta stund, áður en þeir rjúka saman og gogga sem mest þeir mega í höfuð og framhluta andstæðingsins. Í hamaganginum stökkva þeir upp og reyna að skaða hvor annan með klóm og sporum. Fiðrið flýgur um hringinn, og fljótlega fer blóðið að renna þegar beittir goggar og klær hitta í mark. Eftir verstu atlögunar liggja jafnvel augun úti. Fátt minnir á göfuga íþrótt fyrir áhorfendur sem vanir eru vestrænum áherslum á dýra-



YS OG ÞYS Það gengur mikið á hjá áhorfendum þegar þeir hvetja hanana áfram, og hrópa til veðmangara hversu mikið þeir vilja leggja undir. Undir glymur hávær tónlist hljómsveitar sem spilar ótrúlega blöndu af harmonikkutónlist og hröðu salsa á sviði utan við hanaatshringinn, með magnarann á hæstu stillingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN



KÓNGURINN FALLINN Hörðustu bardagarir enda með því að annar haninn fellur í valinn. Aðrir eru stöðvaðir þegar annar haninn hættir að reyna að standa upp. Ef báðir hanarnir standa eftir 15 mínútur er bardaginn stöðvaður og endar í jafntefli. Hanarnir sigra sjaldnast marga bardaga á ferli sínum, jafnvel þótt þeir nái sér að fullu, enda getur ein banvæn árás endað atið hversu reyndur sem haninn er. Kóngur gærdagsins verður því oft kvöldmatur dagsins í dag.

vernd, en slíkt truflar ekki áhugamenn um hanaatið, sem Dóminíkar segja vera í blóði sínu.

Langdregið dauðastríð

Veðmangarar eru dreifðir um áhorfendaskarann. Fyrir hvern bardaga veðja áhorfendur á þann hana sem þeim líst á, og eftir að bardaginn er hafinn hrópa þeir á veðmangarana til að leggja undir á þann hana sem þeim þykir

þyrja bardagann betur. Til að auðvelda áhorfendum að þekkja hanana í sundur er annar með blátt band á fótunum en hinn með rautt. Ekkert er fært til bókar heldur orð látin standa.

Hávaðinn verður fljótlega ærandi, og áhorfendur standa upp til að hvetja sinn hana áfram, hrópa til veðmangarana til að leggja undir meiri peninga, og bölvu og ragna þegar þeirra hani tapar. Lyktin er einnig sérstök,



LEGGJA UNDIR Veðmál eru stór hluti af upplifuninni við að fara á hanaat. Áhorfendur veðja á þann hana sem þeir telja líklegri til að sigra, bæði fyrir bardagann og meðan á honum stendur. Veðmangarar breyta sigurlíkunum, og þar með því hversu mikið þeir sem veðja á hanana græða, eftir að bardaginn er byrjaður.



NÁVÍGI Áhorfendabekkirir eru þéttskipaðir, og áhorfendur lifa sig inn í hanaatið. Návígið við atið er mikið, og sumir þeirra sem sitja á fremstu bekkjum koma með pappaspjöld til að verjast blóðslettum þegar bardaginn færir nær.

blanda af svita og hænsnaskít frá búrunum við innganginn. Þegar á líður bætist blóðlyktin við.

Viðureignirnar taka mislangan tíma. Stundum nær annar haninn fljótt yfirhöndinni og blóðgar andstæðinginn illa. Þá virðist stundum bara tímaspursmál hvernær hinn haninn drepst eða er meiddur svo illa að hann hættir að berjast. Stundum standa bardagarir lengur, og áhorfendum

sem ekki eru sérlega ginnkeyptir fyrir þessu blóðsporti finnst stundum nóg um hversu langdregið dauðastríðið getur verið þegar haninn sem virðist dauðadæmdur reynir endalaust að standa upp. Ef bardaginn endist í 15 mínútur endar hann í jafntefli.

Fyrir áhorfendur er það allt hluti af skemmtuninni hversu óútreiknanlegir bardagarir virðast vera, enda getur hani sem

mars 2008
menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]



**„Það er
verkurinn“**

Þórhildur
Þorleifsdóttir setur
Engisprettarnar,
nýtt serbneskt
verk, á sviði í
Þjóðleikhúsinu.



Stóri salur Í TÓNLISTARHÚSINU

Framtíðarlausn fyrir óperur og söngleiki á Íslandi

NÝTT LJÓÐ EFTIR ÞORSTEIN FRÁ HAMRI ■ TILRAUNAMARAFON Á LISTAHÁTÍÐ ■ HELGI FELIXSON OG MARIANNE GREENWOOD
■ ESTELLE-SAFNIÐ SELT ■ DEMOCRAZY Í HÖFN ■ EGILL HEIÐAR PÁLSSON ■ STORMURINN Í MÁLMHEY ■ GUÐJÓN PEDERSEN
■ TRIO NORDICA FIMMTÁN ÁRA ■ MÚSÍK VIÐ MÝVATN Í TÍU ÁR ■ DUBBELDUSCH Á AKUREYRI

Í TILEFNI AF STÓRAFMÆLUM

Páll Baldvin Baldvinsson

Í liðinni viku minntumst við Þórbergs Þórðarsonar og Steinars Sigurjónssonar, sem báðir eru löngu horfnir héðan og lífa nú í verkum sínum og frjóum hugum lesenda sinna. Í gær átti Þorsteinn frá Hamri sjötugsafmæli og heiðrar hann okkur með kvæði hér á síðunni.

Aðstaða íslenskra höfundar og skálda hefur tekið stakkaskiptum frá því Þorsteinn settist á skálda-bekk ungar maður. Hann man tímann tvenna. Umbreytingar í lögum um listamannalaun á Íslandi sem hér höfðu tíðkast allar götur frá aldamótunum 1900 urðu til þess að hér var efnt til starfslauna-sjóða sem veittu höfundum og öðrum listamönnum starfslaun, meðallaun opinberra starfsmanna, til tiltekins tíma, nokkurra mánaða og örfáum til nokkurra ára.

Þetta kerfi hefur vaxið síðan og svarar engan veginn eftirspurn: listamaður vill vinna að list sinni óskiptur. En jafnvel í þessu kerfi er ótryggt að það gerist. Löng hlé þar sem launþingur er einn á báti og í launasnapi eða kemur sér í aðra fasta vinnu rjúfa samfellu í vinnu. Kerfið er því ekki til þess fallið að tryggja samfellu. Raunar ætti löggjafinn að taka það til endurskoðunar, fella burt stutta styrki, lengja tímabilin í ár hið minnsta og hækka mánaðarlaun í kerfinu.

Þær raddir heyrast enn að kerfið sé óþarft en tala fyrir daufum eyrum. Allur almenningur er löngu orðinn þess fullviss að þær fjárhæðir sem renna í frumsköpun veita okkur hundruð verka þegar upp er staðið. Tuð um dreifingu fjárens er árviss; sumir reikna jafnvel með því að þeir verði ævilangt á slíkum launum. Til þess eru of margir kallaðir, of fáir útvaldir. En mánaðarlaun þarf að efla og eins lengja launatímabilin, til þess að tryggja ávöxtun fjárens, tryggja að höfundar hafi fjárhagslegt næði til að ná langt með verk sín. Vitaskuld erum við að tala um ríkisstyrktar bókmennir: en við fáum í staðinn lesefni sem greinir okkur frá öðrum, gerir okkur að einum söguheimi þar sem lag og ljóð, litur og saga sameina okkur. Það væri þunnt roðið ef við hefðum bara blóðin.



Putin

Tumas og Putin

Hinn kunnir leikstjóri Rimas Tuminas sem hingað kom nokkrum sinnum og setti upp verk Tjekovs í Þjóðleikhúsinu starfar nú sem leikhússtjóri í Moskvu. Í vikunni var greint frá fundi hans með Putin sem



Rimas Tuminas

heiðraði Tuminas með heimsókn á sviðsetningu hans á rússneskum nítjándu aldar gamanleik.

AP-fréttastofan sá ástæðu til að greina frá þeirri heimsókn í vikunni. Þar er greint frá mörgum áhugamálum Putins: hann keyri hraðskreiða bíla og lestir, stýri kafbátum og hljóðfráum þotum, skíði og skarti svarta beltinu í júdí. Nú hafi komið í ljós að hann er áhugamaður um leikstjórn.

Eftir sýninguna ræddu Pútin og frú við leikara yfir te og smákökum og þar fann hann að túlkun einstakra leikara. Aðalpersóna verksins hefði skælt í upphafi og þannig kynnt sem veiklundaður maður sem hann væri ekki. „Þetta er rétt, gott þú segir þetta svo leikarinn heyrir það,“ sagði Tuminas sem leikstjóri sýningunni. „Þetta varðar ekkert leikarann, þú hefur sagt honum að leika þetta svona,“ sagði þá Putin. Hann var aftur ánægður með að verkið hafi tilvísun til okkar tíma. Aðalpersónan gagnrýni þá sem á tíma verksins, árum Napóleons, taki síði eftir Evrópumönnum. „Það ætti að kenna þeim þjóðum sem nýgengnar eru í Evrópusambandið,“ sagði Putin en bætti svo við að hann væri að grínast. En mönnum hefur lærst að öllu gríni hans fylgir alvara.

Tuminas stýrir leikhúsum í Moskvu og hefur samkvæmt yfirlýsingum Baltasars Kormáks falast eftir kröftum hans við leikstjórn þar eystra.



Sýningarskálinn sem hósti tilraunamaraðonið í Serpentine í fyrra.

MYND/SERPENTINE GALLERY

TILRAUNAMARAÐON

Fyrir skömmu var dagskrá Listahátíðar í vor kynnt, sú síðasta sem Þórunn Sigurðardóttir leiðir en Hrefna Haraldsdóttir tekur við hennar starfi í haust. Rík áhersla er lögð á myndlist í dagskránni og standa flestar sýningar fram eftir sumri. Stærsta sýningin verður Tilraunamaraðon í Listasafni Reykjavíkur

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Þórunn Sigurðardóttir



Hans Ulrich Obrist

Rétt eins og á Listahátíð fyrir tveimur árum er stóra verkefnið unnið í samvinnu við erlenda sýningarstjóra. Þá var einum erlendum aðila falið að stýra verkinu, nú verða þeir tveir, Hans Ulrich Obrist og Ólafur Elíasson. Tilraunamaraðonið er unnið í samvinnu við Serpentine Gallery í London þar sem sýning Hreins Friðfinnssonar var í sumar en Hans er þar sýningarstjóri. Hann átti einnig hlut að bandarísku sýningunni sem var í Listasafni Reykjavíkur. Hann hefur einnig komið að Eida-verkefni Sigurjóns Sighvatssonar og unnið að heimildarmyndum með Ara Alexander.

Tilraunamaraðonin hefur Hans skipulagt víðar en þau byggjast á samræðu listamanna, vísindamanna og annarra forkólfa úr opinberu lífi. Samfara þeim samræðugrundvelli sem Hans skipuleggur í kringum stóra viðburði er safnað saman hópi listamanna sem setja upp verk: hér verða á ferðinni stór nöfn úr samtíma-myndlist í bland íslenska krafta: Marina Abramovic, Brian Eno, Ivane Frank, Roger Hiorns, Jonas Mekas, Gustav Metzger, Pedro Reyes. Hekla Dögg og Katrín Sigurðardóttir verða í þessum hóp ásamt fleirum. Eno og Mekas eru báðir þekktir allar götur frá sjöunda áratug síðustu aldar, Eno af vinnu sinni með Roxy Music, Bowie og U2, Mekas sem forkólfur í kvikmyndalist.

Auk þeirra hafa boðað sig í Hafnarhúsið vísindamaðurinn Israel Rosenfeld, stjarnæðlisfræðingurinn Peter Coles, þróunarkenningasmiðurinn Mark Pagel og fleiri. Vafalítið verða íslenskir vísindamenn kallaðir til, en verk-

efnið fær glæsilega kynningu í plöggum Listahátíðar: „...verður Hafnarhúsinu umbreytt í meiri-háttar tilraunastofu þar sem innlendir og erlendir listamenn, arkitektar, kvikmyndagerðarmenn og vísindamenn munu skapa vettvang uppgötvana með fjölda innsetninga, gjörninga og kvikmynda. Að auki verða eldri verkefni tengd þessu þema endurskoðuð og sett upp.“

Hans setti fyrst saman frægt maraðon í London 2006: Serpentine Gallery Maraðon var fyrst haldið árið 2006 með sólarhringsviðtalararaðoni sem arkitektinn Rem Koolhaas, sem var ráðgjafi Reykjavíkurborgar vegna Vatnsmyrarverkefnisins, og Hans Ulrich Obrist stýrðu. Í fyrrahaust fór maraðonið fram í glæsilegum skála sem stóð í garði Serpentine Gallery og hannaður var af Ólafi Elíassyni ásamt arkitektinum Kjetil Thorsen. Þar framkvæmdu kunnir listamenn, rithöfundar og vísindamenn ýmsar, fjölbreytilegar tilraunir sem tengdust rannsóknunum á skynjun, gervigreind, mannlíkamanum og tungumáli. Meðal þátttakenda þar voru John Brockman, Steven Pinker, Marina Abramovic og John Baldessari. Viðburðurinn var unninn í samstarfi við samtímalistastofnunina Thyssen-Bornemiza. Niðurstaða þess verður sérstaklega kynnt í Hafnarhúsinu í skála sem Ólafur Elíasson mun hanna með Einari Þorsteini Ásgeirssyni arkitekt. Sýningarstjórinn, Hans Ulrich Obrist, byggir þennan viðburð að nokkru leyti á sýningu sem hann setti upp ásamt Barböru Vanderlinden árið 1999 í Antwerpen og hét Laboratorium. Gögn frá þeirri sýningu verða einnig hluti af sýningu Hafnarhússins.

Þórunn Sigurðardóttir segir það hafa verið nauðsynlegt að fylgja eftir reynslunni frá næstsíðustu hátíð: nú komi að verkinu miklu fleiri sýningarstjórar þegar litið sé til allra myndlistarviðburða á hátíðinni, margir þeirra íslenskir. Hér sé að þróast hópur sýningarstjóra. Það hafi verið reynslan bæði með Kvikmyndahátíð og poppið að eftir nokkra fylgd með Listahátíð hafi þessar deildir orðið sjálfstæð fyrirbæri: Alþjóðlega kvikmyndahátíðin og Airwaves séu til marks um það. Nú séu hátíðir farnar að spretta upp um allt land og hér í borginni séu hátíðir á borð við Sequences og Vorblót að ná sér á legg.

Þórunn dregur ekki dul á að breytingin úr hátíð á tveggja ára fresti hafi verið til góðs. Meiri samfella verði í starfinu og hugsa verði til langs tíma í rekstri á hátíðum sem þessum. Listahátíð hafi enn þau sérkenni að geta blandað saman áherslum í ólíkum listgreinum og sú hugsun að hátíðin búi til ný atriði veiki enn áhuga manna. Hún var í liðinni viku á kynningarfundum með því fyrirtæki sem vinnur nú í þriðja sinn með Listahátíðinni í Reykjavík við kynningu á dagskránni gagnvart miðlum austanhafs og vestan. Hún segir það samstarf nauðsynlegt til að halda hátíðinni að erlendum blaðamönnum sem séu lykill að því að ná athygli á hátíðina í útlöndum, bæði til að draga að erlenda gesti og eins til að tryggja stöðu hennar í vitund listunnenda og listamanna erlendis.

Þórunn verður við vinnu fram á haust en þá tekur Hrefna Haraldsdóttir við en hún hefur verið framkvæmdastjóri Listahátíðar í sjö ár.

LIÓÐIÐ

Þorsteinn frá Hamri

PAU VÖTN

*Að þeim vötnum
ballar úr höfuðáttum
brekkum
úr blaðsíðum ...*

*Eftir stígum koma stafirnir
fetandi: þetta er fólk!*

*Hvert orð er atvik, og málsgreinarnar
stynja af stórmælum,*

baráttu

salu

og sorg:

Það er hjartablód sem steypist

í hjálparfossnum

stall af stalli,

níður, neðar

*unz vötnin öðlast helgi af hugum og
stundum.*



Sámal Joensen Mikines
26. janúar – 6. apríl



Jóhannes S. Kjarval
5. janúar – 6. apríl

Sýningar á Kjarvalsstöðum



Nína Sæmundsson
26. janúar – 6. apríl

Aðgangur
ókeypis

Free
admission



Byggingarlist í augnhæð
8. september 2007 – 6. apríl 2008

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega 10 – 17.

Leiðsögn á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi
alla sunnudaga kl. 15.

Aðgangur ókeypis.

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt.

LÍFSKÚNSTNER með myndavél

Í vikunni sem leið sýndi sænska sjónvarpið heimildarmyndina Motståndare till längtan eða Andstæðingur dagdrauma eftir Helga Felixson og Titti Jonsson. Myndin fjallar um sænska ljósmyndarann og rithöfundinn Marianne Greenwood og gæti borið fleiri titla: lífskúnstner, flakkari og fyrirsæta. Vinir hennar og samstarfsfólk um árin eru margir þekktir listamenn. Má þar nefna Picasso, Andy Warhol, Fritz Lang og Yves Montand. Myndin verður á dagskrá Ríkissjónvarpsins í apríl.

KVIKMYNDIR HELGA BREKKAN



Helgi Felixson

Ég hitti Helga Felixson í kvikmyndasmíðju hans á Kungsholmen í Stokkhólmi. Þar starfar hann ásamt eiginkonu sinni Titti Jonsson við heimildarmyndagerð.

Titti er farin heim að pakka því á morgun fljúga þau til Suður-Afríku. Þau hafa farið þangað oft og gert heimildarmynd um Fridu, fyrrverandi götubarn, og halda áfram að vinna verkefni þar.

Í mynd sinni „Andstæðingur dagdrauma“ lýsa Helgi og Titti lífi sænska ljósmyndarans Marianne Greenwood, sögu konu sem á sjötta áratugnum yfirgaf mann sinn og son, fór til Antibes, kynntist Picasso, varð ljósmyndari Picasso-safnsins og myndaði fjölda listamanna. Nokkrum árum seinna pakkaði hún niður og lagðist í heimsflakk. Hún skrifaði greinar og tók ljósmyndir fyrir fjölda tímarita. Marianne var á flakki í þrjátíu ár með bakpoka og myndavél. Myndavélina keypti hún eftir að hafa selt giftingarhringinn úr seinna hjónabandi sínu.

Af hverju gerðu þið mynd um Greenwood?

„Ég hitti Marianne fyrir tuttugu árum og langaði þá að gera mynd um hana. En ég vissi ekki hvernig ég ætti að fara að því. Síðan kynntist ég Titti og hún fann bók hennar „Af hverju grætur þú“ í hillu hjá mér. Þá höfðum við samband við Marianne árið 2004. Okkur fannst merkilegt hvað hún var lítið viður-

kennd. Karlmann á hennar sviði hlutu mikla athygli en hún var kona. Það var eflaust ástæðan. En þegar við töluðum við Marianne sagði hún að einhver annar væri að gera mynd um hana. Seinna fékk hún „Women Discovery Award“ í New York og þá hringdum við aftur til að spyrja hvað hefði orðið um myndina. Þá kom í ljós að verkið hafði dagað uppi. Nokkrum dögum síðar heimsóttum við hana í Frakklandi. Við höfum tökurnar á síðustu stundu og því miður hittum við hana ekki oft. Marianne lést 2006 á níftugasta aldursári. Hún var sátt: ljósmyndir hennar voru þá á stórrí sýningu í Stokkhólmi.“

Hvar tókuð þið myndina?
„Við vorum bundin við íbúð hennar í Antibes því hún var veik. Ég notaði mínar eigin kvikmyndir til þess að skapa nærveru í frásögnina. Af tilviljun hef ég ferðast um mörg þeirra landa í Suður-Ameríku og í Kyrrahafi þar sem Marianne dvaldi.“ Helgi hefur gert heimildarmyndir um indjána í frumskógum Perú og eyjarskeggja í Kyrrahafi.

Hvernig kona var Marianne?
„Ákveðin. En okkur kom vel saman. Fyrst horfði hún á okkur sínum ákõfu augum og sagði: „Þið verðið að flýta ykkur. Ég veit ekki hvað ég á eftir að vera hér lengi.“ Hún var búin að taka fram fullt af bókum og ljósmyndum. Marianne leit lengi á mig og sagði: „Að lifa er ævintýri. Það mikilvæga er að

vera ekki að dreyma um það sem mann langar til að gera og missa af núinu. Ef þú ert hér og þú þráir alltaf eitthvað annað, þá tapar þú tímanum... ég er andstæðingur söknuðar og drauma.““

Í myndinni stendur hún við opna glugga við hafið: „Hér bý ég með vindinum. Hann kemur inn og síðan fer hann út aftur. Ég vil auðvitað búa á hafinu, en ég get það ekki. Því er lokið... en samt...“ Og hún starir á marglitt Miðjarðarhafið. „Marianne var fyrsti hippinn,“ segir Helgi. „Hún ólst upp í borgaralegri fjölskyldu og síðan fór hún burt og lifði eins og hippa löngu áður en sú bylgja hófst. Gekkt alltaf berfætt. Hún fæddist í Gallivare í Norður-Svíþjóð 1916 og flutti síðar til Kiruna og Skellefteå með fjölskyldu sinni. Foreldrar hennar ferðuðust mikið og margir þekktir landkönnuðir eins og Sven Hedin og Knud Rasmussen komu á heimilið. Hún fór oft með föður sínum á slóðir Samanna og heillaðist fljótt af lífi þeirra og nálægð við náttúruna. Upp frá því hafði hún mikinn áhuga á frumbyggjum. Marianne ferðaðist áratugum saman bæði í Suður-Ameríku, á Nýju-Gíneu og í Asíu. Ljósmyndir hennar og bækur opna heim sem er ekki lengur til.“

Marianne segir í myndinni: „Ég ljósmynda ekki bara þann sem ég vel að mynda. Ég tek myndir af mínum eigin upplifunum. Þannig deili ég með mér til þeirra sem ég vona að muni einnig

njóta þessara augnablika. Það er tilgangurinn, ekkert annað.“ Í myndinni segir Marianne frá því að hún byrjaði að ferðast þegar ung dóttir hennar dó. „Allt hefur sitt gjald,“ segir hún. „En ekki eins hátt fyrir mig og börnin. Ég var víst aldrei góð móðir.“

Hvernig segió þið sögu hennar?
„Kjarninn er viðtöl við Marianne og son hennar Bertil. Einnig efni úr bókum hennar og ljósmyndir. Það heillaði okkur hvernig hún lifði. Hún lét ekkert hindra sig. Lifði hér og nú. Við vildum koma lífsþorsta hennar og ljósmyndum á framfæri. Síðan lifði hún auðvitað óvenjulegu lífi sem er spennandi. Eins og Titti sagði þá á Marianne það skilið að vera kynnt og fljúga um heiminn.“

Heimildarmyndin um Marianne Greenwood hefur einnig vakið mikla athygli. Hún var sýnd í Svíþjóð í síðustu viku og sáu margir hana á fjölvarpi og breiðbandi. Hún verður brátt sýnd á öllum Norðurlöndunum og hér heima í apríl. Það var mikið skrifad um Greenwood í Frakklandi þegar hún dó og verður myndin sýnd þar og víðar.

Óg hvað er svo fram undan hjá Helga Felixsyni kvikmyndagerðamanni?

„Fyrir utan verkefnið í Suður-Afríku þá er ég að klippa mynd um Skaftfell- ing.“

Hver er það?
„Fljúgandi skip á Íslandi.“
Við biðum bara spennt eftir því að Skaftfellingur lendi.



Marianne Greenwood

ESTELLA-SAFNIÐ SELI

Það er fátítt að á uppboð komi söfn sem varpa skýru ljósi á myndlist heimsveldis frá liðnum áratugum, fjölmennasta veldis heims, þar sem myndlistin hefur gengið í gegnum mikla umbrotatíma. Sotheby's mun í vor og haust selja Estelle-safnið, yfir 200 verk frá Kína á síðustu tveimur áratugum. Þar er að finna mörg lykilverk kínverskra myndlistarmanna, þar á meðal eru verk eftir Ai Weiwei, Zhang Xiaogang, Cai Guo-Qiang and Xu Bing. Er safnið einstakt fyrir þá sök að þar eru verk unnin í ölfu, með vatnslitum, þrykki, þrívíð verk, innsetningar, vídeóverk og ljósmyndir. Sölu-katalógur vegna uppboðanna sem verða í Hong Kong í vor og New

York í haust eru einstakt yfirlit um kínverska samtímamyndlist, enda hafa lykilyfirlitsverk um myndlist þar eystra verið unnin upp úr Estella-safninu. Áhugamönnum um myndlist hér á landi gefst einstakt tækifæri í vor að kynna verkum nokkurra þeirra listamanna sem eiga verk í Estella-safninu þegar Listasafn Akureyrar setur upp sýninguna Facing China á Listahátíð í vor, en það verður að telja eitt merkilegasta atriði Listahátíðar þessa árið. Þar er lögð áhersla á málverkið, en þar á meðal eru verk Zhang Xiaogang (1958) úr Bloodline-seríunni svokölluðu. Eitt lykilverk úr henni er einmitt á uppboði í Hong Kong: Fjölskyldu-

mynd nr. 3 frá 1995, og var fyrst verka í seríunni í mikilli stærð, 179 x 229 cm, unnið fyrir Tvíæringinn í Feneýjum það ár. Verk úr sömu seríu verða á Akureyri í vor. Verð á kínverskri samtímalist hefur hækkað hratt á liðnum árum og valdamiklir safnarar á borð við Saatchi hafa sankað að sér kínverskri myndlist; hann á stórt safn málverka eftir Zhang Xiaogang. Talið er víst að nýtt verðmark verði sett á kínverska myndlist á uppboðinu í Hong Kong. Megnið af verkunum sem verða á Facing China á Akureyri er úr eigu safnara sem Hannes Sigurðsson hefur náð sambandi við. Þar er höfuðáherslan lögð á mannamyndir.



Zhang Xiaogang, Bloodline: The Big Family No. 3 (1995) er metið á tvær og hálfja milljón dala.

Galleri List
Skiptolt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is





eitthvað alveg einstakt



Bókin

bilar ekki



Íslandsatlas
Verð: 17.990,-

Íslensk orðabók
2007
Verð: 12.990,-

Stiklað á stóru um
næstum allt
Verð: 5.980,-

Íslenskir hellar
Verð: 17.990,-

Biblían
Verð frá: 5.980,-

Maðurinn
Verð: 9.980,-

Þessar bækur og margar fleiri færðu á fermingartilboði í næstu bókabúð:

Spænsk-íslensk orðabók / Stafsetningarorðabókin / Dönsk-íslensk orðabók / Ensk-íslenska orðabókin / Stóra orðabókin / Erró í tímaröð / Íslandssagan í máli og myndum / Íslensk tunga I–III / Íslenski hesturinn / Jörðin / Mergur málsins / Stóra myndorðabókin / Íslendingasögur / Af hverju er himinninn blár? / Don Kíkóti / Edda – með málverkum / Einar Már: Ljóð 1980–1995 / Eldgos / Frankenstein / Halldór Laxness / Goðheimar bernskunnar / Hamingja í lífi og starfi / Ísland í hers höndum / Íslensk fjöll: Gönguleiðir á 101 tind / Íslenska bílaöldin / Ljóðasafn Hannesar Péturssonar / Ljósmyndarar á Íslandi 1845–1945 / Tryggvi Ólafsson: Málverk í 20 ár / Merkisdagar á mannsævinni / Mynd á þili / Opinberun Jóhannesar / Saga daganna / Skáldalíf / Ísland í aldanna rás / Snert hörpu mína / Snorri Hjartarson: Kvæðasafn / Veður og umhverfi / Völuspá / Þorsteinn frá Hamri: Ritsafn / Vefbækur – áskrift í 2 ár



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

TÓNLISTARHÚSIÐ rís úr jörð

Framkvæmdir við Tónlistarhúsið sýnist vegfarendum að gangi örugglega og fulltrúar byggingaraðila láta vel af gangi mála. Stórútbóð á tæknibúnaði eru í gangi: Hljóðkerfi og stólar í alla sali hússins. Í byrjun mánaðar lauk keppni um nafn á þetta mikla mannvirki sem mun ásamt aðliggjandi byggingum gerbreyta Kvosinni. Enn er ekki ljóst hvernig stjórn þessa húss verður háttað og enn deila menn um hvaða starfsemi komist þar fyrir.


MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Tilgangur með byggingunni var tvennur: húsið verður starfsstöð Sinfóníuhljómsveitar Íslands og mun að auki hafa sali af ýmsum stærðum sem geta hýst aðra tónlistarviðburði. Þá var ætlunin að reisa hús sem réði við stærri alþjóðlegar ráðstefnur og fundi sem hingað geta sótt en skortur hefur verið á húsnæði í Reykjavík sem gæti með samhæfðum hætti hýst stærstu viðburði þeirrar gerðar. Þessum tveimur markmiðum er náð með hönnun hússins. En hvað fleira verður þar á boðstólum? Deilur um húsið hafa risið nokkrum sinnum og haft á sér þokkalegt svipmót miðað við íslenska umræðuhefð. Hver sem kynnr sér gögn um húsið sem tiltæk eru skynjar fljótt að hér er byggt til framtíðar. Það liggur í eðli máls að sá kostur að reisa mannvirkið sem einkaframkvæmd sem yrði í einkarekstri en ekki opinberum leysti eigendur undan því að húsið lenti í samkeppni við önnur samkomuhús sem hafa byggt upp aðstöðu til samkomuhalds og ráðstefnuþjónustu: Háskólabíó, stærri hótelsali svo dæmi séu nefnd, jafnvel hús í eigu opinberra aðila eins og Salinn í Kópavogi og Borgarleikhúsið.

Ráðstefnur
Ráðist var í bygginguna að loknu ítarlegu rannsóknarferli á framtíð alþjóðlegs ráðstefnuhalds: þar verða að vera í gangi smærri og stærri ráðstefnur allt árið og mun þurfa mikið apparat til að keyra

þá sölumennsku áfram. Talsmenn Portus sem á og rekur húsið hafa þegar lagt í mikla vinnu til að kynna húsið á alþjóðavettvangi. Segir Þórhallur Vilhjálmsson, markaðsstjóri Portus, að þegar sé farið að bóka húsið og horfi vel með þann þátt í rekstrinum. Húsið er stór og gríðarmikil þjónustustofnun og mun kalla á margt starfslíð sem ekki verður hægt að láta sitja aðgerðalaust dag eftir dag. Á íslenskan mælikvarða mun þetta gímald því kalla á miklu starfsemi á ráðstefnusviðinu árið um kring.

Sinfóníutónleikar
Ótti forráðamanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands við að hljómsveitin búi ekki við nægar vinsældir alla jafna til að fylla 1800 manna sal er eðlilegur. Með hóflegri bjartsýni gera menn sér í hugarlund að aðsókn aukist að tónleikum. Aðalsalur hússins er reyndar þannig hannaður með gólfi, þremur svölum og hliðarsvölum (minnir raunar mikið í sniði á gamla sal Þjóðleikhússins fyrir breytingu 1991) að vel má flytja þar verk fyrir hálfu húsi – núu hundruð gestum sem er fullt Háskólabíó. Þá getur hljómsveitin spilað í smærri sölum og þannig tekst á við það verkefni að tvöfalda, ef ekki þrefalda aðsókn að tónleikum sínum. En sú spurning vaknar eðlilega hvort ekki verði að endurskoða að einhverju leyti starfstíma hljómsveitarinnar ár hvert en hún starfar ekki á sumrin. Þegar er farið að huga að verkefnaskrá hljómsveitarinnar



upphafsárin í húsinu.

Stóri salurinn

Stóra deilan var um svið aðalsalar í húsinu og hvort væri hægt að setja upp sviðsverk, óperur og söngleiki. Var á sínum tíma gagnrýnt að þar skyldi ekki hugsað fyrir fullkomnum búnaði til slíkra sýninga og munar þar mest um svokallaðan turn sem býr yfir flugkerfi svo hifa megi upp stórar leikmyndir og þarf því að vera jafnhár sviðsopi. Töldu ráðamenn Íslensku óperunnar að þannig væri spornað gegn óperusýningum í húsinu og sögðu sig frá afskiptum af byggingunni.

Í ljósi þess að aðalsalnum er fyrst og fremst ætlað að vera tónleikahús var hönnun þar svo háttað að yfir hljómsveitinni er hljómskjöldur, flekar sem endurkasta hljómi út í salinn. Þetta er heljarmikill samsettur fleki, um 70 tonn á þyngd og má lækka hann og hækka eftir því hvaða hljómburði menn vilja ná. Hann nær frá sviðsbrún inn í sviðsbotn og útlókar að turn eins og tíðkast í leikhúsum yrði byggður yfir sviðinu. Minna má á að í Háskólabíói er turn sem getur bæði geymt tónskjöld og stórt kvikmyndatjald.

Tæknileg aðstaða

Til að mæta kröfum um leiksýningar í stóra salnum er gert þar ráð fyrir lýsingabúnaði sem hentar. Þá var hönnun á salnum breytt snemma þannig að í honum er hljómsveitargryfja sem tekur rúmlega hundruð hljóðfærleikara. Að auki er gert ráð fyrir hringsviði

sem leggja má ofan á gólf sviðsins og er 13 metrar í þvermál. Það getur legið við sviðsbrún eða aftar á sviðinu. Þá eru möguleikar á flugi úr tónskildinum með dreifðum togpunktum sem hver um sig tekur tonn. Af þessu má ráða að miklir möguleikar eru á stórum sviðsetningum í þessum aðalsal.

Sviðsop eiginlegt er ekki í stóra salnum. Áhorfendasvæði og svið aðgreinir ekki sviðsrammi eins og gestir þekkja úr flestum húsum hér á landi með sviði. Þá eru aðkomuleiðir inn á sviðið ekki margar, ein stór hurð fyrir miðjum sviðsbotni sem leyfir aðgang stærri gripa, auk tveggja hliðarhurða sem eru í mjósta lagi, t.d. fyrir stóran kór sem þarf að komast hratt inn á sviðið öðrum megin frá. Þá hefur reyndar verið bent á að rými umhverfis stóra svið Þjóðleikhússins er ekki ýkja mikið, að ekki sé talað um hús eins og Gamla bíó, Háskólabíó og Austurbæjarbíó. Raunar er Borgarleikhúsið eitt húsa með bærilegum hliðarsviðum sem leyfa að leikmyndir má keyra inn á sviðið, jafnframt því að þær séu hífðar upp.


Framtíðarmúsík

Nú kunna menn að spyrja: skiptir þetta nokkuð máli? Því er til að svara að stofnanir á borð við Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur og Íslensku óperuna hafa átt í verulegum erfiðleikum við stærri sýningar. Stærstu salir í leikhúsum þeirra taka á bilinu 400-500 gesti. Framlegð af hverri sýningu í stærri verkefnum nær ekki kvöldkostnaði, hvað þá upp í stofnkostn-

að. Allir þeir sem ráðist hafa í stærri sýningar með stóra hópa starfsmanna á kvöldi hafa barist við það sama: öll eldri hús í Reykjavík voru of lítil til að skila þeirri framlegð sem dugði – sýningar voru alltaf reknar með tapi. Og þá má spyrja hvort þeirri þróun verði snúið við með hinum nýja sal? Stóri salurinn í Tónlistarhúsinu er framtíðarsalur fyrir stórsýningar Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins, Leikfélags Reykjavíkur og einkaðila. Grundvöllur þess er sætafjöldi (1500 sæti ef gryfja er í notkun) og aðstaða á og yfir sviði, þótt þröngt sé um aðkomur og flugkerfi hafi takmarkaða möguleika. Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður vann á sínum tíma skissur fyrir Sviðsmyndir um möguleika á leikmyndabyggingu inn í sviðið: hann tók eldri leikmyndir og hugmyndir að nýjum og mátaði í plássíð. Hans niðurstaða var að það væri vel hægt að vera með stærri sýningar í þessum sal: „Þetta er spurning um tæknilegt skipulag,“ segir hann. Æfa verður í öðru húsnæði, hugsanlega að setja upp hluta leikmynda þar og vinna þær í einingum sem passa í gáma og komast auðveldlega inn og út af sviðinu.

Sóknarfæri

En niðurstaða hans og fleiri í leikhúsbransanum er hin sama: Framtíð á rekstri þess háttar sýninga í salnum byggir á að hann hýsi enga aðra starfsemi meðan á sýningarframbili stendur, hvort sem það heimtar tvær vikur eða tíu, og jafnframt að viðkomandi sýning hafi



Handan um höf – Helgi Hálfðanarson



Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir



Ferðalok – Jónas Hallgrímson 1807–1845



Surtsey – jörð úr ægi



SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is
Veitingar á virkum dögum.
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn á íslensku um handritasýninguna í hádeginu kl. 12.10 á fimmtudögum. Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum.
Í versluninni: Myndlistarsýning Erlu Þórarinsdóttur – Sameign. Opinberými.





Tónlistarhúsið séð úr lofti við Austurhöfnina. Myndin sýnir ekki skipulagsbreytingar á Lækjartorgi, en gefur vel til kynna það byggingarmagn sem fyrirhugað er að risi á umráðasvæði Portus Group á svæðinu. Sedlabankahúsið er smábygging miðað við önnur hús sem þarna munu rísa. Myndin er frá upphafsögum kynningar á verkinu. Mynd/Portus Group.

slíkt aðráttarafl að hún kalli á skömmum tíma til þúsundir áhorfenda. Svo dæmi séu tekið: La Traviata var sýnd hér á sextán sýningarkvöldum fyrir á milli sjö og átta þúsund gesti. Með sömu aðsókn hefði mátt sýna óperuna í stóra salnum í Tónlistarhúsinu fyrir 1500 gesti á kvöldi á fimm sýningarkvöldum á tveimur vikum.

Hafa forráðamenn í Þjóðleikhúsi, hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Íslensku óperunni tekið þennan möguleika með í áætlunum sínum? Nei. Það er hættulegt fyrir Íslensku

óperuna ef hún efnir ekki til fullburða sýningar í húsinu á fyrsta starfsári þess og Sinfóníuhljómveit Íslands komi beint að slíkum viðburði. Takist vel um óperuflutning einu sinni í Tónlistarhúsi þarf ekki að velta fyrir sér draumi Kópavogsmanna að reisa þar óperu- og söngleikjánhús.

Annamarkar

Hvaða ljón eru á veginum fyrir rekstri á stórsýningum í Tónlistarhúsinu? Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Portus, segir

þá stefna að því að húsið verði nýtt til stórra sviðsetninga. Áhugi á að fá þar inn óperur og söngleiki sé ríkur og allt verði gert til að gera húsið að heimili fyrir sviðsverk. Í frágangi salarins stóra er litið til allra þátta í þörfum stórra sviðsverka þótt þau deili sviðinu með annarri starfsemi.

Ekki er vitað hvaða augum forráðamenn Sinfóníunnar líta rekstur í salnum af þessu tagi sem yrði heldur betur búhykkur fyrir félagi þeirra í hópi tónlistarmanna, og spilara í Sinfóníunni:

hverjir aðrir munu sitja þar í gryfju á tuttugu til þrjátíu sýningarkvöldum á vinsælum verkum? Ekki er vitað hvaða kjör bjóðast framleiðendum sýninga til langra sýningarskeiða í húsinu en það mun eðlilega miðast við almenn kjör og sérkjör Sinfóníunnar.

Það er því ljóst að dyr Tónlistarhússins eru galopnar fyrir sviðsverkum sem hafa aðráttarafl fyrir fjöldann. Þannig fyllist húsið af fólki, dag eftir dag, viku eftir viku, árið um kring og verður ekki tóm skel.



Á öllum sviðum lífsins

Frábærar sýningar á fjölunum

- Tónlistar og ráðstefnuhúsið í Reykjavík er 28 þúsund fermetrar að flatarmáli.
- Það rís á lóð sem er sex hektarar en auk þess verða aðrar byggingar á lóðinni: hótél, bílastæði, viðskiptamiðstöð og höfuðstöðvar landsbankans
- Bílastæði við þennan byggingakjarna verða 1600.
- Kostnaður við byggingu Tónlistarhúss var áætlaður 14 milljarðar. Framkvæmdir á öllu svæðinu voru á sínum tíma metnar á 60 milljarða.
- Bygging Tónlistarhússins er framkvæmd af einkaaðilum samkvæmt samningi Portusar og Austurhafnar sem er í eigu ríkissjóðs og borgarsjóðs.
- Eigandi hússins og rekstraradili verður Eignarhaldsfélagið Portus sem ríkið greiðir árlegt gjald til í rekstur hússins næstu 35 ár. Eigendur Portus eru Landsbankinn og Nýsir hf.
- Húsið verður heimili Sinfóníuhljómveitar Íslands og eru í húsinu æfingasalir og skrifstofur fyrir hljómsveitina. Hún hefur yfir að ráða stóran æfingasal. Hljómsveitin hefur gert leigusamning við húseigendur til 35 ára.
- Fjórir salir eru stærstir í húsinu: sá stærsti er sérhannaður hljómléika og sýningasalur sem tekur mest 1800 gesti í sæti.
- Næst stærstur sala hússins er ráðstefnusalur sem getur hýst tónleika og rýmir 1000 standandi gesti en mest 750 sitjandi gesti. Honum má skipta upp í tvo minni sali.
- Þriðji salurinn er æfingarsalur sinfóníunnar og getur tekið ríflega 400 gesti í sæti.
- Fjórdi salurinn tekur 180 gesti og hefur verið kallaður einleikarsalur
- Áætluð vígsla hússins var fyrirhuguð í desember 2009. í mars 2010 er sextíu ára afmæli sinfóníunnar og 40 ára afmæli listahátíðar er í maí 2010.



„Hafi maður efast um að Sólarferð Guðmundar væri rétta verkið til að endurnýja kynni íslenskra áhorfenda við texta hans þá sópar sýningin öllum efasendum úr huganum.“

María Kristjánsdóttir, MBL, 17/2.

Sólarferð

e. Guðmund Steinsson



Engisprettur

e. Biljana Srbljanovic

Frumnýning á Stóra sviðinu 27.mars



„Þetta var ekki hefðbundin kvöldvaka.“

Elísabet Brekkan, FBL, 13/2

Baðstofan

e. Hugleik Dagsson



„Skilaboðaskjóðan er óhemju frumlegt, fjörugt og falllegt verk, og þessi uppsetning á skilið að lifa lengi.“ Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is.

Skilaboðaskjóðan

e. Þorvald Þorsteinsson



„Eitursnjallt leikrit.“

Gerður Kristný,
Mannamál/Stöð 2, 10/2

„...Sýningin er besta skemmtun.“
Þröstur Helgason,
Lesbók Mbl, 9/2

Vígaguðinn

e. Yasminu Reza

Minnum á gjafakortin og miðasölu á netinu

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á leikhusid.is

Ath. Miðasalan verður lokuð yfir páskana

„ÞAÐ ER VERKURINN“

Þórhildur Þorleifsdóttir hefur staðið í ströngu við sviðsetningu á Engisprettunum í Þjóðleikhúsinu sem verða frumsýndar strax eftir páska. Verkið mikilvægt og flókið þar sem á takast mikil örlög, grátbroslegar persónur í skugga borgarastyrjaldar sem hefur skilið eftir sig ör á sál og líkama þj

Sólin er heit á svölunum hjá Þórhildi og Arnari á Skólavörðustígnum þaðan sem bakgarðar á gamla Brennutúninu blasa við. Þau hafa flutt sig um set á Óðinsgötunni og eru nú við vegamótin: hér mætast stígar kenndir við Skólavörðuna, Veghús og Bergstaði. Það er steinkast á Kjaftaklökkunum þangað sem fólk safnaðist fyrir rúmri öld er líða tók á daginn og spjallaði saman meðan fylgst var með bátum koma úr ródri: þar er nú bílastæðahús sem tæmist milli fjögur og fimm og fyllist aftur.

Hver vinnur Eurovision í ár?

Serbía er í brennidepli: þar var boðað til kosninga fyrir rétttri viku og verður þar bæði kosið til þings og sveitarstjórna í annari viku máf. Augu Evrópu verða því ekki bara á Serbíu vegna Eurovision: þar eru nú stjórnmálaátök með skarpara móti en um langt skeið sökum sjálfstæðis Kosovo sem íslensk stjórnvöld hafa nýlega viðurkennt og veldur miklum átökum í samfélagi landa á Balkanskaga. Og beint inn í þennan raunveruleika sem birtist okkur mest sem æsingur yfir hvernig okkar fólk gangi í slagara-keppni Evrópu koma Engisprettarnar á svið í Þjóðleikhúsinu.

Engisprettarnar er verk sprottið úr samfélagi sem hefur gengið í gegnum harkalega borgarastyrjöld. Það eru þrettán ár síðan skáldkonan, Srbljanovic, hóf upp raust sína og öll verk hennar endurspeglar það ástand sem ríkir með Serbum og nálægum þjóðum. Hún hefur fengið mikið lof og aðdáun fyrir leikverk sín, stendur sjálf í miðri hríðinni sem nú geisar í serbnesku samfélagi.

Það er verkurinn

Engisprettarnar eru ansi flókið verk en virðist vera fjarska einfalt.

„Eins og öll góð verk virðist það vera einfalt á yfirborðinu en svo taka við einhverjar ómálisdýptir. Hún er náttúrulega bara nýr Tjekov. Þau sjá bæði mannskepnuna í heldur neyðarlegu ljósi. Hún leiðir fram á sviðið fólk sem er fórnarlömb ekki tveggja, heldur þriggja eða fjögurra styrjalda. Endalaus valdníðsla ofbeldis og stríða er sá raunveruleiki sem hún fjallar um. Borgarastyrjaldir eru hræðilegastar allra styrjalda og úr þeim sleppur enginn heill. Persónurnar í Engisprettum eru meira og minna brenglaðar, tættar. En um leið hefur höfundurinn ást á þeim og það á hún sammerkt með Tjekov. Hún lítur á þær af manngæsku. Tjekov sagðist skrifa gamanleiki. Það er hægt að leika Engisprettarnar sem gamanleik. Verkið er meinfyndið og ekki hægt að rýra verkið þeim eiginleika.“

Það er verkurinn við að setja upp verkið: að draga upp úr djúpunum sársauka-

ann, örvæntinguna, firringuna og hræðsluna. Og samt er fólkíð hlægilegt. Þetta er viðfangsefnið og það er heillandi.“

Talað í gátum

„Austantjaldsþjóðir eru svo vanar að lesa í það sem sagt er undir rós eða með táknrænum hætti. Þar eru áhorfendur vanari að lesa í verkið en við sem erum vönust því allt sé uppi á borði. Þá er ekkert eftir sem má velta fyrir sér. Engisprettarnar eru fullar af umhugsunarfnum. Það kemur meira og meira í ljós eftir því sem maður kynnist verkinu betur. Það er ekki vafi að hún er að tala um Júgóslavíu. Persónurnar eru tákn fyrir öll þessi smáriki sem urðu til þegar þar fór allt í bál og brand.“

Ég ætla ekkert að mata fólk á því með teskeið en það má hjálpa því: Ás verksins er amman sem aldrei sést en alltaf er verið að segja sögur af. Hún er þjóðartákn. Svo er barnabarn hennar, Nadežda, sem er bara ósköp venjuleg og er sér á báti í verkinu, af því að allar aðrar persónur eru meira og minna skrytnar. Enginn vill tala um það sem liðið er og þess vegna forðast fólk hvort annað. Umgengst ekki. Það er allt of mikið í fortíðinni sem má ekki tala um. Eina manneskjan sem talar um fortíðina og framtíðina er Nadežda. Vegna þess að hún hugsar um hið líona í núinu getur hún hugsað til framtíðar. Hún er líka forspá og hefur margar athyglisverðar gáfur sem henni sjálfri þykja ekkert merki- legar. Í enda verksins flytur hún inn í tóma íbúð ömmu sinnar. Hún er með arf- inn en er laus við farangur fortíðarinnar. Enda þjóðir nafnið Nadežda von.

Svo erum við með manninn sem alltaf flýtur ofan á, og hugsjóna- og fræðimanninn sem enginn hlustar á. Svo höfum við sjálfan Kommúnistaflokkinn þarna á sviðinu eða Titó, eða Milosevic, hvernig sem við viljum lesa úr því. Tákn- gervi hins deyjandi valds og það er svo deyjandi að það hefur ekki talað í tíu ár.“

Plágan og engisprettarnar.

„Við erum spurð út í þennan titil, Engisprettarnar. Engisprettarnar er skemmtilegt skordýr sem við rekumst á á ferðum okkar til suðlægari landa. En eins og segir í Bibíunni var engisprettan ein af plágunum. Þar sem engisprettufaraldur fór um var öllu eytt. Mannfólkið er eins og engisprettarnar: Við förum um eins og faraldur og eirum þá engu lífi, skiljum eftir okkur slóð eyðileggingar og er ekkert heilagt, eins og mörg dæmi sanna.“

Mér finnst merkilegt að í þessu verki er unga skáldkonan að ráðast á sinnuleysi þjóðar sinnar og ekki síður á það hvernig samband kynslóða er rofið með samfélagsháttum. Sú sátt sem boðuð er í verkinu lýsir sér í því að unga kynslóðin tekur hina eldri í faðm sinn, sinnir þeim sem eru komnir vel á aldur. Og ef sú boðun á ekki erindi við okkur veit ég ekki hvað á erindi við okkur.“

Það er stór hópur sem Þórhildur hefur yfir að ráða í sýningunni: Gunnar Eyjólfsson elstur, Arnar Jónsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Hjalti Rögnvaldsson, Eggert Þorleifsson, Pálmi Gestsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Friðrik Friðriks- son, Þórunn Lárusdóttir, Sólveig Arnarsdóttir og Þóra Karítas Arnadóttir. Leikmynd gerir Vytatas Narbutas sem Lárus Björnsson lýsir. Tónlist er eftir Giedrus Puskunigis, en búninga gerir Filippía Elísadóttir. Þýðingu vann Davíð Þór Jónsson eftir þýskum og dönskum þýðingum. Frumsýning verður eftir páskana, þann 27. mars.

Lafi enn þá inni

Það eru misseri síðan Þórhildur vann við leikstjórn, þá reyndar á flóknu og erfiðu verki eftir aðra skáldkonu frá miðju Evrópu, Elfriede

Jelinek. Þótt hlé hafi orðið á leikstjórn segist hún ekkert hafa dottið út. Elsta kynslóð íslenskra leikstjóra er að mestu horfin af vettvangi: Sveinn Einarsson, Brynja Benediktsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Stefán Baldursson, María Kristjánsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, jafnvel Kjartan Ragnarsson svo ekki sé talað um marga yngri spámenn. Hópur ungra og reynslulítilla leikstjóra fær forgang og framgang í flestum leikhúsum landsins.

„Það er best að orða það svo að ég lafi inni. Ég hef verið lengst allra sjálfstætt starfandi leikstjóri, ekki með fast starf í öðru hvoru stóru leikhúsum. Ég hef alltaf haft nóg að gera, þótt það hafi verið minna undanfarið en ég hefði kosið. Ég hefði líka talið að það væri afskaplega gott fyrir leikhúsin að þar væru fleiri en ég sem hefðu mikla reynslu og meiri þekkingu í leikstjórn í vinnu. Fólk í þessu starfi batnar með aldrinum, kann að greina hluti öðruvísi. Ég finn með sjálfa mig, að ég hef minni og minni áhuga á formi og meiri áhuga á innihaldinu eftir því sem árin færast yfir. Ég deili því með mörgum sem fá að eldast í þessu starfi og með öllum menningarþjóðum fær nú fólk að gera það.“

Flóttinn í formið

„Ég skil mjög vel að ungir leikstjórar takist fyrst og fremst á við formið. Þá hefur ekki reynslu af lífinu og mannfólkinu og þekkingu til þess að takast á við persónur og innihald. Þannig að þú flýrð yfir í formið. Fyrir unga leikstjóra er ágætt að hafa þá reynslu í pokahorninu. Ég hefði gríðarlegan áhuga á formi og sé þetta mikið hjá mörgum ungum leikstjórum, þó sú skynvilla sé í gangi að það sé eitthvað nýtt að fólk hafi áhuga á því. Nánast alla síðustu öld voru menn að fast við form.“

Þegar menn tala nú um form þá eru þeir yfirleitt að tala um sjónrænar upplifanir. Það er ekkert gert mikið af því að fást við leikformið sjálf – hvernig leikarinn leikur – sem er sérkennilegt. Það er mikið um raunsæisleik, mér liggur við að segja smáan sjónvarpsleik inni í miklum sjónrænum upplifunum: leiktjöldum, búningum, ljósum, alls konar hugmyndum, en eftir stendur leikarinn. Það væri hægt að setja hann fyrir framan sjónvarpskameru og hann myndi sjálfsgagt virka betur þar með sinn raunsæisleik.“

Slök sjálfmynd

„Leikhúsið hefur gefist upp á grunnhlutverki sínu að skilgreina sig sem tjáningartæki. Sú uppgjöf stafar af því að það er engin umræða í gangi um hlutverk leikhússins, aðferðir og þekkingu. Við náðum því þó á sjöunda og áttunda áratugnum og sú umræða teygðist fram á þann niunda. Leikhúsið lenti undir valtara póstmóðernismans og var fullkomlega meðvitundarlaus um það. Það var eins og menn vissu ekki í hverju þeir hefðu lent. Ég held sökum skorts á almennt umræðu hvað var í gangi.“

Það er eitt af því sem leikhúsfólk verður að gera, að greina sífellt samfélagið. Listin er dýpsta sjálfskoðun og sjálfstjáníning hvírrar þjóðar. Menningarstofnanir og listamenn eiga sífellt að skoða samfélagið og greina það til þess að á einhvern hátt sýna samfélaginu aftur hvernig það er, gagnrýna það, ýta undir, hafa áhrif á hvernig við upplifum og skoðum okkur sjálf. Hugmyndafræðileg umræða er gríðarlega nauðsynleg í leikhúsi og hefur verið bannorð hér um hríð, nema í kreðsum sem leggja stund á hana innan akademíunnar. Hugmyndafræðileg umræða á sér ekki lengur stað inni í leikhúsunum.“

Bara það sé í plús

Ríki og borg setja hundruð miljóna inn í rekstur dýrra og stórra húsa einmitt til þess að þar verði miðstöð slíkrar umræðu, miðstöð alvarlegrar listsköpunar? Það er hlutverk þeirra.

„Nei, það held ég að sé einmitt ekki lengur skilgreint hlutverk þeirra. Ég held að ríki og borg ætlist fyrst og fremst til þess að leikhúsin fylli áhorfendasalana og skili sæmilegri afkomu. Uppi í Borgar-



leikhúsi heitir það að reksturinn gangi vel ef útleigur og gestaleikir fylla húsið, hvað sem líður Leikfélagi Reykjavíkur. Og þetta er það sem verið er að biðja um.

Enda er engin menningarumræða meðal stjórnmálamanna. Þú heyrir hana aldrei. Þeir eru svo gersamlega blindir að það er ekki einu sinni að þeir fatti það. Þeir virðist ekki einu sinni hafa þá hegðunarmátt að þeirra verður frekar minnst fyrir stórar hugmyndir um að bæta og breyta samfélagið, styrkja menningarstarf, en þess hvað stendur í vegalögum. Allir gleyma því. Hitt skapar mönnum minnisvarða. Nema þeir nái að drepa nógu marga sem ég á nú ekki von á að íslenskir stjórnmálamenn ætli að fara að drífa sig í.“

Staða leikhópanna

Bæði forkólfar sjálfstæðra leikhópa og eldri leikhúsmenn á borð við Svein Einarsson hafa nýlega talað um misvægi fjármagns til stofnana á borð við leikfélagin gömlu syðra og nýrðra og Þjóðleikhússins. Viltu bæta við þá umræðu?

„Auðvitað verða sjálfstæðir leikhúshópar einhvers staðar að hafa athvarf. Aðstaða leikhópa er ekki hluti ef vitrænni stefnu í menningarmálum hjá borg og ríki. Það er bara nóg að þeir tóri og fari ekki á hausinn. Í sjálfstæðum leikhópum sem hafa mjög litla peninga getur enginn þroskast eða þróast þegar

23.2.–25.5.2008

Einar Falur Ingólfsson

STAÐIR / PLACES

ÚR DAGBÓK / FROM A VISUAL DIARY 1988–2008

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE

Í nútíma fasteignaviðskiptum eru gerðar meiri kröfur til fagmennsku og vandaðra vinnubragða. Við hjá Domus göngum lengra í þjónustu við þig, sem skilar sér í traustum viðskiptum og ánægðari viðskiptavinum.



- Akureyri
Hafnarstræti 91-95 | Sími: 440 6110
- Akranes
Kirkjubraut 12 | Sími: 440 6150
- Blönduós
Þverbraut 1 | Sími: 440 6170
- Borgarnes
Borgarbraut 61 | Sími: 440 6140

- Egilsstaðir
Kaupvangur 3a | Sími: 440 6120
- Reyðarfjörður
Búðareyri 1 | Sími: 440 6130
- Reykjavík
Laugavegur 97 | Sími: 440 6000
- Vestmannaeyjar
Bárustígur 15 | Sími: 440 6160

Jón Eiríksson hdl.
löggitur fasteignasali





105 Reykjavík

Verð 158 millj.
Fjöldi herbergja 9
Stærð 496,8 fm
Byggingarár 2008
Annað Nýtt einbýli

Stigahlið

Glæsilegt einbýlishús á stórum lóð með góðu útsýni á besta stað. Um er að ræða virkilega vel hannað hús með stórum gluggum og útgengi úr öllum svefnherb. á svalir. Húsið er teiknað af Gunnari Óskarssyni og hönnun raflagna frá Lumex. Einstakt tækifæri til að tryggja sér nýja eign miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Halldór Jónsson
viðskiptastjóri
halldar@domus.is
sími 664 2100



SÖLUSÝNING

Sunnudag kl. 15:00-15:30



105 Reykjavík

Verð 15,9 millj.
Fjöldi herbergja 2-3
Stærð 47,5 fm
Byggingarár 1942
Annað Frábær staðsetning

Miðtún 70

Falleg 2-3ja herbergja 47,5 fm íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, baðherbergi og 2 herbergi. Björt og falleg íbúð á vinsælum stað.

Præstur Magnússon
sölufulltrúi
throstur@domus.is
sími 664 6030



108 Reykjavík

Verð 87 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 347 fm
Byggingarár 1983
Annað Frábær staðsetning.



Síðumúli

Mjög gott verslunar- og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Húsnæðinu er skipt í stóran sal, skrifstofu, kaffistofu, geymslur og snyrtingar. Húsnæðið er í góðu standi. Frábær staðsetning og gott auglýsingargildi. Laust við kaupsamning.

Halldór Jónsson
viðskiptastjóri
halldar@domus.is
sími 664 2100



105 Reykjavík

Verð 22,9 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 82,5 fm
Byggingarár 1957
Annað Frábær staðsetning



Bugðulækur

Falleg íbúð í kjallara með sérinnngangi á vinsælum stað í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, eldhús og stofu í sameign er geymsla og sameiginlegt þvottahús. Stutt í alla þjónustu og íþróttamiðstöðin Laugar í göngufæri.

Elsa Þórolfssdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



107 Reykjavík

Verð 31,9 millj.
Fjöldi herbergja 3
Stærð 86,7 fm
Byggingarár 1943
Annað Einbýlishús



Lágholtsvegur

Fallegt einbýli á besta stað í vesturbænum með frábæru útsýni yfir Sundin. Eignin skiptist í gang, eldhús, baðh., stofu, borðstofu og tvö herbergi. Húsið er klætt að utan með steniplötum. Eign sem gefur mikla möguleika, frábær staðsetning.

Halldór Jónsson
viðskiptastjóri
halldar@domus.is
sími 664 2100



105 Reykjavík

Verð 48,9 millj.
Fjöldi herbergja 6
Stærð 186,6 fm
Byggingarár 1942
Annað Frábær staðsetning



Miðtún

Fallegt einbýlishús með bílskúr á vinsælum stað miðsvæðis í Reykjavík. Húsið er á 2 hæðum með góðum garði. Aðkoma að húsinu er á efri hæð sem skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, stofu, borðst. og herbergi. Á neðri hæð eru 3 herb. og þvottahús.

Halldór Jónsson
viðskiptastjóri
halldar@domus.is
sími 664 2100



201 Kópavogur

Verð 31,4 millj.
Fjöldi herbergja 4
Stærð 124,1 fm
Byggingarár 2001
Annað Fallegt útsýni



Jötunsalir

Mjög rúmgóð, björt og falleg eign í Salahverfinu í Kópavogi. Íbúðin er á 3. hæð í góðri lyftublokk auk sérmerks staðis í bílageymslu. Góðar suðursvalir með fallegu útsýni.

Heiðrún Sigurðard.
sölufulltrúi
heidrun@domus.is
sími 664 6032



735 Eskifjörður

Verð Tilboð
Fjöldi herbergja 8
Stærð 266,8 fm
Byggingarár 1977
Annað Skipti á eign í Reykjavík



Fagrahlið

Glæsilegt 266,8 fm einbýli á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað. Sér íbúð er á neðri hæð hússins ásamt rúmg. bílskúr og forstofu. Búð er að taka inn hitaveitu í húsið. Aðeins 5 mín. akstur er að álverinu. Glæsileg eign sem býður uppá mikla möguleika.

Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024



730 Reyðarfjörður

Verð
Fjöldi herbergja 6
Stærð 196 fm
Byggingarár 2006
Annað Skipti á eign í Reykjavík



Sunnugerði

Glæsilegt 6 herb. einbýlishús. Húsið er 156,9 fm en auk þess er 39,1 fm samb. bílskúr. Eignin skiptist í 5 svefnh., fallegt eldhús, 2 baðh., stofu, borðst, sjónv.hol, forst., þv.hús og bílskúr. Hitalögn er í gólfum. Í göngufæri við skóla og íþróttamannvirki.

Björgvin Viðir
viðskiptastjóri
vidir@domus.is
sími 664 6024



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?
MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRETTABLAÐIÐ

S. 512 5441 hrannar@365.is
S. 512 5426 vip@365.is



Félagsráðgjafi

Félagsráðgjafi óskast í afleysingastarf á geðsvið til eins árs frá 1. apríl 2008 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100%. Reynsla og áhugi á fjölskylduvinnu og fjölskyldumeðferð æskileg.

Starfið byggir á heildarsýn, þar sem fram fer sálfélagsleg greining, ráðgjöf, meðferð og stuðningur. Unnið er með öðrum fagstéttum í þverfaglegum teymum og rík áhersla lögð á samvinnu sem og sjálfstæð vinnubrögð. Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.

Umsóknargögn berist fyrir 31. apríl 2008 til Sveinbjargar J. Svavarsdóttur, forstöðufélagsráðgjafa, 34C við Hringbraut og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 4050/ 4200, netfang sveinbsv@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublað fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklusinnastaður.



TM Software

Vilt þú léttu heilbrigðis- starfsmönnum störfin?

Þjónusta og ráðgjöf

Starfið felst í þjónustu og ráðgjöf við notendur heilbrigðislausna fyrirtækisins ásamt kennslu. Markmiðið er að aðstoða notendur við að nýta möguleika kerfanna til fullnustu.

Í boði er lifandi og fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki og áhugavert tækifæri til þátttöku í mótun fyrsta flokks lausna.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á heilbrigðisviði.
- Reynsla af vinnu við Sögu-kerfið æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Hjá TM Software er:

- Frábær starfsandi og liðsheild.
- Góð starfsaðstaða.
- Sveigjanlegur og fjölskylduvænn vinnutími.
- Virk endurmenntun í starfi.
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar.
- Gott mótuneyti, barnahebergi, líkamsræktaraðstaða o.fl.

Allar nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon starfsmannastjóri. Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar til starfsmannastjóra, torfi@t.is fyrir 29. mars nk.

TM Software - heilbrigðislausnir sameina þekkingu á hugbúnaðargerð, klínísku vinnulagi og kröfur um öryggi sjúklunga. Við þróum Sögu, Heklu, Medicor, Pharmacy, rafræna lyfseðla og margar aðrar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar sem eru flestir spítalar, heilsugæslur og apótek landsins. TM Software er framúrskarandi alhliða upplýsingatæknifyrirtæki sem nýtir þekkingu og hæfni starfsmanna til að styrkja starfsemi viðskiptavina.

TM Software

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | info@tm-software.com

www.tm-software.com

Spáðu í Nova!

Við leitum að kraftmiklu og drífandi fólki sem vill takast á við áskorun í starfi, getur sýnt frumkvæði, unnið sjálfstætt sem og í hópi. Við leggjum mikla áherslu á gott og skemmtilegt vinnuumhverfi.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið starf@nova.is. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir.

Verslanir og þjónustuver Nova

Starfið felst í sölu og ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G farsímaþjónustu Nova. Leitað er að öflugum starfsfélögum með framúrskarandi söluhæfileika í fullt starf í verslun og/eða þjónustuveri.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund
- Metnaður, árangurssækni og sjálfstæð vinnubrögð
- Lifsgleði og jákvætt viðhorf

Vefhópur Nova

Nova leitar að öflugum starfsmanni í vefhóp Nova.

Hefur þú áhuga á að vinna í skemmtilegum og krefjandi vefhópi Nova við uppbyggingu á einum besta vef landsins? Við ætlum okkur stóra hluti og erum rétt að byrja. Leitum að hressum og skemmtilegum einstaklingi með þekkingu og reynslu á sviði XHTML, HTML, CSS, Javascript og Flash. Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði og sjálfstæði í starfi.



Nova er nýtt samskiptafyrirtæki sem sérhæfir sig í 3G farsíma- og netþjónustu. Starfsmenn Nova eru í dag um 60 talsins. Nova opnar nýjar dyr að stærsta skemmtistaði í heimi – internetinu – beint í farsímann.

Eigandi Nova er alþjóðlega fjárfestingafélagið Novator sem m.a. býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í uppbyggingu alþjóðlegra 3G félaga. Nánari upplýsingar um Nova er að finna á www.nova.is.



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

MÁL- EÐA RAFIÐNAÐARMÆÐUR BORGARNESI

Tvær stöður málm- eða rafiðnaðarmanna hjá vélaverkstæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi eru lausar til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Starfssvið

- Vinna við viðhald bifreiða og véla
- Vinna við viðhald á ýmsum búnaði
- Ýmis tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í málm- eða rafiðn
- Reynsla af bíla- og vélaviðgerðum æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

VÉLAMÆÐUR BORGARNESI

Tvær stöður vélamanna hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi eru lausar til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Starfssvið

- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Íslenska járnblendifélagið ehf. er málmframleiðslufyrirtæki staðsett á Grundartanga sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fyrirtækið er í örri þróun og framleiðir stöðugt sérhæfðari vörur. Mikil uppbygging á sér nú stað og ný framleiðslueining verður gangsett á næstunni þar sem hluti framleiðslunnar er meðhöndlaður áfram til sölu sem íblöndunarefni í steypujárn. Járnblendifélagið er dótturfyrirtæki Elkem AS, sem er markaðsleiðandi á þessu sviði og forysta Elkem hefur gert mögulegt að framleiða steypujárn með stöðugt betri eiginleikum og opnað fyrir nýja nýtingarmöguleika. Við bjóðum upp á fjölbreytt og ögrandi starfsumhverfi, starfsþróunarmöguleika, og samkeppnishæf laun og hlunnindi.

VERKFRÆÐINGUR

Íslenska járnblendifélagið er að leita að verkfræðingi eða tæknifræðingi í framleiðsluteymi.

Starfssvið

Starfsmaður verður þátttakandi í framleiðsluteymi sem stýrir málmframleiðslu og stoðferlum tengdum henni, svo sem vinnu á deigluverkstæði, rekstri reykahreinsivirkis, áfyllingu á rafskautamassa og innri flutningum. Starfið mun einkum felast í umsjón með stoðferlum. Viðkomandi starfsmaður mun heyra undir framkvæmdastjóra Framleiðslusviðs.

Í starfinu felst m.a.

- Fagleg ábyrgð á rafskautarekstri og deigluverkstæði
- Þróun vinnuferla
- Stjórn og eftirlit vinnuferla og staðla
- Gerð kostnaðar- og verkáætlana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í verkfræði, tæknifræði eða sambærilegu
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Við leitum að einstaklingi sem

- Er metnaðarfullur og vill ná langt í starfi
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði
- Kallar fram það besta í samstarfsmönnum sínum
- Er nákvæmur og áreiðanlegur
- Hefur hæfni og vilja til að vinna með framleiðslustarfsmönnum að stöðugum endurbótum
- Hefur framúrskarandi samskiptahæfileika
- Er útsjónarsamur við lausn verkefna

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



VERKEFNASTJÓRI HLUTASTARF

Mænuskaðastofnun Íslands var stofnuð 11. desember 2007. Markmið stofnunarinnar er að vera leiðandi afl á mænuskaðasviði og vinna að því með öllum tiltækum ráðum að lækning á mænuskaða verði að veruleika. Aðaltilgangur stofnunarinnar er að vekja athygli á mænuskaða á alþjóðavettvangi og safna fé sem beint skal til lækna, vísindamanna og annarra sem vinna að því að lækning finnist við mænuskaða. Annar tilgangur stofnunarinnar er að safna á einn stað upplýsingum um tilraunameðferðir sem nú eru gerðar víðs vegar um heiminn á mænuskaðuðu fólki, www.sci.is og koma á tengslum meðal brautryðjenda í lækningu.

Mænuskaðastofnun Íslands leitar að verkefnastjóra til að reka og koma að uppbyggingu stofnunarinnar. Stofnaðilar eru Auður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Thoroddsen, Exista, FL Group, heilbrigðisráðuneyti og Seltjarnarnesbær. Verndari Mænuskaðastofnunar er frú Vigdís Finnbogadóttir.

Starfssvið

- Ábyrgð á öllum almennum rekstri stofnunarinnar
- Markaðs- og kynningarmál
- Umsjón með bókhaldi
- Umsjón með heimasíðu
- Samskipti við félagsmenn
- Samskipti við stjórn

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun kostur
- Reynsla af rekstri kostur
- Reynsla af störfum í félagasamtökum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð hæfni í rituðu máli
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Enn bætum við í blómlegan hóp



Gangsetning álversins við Reyðarfjörð er á lokastigi. Starfsmenn Fjarðaáls eru nú orðnir rúmlega 400 en engu að síður eru enn spennandi atvinnutækifæri í boði hjá fyrirtækinu.

Rafmagnsverkfræðingur í upplýsingatækniferli

Ábyrgðarsvið:

- Tæknileg umsjón með rekstri iðntölvukerfa og stýringa.
- Umsjón með samskiptum á milli mismunandi framleiðsluferla og tölvukerfa.
- Stjórnun margvíslegra tæknilegra verkefna.
- Þátttaka í stöðugum úrbótum upplýsingatækniferla.
- Starfið krefst mikillar samvinnu við aðra starfsmenn fyrirtækisins sem og verktaka.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði.
- Viðtæk þekking og reynsla af rekstri iðntölvukerfa.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni til að miðla og kenna.

Leiðtogi heilbrigðis- og öryggismála

Ábyrgðarsvið:

- Þróa og leiða þau ferli sem varða heilbrigði og öryggi starfsmanna.
- Hafa umsjón með mælingum og endurbótum heilbrigðis- og öryggisferla.
- Greina þörf fyrir þjálfun starfsfólks á sviði heilbrigðis- og öryggismála.
- Leiðtogi heilbrigðis- og öryggismála er í framkvæmdastjórn Fjarðaáls og næsti yfirmaður er forstjóri fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun.
- Sérþekking á sviði heilbrigðis- eða öryggismála.
- Mikil reynsla af stjórnun og innleiðingu ferla.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Mikil samskiptahæfni.

Framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn

Enn eru í boði nokkur framtíðarstörf fyrir framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn.

Sumarstörf

Fjarðaál leitar einnig að duglegu fólki í fjölbreytt sumarstörf bæði í framleiðslu og á skrifstofu.

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

eskill®

Með sameiningu Eskill og Inn þann 1. september 2007 varð til eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Sameinað, undir nafni Eskill, sérhæfir fyrirtækið sig í Microsoft-æðni og vefleuanum með áherslu á framfarir og hönnun og frábæra þjónustu. Við erum leiðandi á sviði lausna sem byggja á Microsoft SharePoint 2007 og vefumarkaðarkerfinu LISA sem er eitt það útbreiddasta hér á landi.

VILTU SLÁST Í HÓPINN?

Forritun: Microsoft .NET

Við leitum að forritara með haldgóða reynslu af Microsoft .NET forritunarumhverfinu sem býr yfir frumkvæði, dugnaði og krafti til að standa sig í krefjandi umhverfi.

Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í tölvunarfræði eða haldgóða reynslu af hugbúnaðargerð.

Forritun: Microsoft SharePoint 2007

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingi til að slást í hóp sérfræðinga okkar á sviði Microsoft SharePoint. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, útsjónarsamur og eiga auðvelt með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í tölvunarfræði eða sambærilega reynslu/menntun.

Umsóknir sendist á umsokn@eskill.is
Umsóknarfrestur er til **30. mars**

Eskill | Lynghálsi 9 | 110 Reykjavík | Sími 549 0000 | www.eskill.is | info@eskill.is



BYGGINGARFÉLAGIÐ
HYRNA ehf
Sjafnargata 3 · 603 Akureyri · Sími 461 2603 · Fax 461 2604

Smiðir

Óskum eftir smiðum eða laghentum verkamönnum á verkstæði okkar til starfa sem fyrst.

Byggingarfélagið Hyrna ehf.
Sjafnargötu 3, 603 Akureyri.

Upplýsingar á skrifstofu í síma 461-2603.



BYGGINGARFÉLAGIÐ
HYRNA ehf
Sjafnargata 3 · 603 Akureyri · Sími 461 2603 · Fax 461 2604

Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 319 milljörðum króna og ársvelta er um 23 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á næsta ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR REIKNINGSHALD

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann í reikningshald fyrirtækisins. Reikningshald heyrir undir fjármálasvið Landsvirkjunar og annast bókhald og fjárhagslega upplýsingavinnslu innan fyrirtækisins sem og ráðgjöf á þessum sviðum.

Starfssvið

- Vinna við bókhald og afstemmingar
- Aðstoð við árshluta- og ársuppgjör félaga innan samstæðu Landsvirkjunar
- Önnur tilfallandi bókhaldsverkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði skilyrði
- A.m.k. 3ja ára starfsreynsla æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni í ensku
- Haldgóð tölvukunnátta. Þekking á Axapta og Cognos er kostur
- Samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



SKÓLASTJÓRI GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Skólaskrifstofa Seltjarnarness auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að leiða kraftmikið skólastarf til móts við nýjar áskoranir.

Menntunar og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla
- Farsæl reynsla af skólastjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hafa skýra sýn á hvert stefna beri í skólastarfi
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og kraftur
- Viðsýni og brennandi áhugi á skólastarfi og skólaþróun
- Framhaldsmenntun æskileg

„Haukarnir sýndu það í dag að þeir eru einfaldlega með besta liðið í deildinni. Ég get ekki neitað því að ég ófunda þá því þeir eru ekki bara með besta liðið heldur stórkostlega umgjörð í kringum félagið. Haukarnir voru betri á öllum sviðum,“ sagði Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, í leiklok en með tapinu fóru Haukar ekki bara í yfirburðastöðu heldur er HK alveg úr myndinni.

„Í mínum huga er þetta búið. Haukarnir eru orðnir Íslandsmeistarar og það mjög verðskuldað,“ sagði Gunnar.

Það er rétt hjá Gunnari að Haukarnir voru mun sterkari í leiknum í gær. Þeir tóku frumkvæðið strax í upphafi og héldu því út allan leikinn. Það var alveg magnað að fylgjast með varnarleik Hauka í gær sem er gríðarlega öflugur og til marks um það varði hávörnin fleiri bolta en markverðir þeirra í gær. Þrátt



LOK, LOK OG LÆS Haukavörnin var hreint út sagt frábær í gær og lagði grunninn að góðum sigri á HK. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

fyrir enga markvörslu voru Haukar alltaf skrefi á undan og

leiddu með fjórum mörkum í leikhléi, 17-13.

Haukarnir komust fljótlega í 20-14 en þá kom góð rispa hjá HK þar sem vörnin small loksins almennilega hjá þeim. Kópavogsbúar minnkuðu muninn í 22-21 og þá tóku Haukar leikhlé. Meiri ró kom yfir liðið í kjölfarið og það hélt frumkvæðinu. HK-ingar voru klaufar því þeir fengu nokkur ágæt tækifæri til að ná yfirhöndinni í leiknum en þá köstuðu þeir boltanum ítrekað klaufalega frá sér.

Sanngjarn sigur Hauka staðreynd og óhætt að tala um sigur varnar og liðsheildarinnar. Haukarnir spila geysilega vel sem lið og allir leikmenn leggja sitt lóð á vogarskálarnir. Meisli virðast ekki hrjá liðið því næsti maður er alltaf tilbúinn í slaginn. Það er sannkallaður meistarabragur á þessu Haukaliði.

„Þetta var mjög ljúfur sigur. Þetta var erfitt og sem betur fer datt þetta okkar megin,“ sagði brosmildur þjálfari Hauka, Aron Kristjánsson, en hann vill ekki meina að Haukarnir séu komnir með aðra hönd á bikarinn. „Staðan er vissulega vænleg en það eru sjö leikir eftir.“ -hbg

Hlutfjárútboð NÝHERJA hf.

17. – 25. mars 2008

Á aðalfundi Nýherja hf. þann 25. janúar 2008 var samþykkt að breyta samþykktum félagsins þar sem stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um allt að kr. 65 milljónir sem verði ráðstafað þannig að allt að kr. 25 milljónum verði ætlað til greiðslu fyrir hlutfé í TM Software hf. og allt að kr. 40 milljónum verði ætlað til sölu til núverandi hluthafa og starfsmanna innan Nýherjasamstæðunnar. Stjórn félagsins hefur ákveðið að nýta þessa heimild og auka hlutfé félagsins um kr. 45 milljónir á genginu 22,0. Þar af verða 15.902.553 hlutir nýttir sem greiðsla til seljenda TM Software hf. og 29.097.447 hlutir ætlaðir til sölu til núverandi hluthafa og starfsmanna samstæðunnar.

Hlutfjárútboðið hefst kl. 9:00 mánudaginn 17. mars og stendur til þriðjundagsins 25. mars kl. 10:00. Niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 26. mars. Áskriftarréttur hluthafa verður hlutfallslegur miðað við hlutfjáreign eins og hún var skráð í hlutaskrá Nýherja hf. í lok dags fimmtudaginn 13. mars 2008. Gjaldlagi er 28. mars 2008.

OMX ICE tekur hlutina til viðskipta eigi síðar en 3. apríl 2008.

Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en þeir eiga forkaupsrétt á. Þeim hlutum sem ekki verður ráðstafað í samræmi við framangreint verður útdelt í hlutfalli við hlutfjáreign til þeirra sem óska eftir fleiri hlutum en þeir eiga forkaupsrétt á samkvæmt lýsingu.

Hverjum og einum starfsmanni samstæðunnar sem eru í starfi 14. mars 2008 býðst að kaupa annað hvort 5.000 eða 10.000 hluti. Sama útboðstímabil er fyrir starfsmenn og hluthafa. Verði umframáskrift á hlutum til starfsmanna lækkar fjöldi hluta sem þeir hafa skráð sig fyrir í samræmi við hlutfallslegt vægi umframáskriftar.

Sparisjóður Mýrarsýslu er umsjónaraðili útboðs. Rafræn útgáfa lýsingarinnar er birt á vefsíðu útgefanda, www.nyherji.is, auk þess er hún aðgengileg á vefsíðu umsjónaraðila www.spm.is, og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Einnig má nálgast lýsinguna á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 37, 105 Reykjavík og á skrifstofu Sparisjóðs Mýrarsýslu að Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi frá 14. mars til 26. mars 2008 á opnunartíma skrifstofu.

Lýsing þessi er gild í 12 mánuði frá útgáfudegi og aðgengi að henni verður tryggt í þann tíma.

Reykjavík, 16. mars 2008



Nýherji Borgartúni 37 sími 569 7700 www.nyherji.is



MIKIL BARÁTTA Það var ekkert gefins í Keflavík í gær og hér hefur Haukastúlkan Kristrún Sigurjónsdóttir náð í boltann. VIKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Undanúrslit Iceland Express-deildar kvenna:

Lokaleikhlé Jóns kveikti í Keflavík

KÖRFUBOLTI Deildarmeistarar Keflavíkur eru komnar í 1-0 í undanúrslitaeinvígi sínu gegn Haukum eftir 94-89 sigur í framlengdum leik í Toyota-höllinni í Keflavík í gær. Staðan var 81-81 eftir venjulegan leiktíma.

Keflavík var átta stigum undir þegar innan við tvær mínútur voru eftir en náðu að tryggja sér framlengingu þar sem þær lönduðu sigrinum. Keshia Watson fór fyrir Keflavík í fjórða leikhlutunum þar sem hún skoraði 19 af 24 stigum liðsins en í framlengingunni voru það hins vegar 7 stig og 4 fráköst Birnu Valgarðsdóttur sem gerðu gæfumuninn.

Keflavíkurliðið var með frumkvæðið framan af leik, var sex stigum yfir í hálfleik, 40-34, og tveimur stigum yfir fyrir lokaleikhlutann, 57-55. Haukarnir gáfust hins vegar ekki upp, héngu í Keflavík fram í fjórða leikhlutann þar sem liðið skoraði síðan tíu stig í röð og var komið í fin mál. Útlitið var ekki bjart þegar Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur,

tók síðasta leikhlé sitt þegar 1 mínúta og 57 sekúndur voru eftir af leiknum.

Haukar voru sjö stigum yfir, 71-78, og átta tvö vítaskot. Annað víti fór rétta leið og Keflavík var átta stigum undir. Jón Halldór náði hins vegar að vekja sínar stelpur sem unnu næstu tvær mínútur 10-2 og komu leiknum í framlengingu.

Susanne Biemer og Pálína Gunnlaugsdóttir voru bestu menn Keflavíkur áður en þær Keshia og Birna sáu um að klára leikinn. Keflavík varð fyrir enn einu áfallinu í vetur þegar Rannveig Randversdóttir meiddist í öðrum leikhlutum.

Victoria Crawford var sterk hjá Haukum með 32 stig og 7 stoðsendingar en Telma Björk Fjalarsdóttir átti einnig mjög góðan leik en hún var með 14 stig og 22 fráköst. Þá skiluðu þær Kristrún Sigurjónsdóttir (14 stig, 5 stoðsendingar) og Unnur Tara Jónsdóttir (14 stig, 10 fráköst, 4 stoðsendingar) sínu. ooj@frettabladid.is

LOKKA DAGUR

OPIÐ Í DAG 13-17 • ÓTRÚLEG TILBOÐ Á FARTÖLVUM

OPIÐ
Í DAG
13-17

FYRSTA GREIÐSLA
1 MAÍ
RÁÐGREIÐSLUR TIL
ALLT AÐ 48 MÁN

MICROSOFT
OFFICE 2007
9.990
Á TILBOÐI MEÐ FYRSTU
100 FARTÖLVUNUM

4BLS

Skóðuðu nýjan glæsilegan
4bils bækling stúffullan
af frábærum tilboðum á
fartölvum

3 DAGAR
STÖRLEKKUN Á FARTÖLVUM • TAKMARKAD MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

SEINASTI SÉNS

LOKADAGUR
3DAGA TILBOÐA
Á FARTÖLVUM
OPIÐ Í DAG
13:00 - 17:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

DERBY COUNTY - MANCHESTER UNITED	0-1
0-1 Cristiano Ronaldo (76.).	
LIVERPOOL - READING	2-1
0-1 Marek Matejovsky (5.), 1-1 Javier Mascherano (19.), 2-1 Fernando Torres (48.).	
PORTSMOUTH - ASTON VILLA	2-0
1-0 Jermain Defoe (11.), 2-0 Jermain Defoe (38.).	
SUNDERLAND - CHELSEA	0-1
0-1 John Terry (10.).	
WEST HAM UNITED - BLACKBURN	2-1
0-1 Roque Santa Cruz (19.), 1-1 Dean Ashton (39.), 2-1 Fred Sears (81.).	
ARSENAL - MIDDLESBROUGH	1-1
0-1 Jeremie Aliadiere (25.), 1-1 Kolo Toure (86.).	

STADAN:

Man. United	29	21	4	4	59-15	67
Arsenal	30	19	10	1	58-22	67
Chelsea	29	19	7	3	49-18	64
Liverpool	30	16	11	3	55-21	59
Everton	29	17	5	7	47-24	56
Portsmouth	30	14	8	8	44-31	50
Aston Villa	30	13	10	7	52-39	49
Blackburn	30	12	10	8	39-37	46
Man. City	29	12	9	8	34-33	45
West Ham	30	12	7	11	33-36	43
Tottenham	28	9	8	11	53-45	35
Middlesbrough	30	7	10	13	27-44	31
Wigan	29	7	7	15	26-42	28
Reading	30	8	4	18	35-57	28
Newcastle	29	7	7	15	30-56	28
Sunderland	30	7	6	17	26-48	27
Birmingham	29	6	8	15	33-45	26
Bolton	28	6	7	15	28-42	25
Fulham	29	3	11	15	26-49	20
Derby County	30	1	7	22	14-64	10



LOKSINS, LOKSINS John Terry skoraði í gær sitt fyrsta mark frá því í fyrsta leiknum í fyrra. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ronaldo skaut United á toppinn

Man. Utd hrifsaði toppsætið af Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær er United lagði Derby en Arsenal varð að sætta sig við jafntefli gegn Middlesbrough. Chelsea heldur áfram eltingarleiknum eftir nauman sigur á Sunderland og Fernando Torres hélt áfram að tryggja Liverpool stig með sigurmarki gegn Reading.

FÓTBOLTI Á meðan Arsenal hikstar er ekkert lát á góðu gengi Manchester United og Chelsea. Bæði lið lentu reyndar í erfiðleikum með tvö af slakari liðum ensku úrvalsdeildarinnar í gær en lönduðu þó stigunum þremur sem allt snýst um á endanum. Liverpool vann svo mikilvægan sigur gegn Reading þar sem Fernando Torres kom Liverpool enn og aftur til bjargar.

Það tók Manchester United 76 mínútur að brjóta niður vörn botnliðs Derby. Þar var á ferðinni portúgalski snillingurinn Cristiano Ronaldo en hann hefur verið algjörlega óstöðvandi í vetur en markaði í gær var númer 31 í röðinni í vetur.

„Við áttum að vera fjór-um eða fimm mörkum yfir eftir fyrstu 20 mínútur leiksins og ef við hefðum nýtt færi okkar á þeim tíma þá hefðum við ekki lent í þessum vandræðum. Ég tek samt ekkert af Derby sem lét okkur hafa verulega fyrir hlutunum,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, en hann hrósaði Ronaldo sérstaklega í leiklok.

„Leikurinn snýst um að vinna og við verðum að þakka Ronaldo enn og aftur fyrir. Þetta var frábært mark því það var alls ekki auðvelt að klára þetta færi. Boltinn skoppaði illa og hann þurfti að hafa sig allan við til að halda boltanum niðri. Þetta var verulega vel klárað. Þetta var líklega erfiðasta færið sem hann fékk í leiknum en hann fékk þau mörg góð. Allir í liðinu treysta á Ronaldo það sem maður dáist mest að er hugrekið sem hann býr yfir. Ég veit ekki hvað það er brotið oft á honum í leik en hann stendur alltaf upp og heldur áfram á fullu,“ sagði Ferguson.

Chelsea heldur áfram að læðast aftan að toppliðunum tveimur og er sem fyrr í seilingarfarlægð eftir 1-0 sigur á Sunderland. John Terry skoraði sigurmark leiksins en þetta var



fyrsta mark Terrys fyrir Chelsea síðan í fyrsta leik síðasta vetrar. Chelsea mátti þó þakka fyrir sigurinn því Sunderland var mjög nærri því að jafna.

„Við trúum enn á að við getum orðið meistarar og sá sem hefur ekki trú á því ætti ekki að vera í fótbolta,“ sagði Avram Grant, stjóri Chelsea, en hann hefur ekki gefist upp.

„Ég er jákvæður og mjög bjartsýnn að eðlisfari og ef ég væri ekki bjartsýnimaður þá væri ég að leita að öðru starfi. Við höfum sýnt að það er full ástæða til bjartsýni,“ sagði Grant.

Liverpool heldur fjórða sætinu í deildinni eftir 2-1 sigur á Reading. Liverpool lenti undir í leiknum en Torres tryggði sigur í leiknum með skallamarki þar sem varnarmann Reading virtust hreinlega gleyma honum í teignum.

„Að sjálfsögðu er ég enn og aftur ánægður með Fernando. Það þarf vart að ræða það. Hann skoraði enn og aftur dýrmætt mark,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, en báðir stjórnar voru ósáttir við dómarrann í leiknum.

henry@frettabladid.is

KRAFTAVERKAMADUR Cristiano Ronaldo er búinn að skora 31 mark í vetur og mark frá honum skilaði Man. Utd enn og aftur þremur stigum í gær. Toppsætið fylgdi með í kaupunum. Hann fagnar hér sigurmarki sínu í gær með Skotanum Darren Fletcher.

NORDIC PHOTOS/AFP

Formula 1 í Barcelona

Helgarferð 24. apríl í 3 nætur

frá kr. **119.990**



Verð kr. **119.990**

Netverð á mann, mv.gistingu í tvíbýli á Senator 4 **** hóteli í Barcelona, 24. – 27. apríl. Miði í stúku B á keppnina. Rúta kostar 2,600 krónur fram og til baka hvorn dag miðað við lágmarkspáttöku 30 manns.

Byrjaðu sumarið á Formúlunni í Barcelona!

Heimsferðir bjóða einstakt tækifæri til að sameina borgarferð og á Formúluna á sumardaginn fyrsta til Barcelona. Flogið er í morgunflugi 24 apríl og síðan heim að miðnætti sunnudaginn 27. apríl. Boðið er uppá Senator 4 stjórnú hótél. Innifalið 3 daga aðgöngumiði á Formúluna. Rúta á tímatöku á laugardeginum og á keppnina sjálfa á sunnudeginum. Griptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði! Lágmarkspáttaka í rútu 30 manns.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Arsenal að gefa eftir í toppbaráttunni:


Arsenal búið að gera fjögur jafntefli í röð

FÓTBOLTI Það gengur hvorki né rekur hjá Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær en liðið gerði í gær sitt fjórða jafntefli í röð og missti um leið toppsæti deildarinnar í hendur Man. Utd. Þess utan er Arsenal búið að spila einum leik meira en United.

Gamli Arsenal-maðurinn Jeremie Aliadiere kom Boro yfir á Emirates-vellinum í gær en Kolo Toure bjargaði stigi fyrir Arsenal með skrautlegu skallamarki fjór-um mínútum fyrir leiklok. Toure var ekki upplitsdjarfur eftir leikinn.

„Ég er frekar sorgmæddur enda var Boro heppið að komast yfir. Þetta er samt gott jafntefli, það er aldrei gott að tapa og við komum enn og aftur til baka og björguðum stigi,“ sagði Toure en hann segir Arsenal ekki vera á því að gefast upp þrátt fyrir vonbrigði í síðustu leikjum.

„Sjálfsstraustið í liðinu er enn mjög gott og við munum halda ótrauðir áfram. Við teljum okkur enn geta unnið öll lið og við munum minna Man. Utd og Chelsea á að við erum enn með í baráttunni,“ sagði Toure. - hbg



SVEKKTUR William Gallas, fyrirlíði Arsenal, átti afar effitt með að leyna vonbrigðum sínum eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



MEISTARAR Viktor og Thelma Rut hampa hér verðlaunum sínum í gær.

FRETATABLADI/VILHELM

Íslandsmótið í fimleikum:

Viktor og Thelma best

FIMLEIKAR Fyrri dagur Íslandsmótsins í áhaldafimleikum fór fram í Versöllum í gær. Keppt var í fjölbraut í gær en úrslit á einstökum áhöldum fara síðan fram í dag.

Þau Thelma Rut Hermannsdóttir og Viktor Kristmannsson urðu Íslandsmeistarar í gær en Viktor var að vinna sjötta árið í röð en alls hefur hann orðið Íslandsmeistari sjö sinnum.

Sigur Thelmu Rutar var mjög öruggur en hún var með rúmlega þremur stigum meira en næsti keppandi

Dýri Kristjánsson varð annar í karlaflokki og Ingvar Ágúst Jochumsson þriðji. Hjá stúlkunum varð Sigrún Dís Tryggvadóttir önnur en Harpa Dögg Steindórsdóttir þriðja.

Þess má geta að allir þessir sex verðlaunahafar eru í Gerplu sem er augljóslega langsterkasta fimleikafélag Íslands í dag.

- hbg



VIÐ RÆKTUM

– silfur, gull og platinum

ENIGA MENIGA – þú færð peninga!

Allir sem eru ekki enn komnir með kort frá MasterCard fá **15.000 kr. ferðaávisun**. Við erum í ræktinni. **Vertu með.**

Þú þarft ekki að vera viðskiptavinur til að fá þér kortið. Allir eru velkomnir. Tilboð gildir til **31. mars**.

Byggðu upp fjárhagslega hreysti þitt með kreditkort frá Byr: silfur-, gull- eða platinum.

Þú notar kreditkort frá Byr og myndar veltutengda inneign sem getur greitt árgjaldið niður í allt að 0 kr. Kynntu þér frábærar ferðatryggingar kortanna. Við ræktum sambandið og sendum þér SMS þegar þú hefur nýtt úttektarheimildina um 90 prósent. **Sniðugt!**

Komdu í ræktina með Byr. Njóttu þess að vera við góða fjárhagslega heilsu. Fáðu að vita allt um kreditkortin frá Byr: silfur-, gull- og platinum. Frítt árgjald fyrsta árið. **Hringdu. Komdu. Eða farðu á byr.is.**

ATH! Útlán eru háð lánareglum Byrs sparisjóðs.



Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.

BYR

SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

> Matt Dillon

„Já, ég var mjög villtur og fór svolítið á mis við lífið. En foreldrar mínir útskýrðu það fyrir mér mjög skýrt að þetta væri ekki málið og það bjargaði mér. Ef ég á að vera hreinskilinn þá er ég mjög heppinn að hafa sloppið svona snemma og auðveldlega út úr öllu rugli,“ segir Matt Dillon þegar spurt er um hegðun hans í æsku. Hann leikur í You, Me and Dupree, sprenglæglegru grínmynd sem er sýnd í kvöld á Stöð2Bíó kl. 20.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON NÝTUR LÍFSINS

Málað með útvarpið að vopni

Málningarteipið lá óhreyft í gluggakistunni. Dúka-hnífurinn beið þess eins að láta ljós sitt skína og tuttugu fermetra plast lá á gólfinu eins og hráviði. Húsbóndinn horfði stórum augum á gólf- og loftlistana og velti því fyrir sér hversu marga metra hann væri að fara að teipa á næstu klukkustundum. Hann giskaði á hundrað þótt það hafi eflaust verið ófamt. Þegar allir listar heimilisins höfðu síðan verið skreyttir með þessum afsþyrnlujóta gula lit límbandsins tók við sparsl, íslenska orðið sem rímar við basl. Og ekki að óseku enda samofið í hugum margra.

Til þess að gera lífið bærilegt í sambúð með þeirri vitneskju sem nú lá fyrir hendi reið á að finna eitthvað til að lina þjáningarnar. Og þar kemur útvarpið ríðandi eins og hetja aftan úr fornöld, með sverðið á lofti og heggur leiðindin niður. Algjör bjargvættur á þessum síðustu og verstu. Í fyrstu er reynt að koma kroppnum í stuð með hressandi popptónlist. Og unglíngarásinni er veitt fyrsta tækifærið



BJARGVÆTTUR Útvarpið reyndist vera bjargvætturinn í Vesturbænum.

til að bjarga mannlífi. En þegar maður fær að vita það á tíu mínútna fresti að maður sé í Reykjavík, hvaða vikudagur sé nú og að maður sé að hlusta á vinsælustu stöðina og hvað klukkan sé gefst maður fljótlega upp. Næst á dagskrá var að leyfa rokkurunum að reyna fyrir sér en allt var við sama heygardshornið; þótt rokkslagaramir væru vissulega hressandi á köflum þá reyndist innantóma hjalið einfaldlega eitur í eyrum.

Að endingu var allt traust sett á gömlu gufunna. Sem stóð sig með stakri þryði. Útvarpsagan leið hjá eins og silkimjúkt flauel og það var ekki fyrr en nútímatónlistin vakti mann upp af ljúfum blundi að maður áttaði sig á því að kannski þyrfti eitthvað meira hressandi. Og þá tók breska útvarpið við, fræddi mann um ástandið í löndum sem maður vissi ekki að væru til og flutti manni fréttir sem rötudu í íslenska fjölmiðla meira en tveimur dögum síðar. Málningarteipið var búið, baslið og sparslið búið og með hjálp Rásar 1 og BBC hafði mér loksins tekist að mála.

EKKI MISSA AF



18.05 Hollywood Uncensored STÖÐ2EXTRA



19.40 Sunnudagskvöld með Eyu Mariu SJÓNVARPIÐ



20.00 You, Me and Dupree STÖÐ2BÍÓ



20.30 Pushing Daisies STÖÐ2



21.30 Boston Legal SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 08.00** Morgunstunden okkar
- 10.40** Dalabræður e.
- 11.10** Hver var Jónas? e.
- 12.30** Silfur Egils
- 13.45** Viðtalið e.
- 14.15** Drekasöngvar - Lang Lang í Kína e.
- 15.15** Morten Ramsland e.
- 15.45** Landsleikur í fótbolta Ísland-Færeyjar, bein útsending frá vinátuleik þjóðanna í Kórum í Kópavogi.
- 17.50** Tákn málsfréttir
- 18.00** Stundin okkar
- 18.30** Spaugstofan
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veður
- 19.40** Sunnudagskvöld með Eyu Mariu Fólkið sem mætir í sjónvarpsal á það eitt sameiginlegt að vilja deila köflum úr lífsreynslu sinni með áhorfendum.
- 20.20** Mary Bryant Margverðlaunuð áströlsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Þetta er saga ungrar konu sem flutt var í fanganýlenduna í Nýja Suður-Wales árið 1788.
- 21.55** Sunnudagsbíó - Rangstaða (Off-side) Írönsk bíómynd frá 2006. Hópur stúlkna reynir að lauma sér inn á fótbolta-völl í strákagervi en sumar þeirra eru handteknar og fangelsaðar fyrir vikið.
- 23.25** Silfur Egils e.
- 00.40** Sunnudagskvöld með Eyu Mariu
- 01.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

- 06.00** Diary of a Mad Black Woman
- 08.00** Last Holiday
- 10.00** The Sisterhood of the Traveling Pants
- 12.00** You, Me and Dupree
- 14.00** Diary of a Mad Black Woman
- 16.00** Last Holiday
- 18.00** The Sisterhood of the Traveling Pants (Systralag ferðabuxnanna)
- 20.00** You, Me and Dupree
- 22.00** The Object of Beauty
- 00.00** From Dusk Till Dawn 2. Texas
- 02.00** Back in the Day
- 04.00** The Object of Beauty

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Algjör Sveppi
- 08.10** Barnatími Stöðvar 2
- 08.20** Stubbarnir
- 08.45** Barnatími Stöðvar 2
- 12.00** Hádegisfréttir
- 12.25** Neighbours
- 12.45** Neighbours
- 13.05** Neighbours
- 13.25** Neighbours
- 13.45** Neighbours
- 14.10** Bandið hans Bubba
- 15.30** Flight of the Conchords
- 16.10** Logi í beinni
- 17.00** Oprah
- 17.45** 60 mínútur
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 19.10** Mannamál
- 19.55** Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson snýr aftur með viðtalsþátt sinn sem er margfaldur Edduverðlaunahafi.
- 20.30** Pushing Daisies Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnsaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargift að geta vakið fólk til lífs með sneringunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi, þá þarf að fóna öðru lífi á móti.
- 21.15** Cold Case Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Lily Rush og félagar halda þar uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, sem safnað hafa nyki í skjalaskápum lögregluunnar.
- 22.00** Big Shots (3:11) Þættirnir fjalla um fjóra félagar sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, stjórnmendur hjá stórfyrirtækjum. En þrátt fyrir að þeim gangi allt í haginn á framabrotunni þá gengur ekki alltaf eins vel í einkalífnum, þar sem kröfurmar eru gjarnan óraunhæfar og ófgafullar, eins og allt annað í þeirra lífi.
- 22.45** Corkscrewed Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla sanna áhugamenn um vín og vínrækt.
- 23.10** 638 Ways to Kill Castro
- 00.45** Mannamál
- 01.30** Monster (Ófreskja)
- 03.15** See No Evil. The Story of the Moor Murder (1:2)
- 04.25** See No Evil. The Story of the Moor Murder (2:2)
- 05.35** Fréttir
- 06.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SPORT

besta sætið

- 07.25** Spænski boltinn Útsending frá leik Valencia og Sevilla
- 09.05** Spænski boltinn Útsending frá leik Deportivo og Real Madrid
- 10.45** Formúla 1 (F1. Að tjaldbakki)
- 11.30** Formúla 1 Útsending frá Ástralíu kappakstrinum.
- 14.15** Meistaradeild Evrópu (Inter - Liverpool)
- 15.55** Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttapáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 16.25** Gillette World Sport
- 16.55** Augusta Masters Official Film
- 17.50** Almería - Barcelona Spænski boltinn Bein útsending frá leik Almería og Barcelona í spænska boltanum.
- 19.50** PGA Tour 2008 Bein útsending frá lokadegi Arnold Palmer Invitational en mótið er hluti af PGA mótaröðinni. Leikið er á Bay Hill Club vellinum en búast má við harðri baráttu um sigurinn en Vijay Singh fagnaði sigri á mótinu í fyrra.
- 22.00** Formúla 1 (F1. Við endamarkið)
- 22.40** Spænski boltinn Útsending frá leik Almería og Barcelona.

SPORT 2

enski boltinn

- 08.10** West Ham - Blackburn Útsending frá leik West Ham og Blackburn
- 09.50** Sunderland - Chelsea Útsending frá leik Sunderland og Chelsea
- 11.30** Premier League World
- 12.00** 4 4 2
- 13.20** Fulham - Everton Bein útsending frá leik Fulham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.20** PL Classic Matches
- 15.50** Man. City - Tottenham Bein útsending frá leik Man. City og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.50** Derby - Man. Utd. Útsending frá leik Derby og Man. Utd
- 21.35** 4 4 2
- 22.55** Liverpool - Reading Útsending frá leik Liverpool og Reading í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN


- 11.00** Vörutorg
- 12.00** MotoGP - Hápunktar
- 13.00** Professional Poker Tour (e)
- 14.25** Rachael Ray (e)
- 15.10** Bullrun (e)
- 16.00** America's Next Top Model (e)
- 17.00** Innlit / útlit (e)
- 18.00** Survivor. Micronesia (e)
- 19.00** The Office (e)
- 19.40** Top Gear Skemmtilegasti bílapáttur í heimi. Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeyttum húmor í bland við alvarlega umfjöllun. Jeremy fær að prufa Porsche 911 Turbo og kraftmikinn Brabus S Biturbo Mercedes SL á meðan Richard og James reyna að breyta bíl í geimskutlu. Grínistinn Simon Pegg tekur snúning í prufukeyrslunni.
- 20.40** Psych Bandarísk gamanseria um mann með einstaka athýglisálfu sem þykist vera skygg og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawn og Gus snúa aftur í skóla til að hjálpa ungum gáfnaljósum sem gruna kennarann sinn um morð.
- 21.30** Boston Legal Alan Shore hjálpar Denny Crane að verja sig í réttarsalnum eftir að hann er lögsóttur fyrir að reka lögfræðing fyrir að vera feitur. Whitney og Katie verja fyrrum lögreglumann sem er sakaður um morð en saksóknari vill nota sneiðmynd af heila sakborningssins til að sanna að hann sé rasisti.
- 22.30** Dexter Bandarísk þáttaröð um dæmfræðing og morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Dexter kemst að því að Lila lætur sér ekki segjast um leið og hann reynir að vera skrefi á undan Lundy.
- 23.30** Cane (e)
- 00.20** C.S.I. Miami (e)
- 01.10** Vörutorg
- 02.10** Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Notagildi í fyrirrúmi

Ótrúlega rúmgóður og snyrtilega hannaður bíll...

Aveo LS 1,4 16v beinskiptur kr. 1.599.000,-

Benna
www.benni.is

Reykjavík
Bilabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bilasalan 05
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430


Borgarnes
Bilasala Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasala Austurlands
Fagradsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bilahorníð hjá Sissa
Brekkestig 38
Sími 420 3300

AVEO Hönnun bílsins gerir það að verkum að þú situr herra en þú átt að venjast, AVEO er með mikið innra rými, og er innréttingin hönnuð með þægindi þin í fyrirrúmi, gott að setjast inn og fara út úr bílnum, enda má segja að Aveo sé övunju stór bíll. Þér liður vel í Chevrolet AVEO Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhófanum - Alltaf heitt á könnunni.

GÆÐI OG FRÁBÆRT VERÐ



CHEVROLET

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.55

Big Shots

Mögnuð þáttaröð sem lýsa mætti sem blöndu af Nip/Tuck og Desperate Housewives, þ.e. sem nokkurs konar aðþrengdum eiginmönnum. Þættirnir fjalla um fjóra félagar sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, stjórnendur hjá stórfyrirtækjum. Þrátt fyrir að þeim gangi allt í haginn á framabrotinu þá ganga hlutirnir ekki alltaf eins vel í einkalífinu, þar sem kröfurnar eru gjarnan óraunhæfar og ógafullar, eins og allt annað í þeirra lífi.



VIÐ MÆLUM MED

Sjálfstætt fólk

Stöð 2 kl. 19.55

Egill Einarsson „Gillzenegger“ verður gestur Jóns Ársæls í kvöld. Gilzenegger hefur vakið mikla athygli fyrir hjómsveit sína Mercedes Club sem þykir ein sú vinsælasta í dag á Íslandi en hjómsveitin lenti í öðru sæti með lag sitt Hey hey hey we say ho ho ho í undankeppni Eurovision.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Tónlist á sunnudagsmorgni	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.10 Menningarveisla á Ísafirði
08.05 Morgunandakt	18.00 Kvöldfréttir
08.15 Ársól	18.26 Seiður og hégol
09.03 Lárétt eða lóðrétt	19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
10.15 Í lestarferð um japanskar bókmenntir	20.00 Leynifélagið
11.00 Guðsþjónusta í Hjallakirkju	20.30 Brot af eilífðinni
12.00 Hádegisútlavp	21.10 Orð skulu standa
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Gárur	22.15 Til allra átta
14.00 Hvað er að heyra?	23.00 Andrarímur
15.00 Útlavpsleikhúsið: Norminnar	00.07 Næturtonar
15.35 Sírenur	01.03 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlavp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlavp Latibær / Fjölskyldu útlavp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlavp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (141:260)

16.25 Hollyoaks (142:260)

16.50 Hollyoaks (143:260)

17.15 Hollyoaks (144:260)

17.40 Hollyoaks (145:260)

18.05 Hollywood Uncensored

18.30 Falcon Beach Paige, Lane og Erin eru öll í frí á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrofa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá þabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðalstöfara bæjarins, fara málin að flækjast.

19.15 The George Lopez Show

19.40 Sjáðu

20.05 Comedy Inc. Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

20.30 Special Unit 2 Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 Extreme. Life Through a Lens

22.00 Bandið hans Bubba

23.10 X-Files Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

23.55 Falcon Beach

00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

8.00 Top Gear Xtra 9.00 Top Gear Xtra 10.00 Top Gear Xtra 11.00 The Weakest Link 12.00 White Shark Red Triangle 13.00 Land of the Tiger 14.00 Animal Hospital 14.30 Animal Hospital 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 My Hero 16.30 Little Britain: Making Little Britain Too 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Trauma 18.30 Trauma 19.00 The Human Mind 20.00 The Song of the Earth 21.00 I'll Show Them Who's Boss 22.00 Around the World in 80 Days 23.00 Top Gear Xtra 0.00 Top Gear Xtra 1.00 Top Gear Xtra 2.00 Around the World in 80 Days

DR 1

9.30 Tintin 9.55 Den lyserøde Panter 10.00 Hemmelige steder 10.30 Godt arbejde 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 Album 14.45 HåndboldSøndag: Celje Pivovarna - GOG Svendborg 16.30 Emil frá Lønneberg 17.00 Pippi Langstrømpe 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Album 20.00 21 Søndag 20.40 SportNyt med SAS liga 20.55 Nordstjernen - et Sally Lockhart-mysterium 22.30 Höök 23.30 Kodenavn: Jane Doe 5.00 UMM - Pandekage

NK1

9.00 NRK's sportssöndag 10.00 Palmesöndag í Nordstrand kirke, Oslo 11.00 NRK's sportssöndag 11.45 V-cupfinale skiskyting: 12,5 km fellestart, kvinner 12.50 V-cupfinale langrenn: 10 km frí handikapstart, kvinner 13.40 V-cupfinale skiskyting: 15 km fellestart menn 14.50 V-cupfinale langrenn: 15 km frí handikapstart, menn 16.00 Sport i dag 16.30 Dugnaden 17.00 Kalle og Molo 17.20 Pingu 17.30 Newton 18.00 Söndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Reinlykke 19.55 Wedding Crashers 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dagen de overlevde 23.10 Juristane 23.55 Uka med Jon Stewart 0.20 Norsk på norsk jukebox

SVT 1

9.35 Rea 10.05 Babel 10.35 Den unika hunden 11.35 Debat 12.35 Plus 13.05 Packat & klart 13.35 Hillary och Bill 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Förändringar 16.55 Anslagstavlan 17.00 Bolibompa 17.30 Ett + ett = ett 17.45 Planet Sketch 18.00 Melodifestivalen 2008: Dagen efter 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Skola för smarta 21.40 Bibeln vs Darwin 22.10 Rapport 22.20 Tv-stjärnan 22.50 Kobra 23.20 Sändningar från SVT24

HÆÐIN

HITTUMST Á HÆÐINNI
Þrjú þör keppast um að hanna og innrétta þrjú hús frá grunni

FYRSTI ÞÁTTUR Á FIMMTUDAGINN KL. 19:50

FRÁBÆRT PÁSKATILBOÐ
5.390 KR.
P4P EXTRA P4HD

skemmtilegri

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: P4 P4P P4HD P4HD P4HD P4HD P4HD P4HD

512 5100 | STÖD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | ÞJÓNUSTUVER SIMANS 800 7000

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Birgir hefur alltaf verið hreinn og beinn í sinni gagnrýni og hann hefur í seinni tíð líka alveg getað tekið gagnrýni. Tónlist hefur alltaf leikið stórt hlutverk í lífi hans og ég man varla eftir honum öðruvísi en að hlusta og þæla í henni.“

Jórunn Andreasdóttir, mamma Birgis Arnar Steinssonar, ritstjóra Monitors, sem lenti í klónun á Bubba Morthens.

HIN HLIÐIN JÚLIUS SIGURJÓNSSON, RAFVIRKI OG SÁLARÆDDÁANDI

Skemmtilegast að heyra nýtt lag með Sálinni

Hvað er að fréttu? Það er bara allt gott. Hljómsveitin er komin í gang og bjart fram undan.

Augnilitur: Blár.

Starf: Rafvirki og plötusnúður.

Fjölskylduhagir: Í sambúð með eitt barn.

Hvaðan ertu? Úr Hafnarfirði.

Ertu hjátrúarfullur? Já.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Friends og Vörutorg.

Uppáhaldsmatur: Hangikjöt með öllu tilheyrandi.

Fallegasti staðurinn: Hafnarfjörður, ég hef ofurtrú á mínum firði.

iPod eða geislasplari: Bæði.

Hvað er skemmtilegast? Klárlega að fara á ball eða tónleika með Sálinni. Og auðvitað að heyra nýtt lag með Sálinni.

Hvað er leiðinlegast? Að vakna á morgnana.

Helsti veikleiki: Að vakna á morgnana.

Helsti kostur: Ég er með eindæmum skemmtilegur.

Helsta afrek: Að syngja með Sálinni. Ég á mér textabrot í laginu Brosið blíða sem ég fæ oft að syngja með þeim á böllum.

Mestu vonbrigðin: Ég týndi einu



sinni miða á Sálball á gamlárskvöld og komst ekki. Annars reyni ég að yfirstíga allar hindranir sem verða á vegi mínum.

Hver er draumurinn? Meinarðu ekki: Hvar er draumurinn?

Hver er fyndnastur/fyndnust? Ásgeir Páll útvarpsmaður. Hann var hjá mér í gærkvöldi og er sá fyrsti sem kemur upp í hugann.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Vanvirðing. Þegar fólk sýnir öðrum vanvirðingu.

Hvað er mikilvægast? Heilsan og fjölskyldan.

GUÐBERGUR GARÐARSSON: NÝTIR MÓTBYRINN TIL SIGURS

Hommmarnir á Hæðinni reknir úr vinnu



SEMJA ÍSLENSKU TEXTANA SAMAN
Lostafulla listakonan Leoncie og Viktor eiginmaður hennar.

Lostafull og pólitísk Leoncie

Nýjasti diskur Leoncie er uppseldur hjá 12 Tónum á Skólavörðustíg, einu búðinni á landinu sem selur hann. Hart var barist um upplagið og streyma nú inn pantanir í næstu sendingu sem væntanleg er bráðlega.

Diskur Leoncie heitir Pukki Bollywood Baby og er átta laga. Þar af eru fjögur lög á íslensku, sem eiginmaðurinn Viktor samdi með listakonunni. Í textunum er tekið á ýmsu. Í „Litla sjóaranum“ fjallar Leoncie um drykkjúlæti sjómanns og „Bla bla, bully á internetinu“ er uppgjör við Íslandsárin: „Þau eru geðveik, hatursfullir kynþáttahatarar.“ syngur söngkonan um andstæðinga sína. Í „Pólitískar leikbrúður“ kryfur Leoncie lífskjör á Íslandi: „Það er þrælshald á Íslandi. Lífið, er lúxus. Brennivíníð, er líka lúxus.“ syngur hún og bætir við reið: „Dollarar, krónur, pund og euro, hvað skiptir það helvítis máli þegar allt er á zero?“ Tónlistin á plötunni er þó glaðleg eins og Leoncie er siður og glaðlegasta lagið er tvímælaust „Enginn þrikantur hér.“ sem er lostafullt í meira lagi: „Ég hef leikið marga leiki í baðherbergjum með þér. Í stofunni og eldhúsinu, og komið fram allsber.“

Stórsmellur Leoncie „Ást á þöbnum“ er svo á ensku á nýju plötunni. Kópavogur er orðinn að Essex – „Love in a pub in Essex“ heitir lagið núna.

- gth

Matreiðslumaðurinn Guðbergur Garðarsson og unnusti hans, Inácio Pacas da Silva Filho, voru reknir úr vinnu sinni á veitingastaðnum Gló, þegar upptökur á þættinum Hæðinni voru rétt nýhafnar. „Já, já, þetta er rétt. Dramatíkin er allsráðandi í þessum þáttum.“ staðfesti Guðbergur þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Þá var hann reyndar að setja upp ljós í einu rýmanna á Arnarnesinu og beið eftir dómnefndinni vökulu til að taka verkið út. Eins og kunnugt er keppa þrjú pör í þáttunum Hæðinni. Keppt er um hvert paranna innréttar íbúð sína flottast. Þættirnir hefja göngu sína á Stöð 2 næstkomandi fimmtudagskvöld.

Að sögn Guðbergs kom uppsögnin þeim í opna skjöldu en þeir fengu þessi tíðindi eftir að hafa farið í vikufri á Kanarí til að slaka á fyrir komandi átök í sjónvarpsþættinum. Guðbergur gefur lítið fyrir þær skýringar sem þeim voru gefnar á brottrekstrinum.

DRAMATÍKIN ALLSRÁÐANDI

Þeir Guðbergur Garðarsson og Inácio Pacas voru reknir úr vinnu sinni á veitingastaðnum Gló skömmu eftir að upptökur á Hæðinni hófust. Guðbergur og Pacas etja kappi við þau Elísabetu Ólafsdóttur og Hreiðar Örn Gestsson og einnig við þau Brynjar Ingólfsson og Steinunni Garðarsdóttur í sjónvarpsþættinum Hæðin. Fyrsti þáttur fer í loftið 20. mars.

„Ástæðan er fyrst og fremst þessi þáttur og sú athygli sem við höfum fengið. Ég ætla ekki að erfa þetta við starfsfólkið og þá sem eiga veitingastaðinn. Við ætlum bara að nýta þennan mótbyr og vinna þessa keppni.“ segir Guðbergur.

Matreiðslumaðurinn segir það hafa verið algjöran draum að taka þátt, hann og Pacas hafi notið hverrar einustu mínútu. „Allt er látið flakka og við erum hvergi bangnir. Við leggjum sálu okkar og hjarta í þetta og að vera þátttakandi í þessu er alveg rosalega gaman.“ segir Guðbergur sem jafnframt hrósar þáttastjórnandanum og gestgjafanum, Gulla Helga, fyrir sitt framlag. „Hann hefur verið alveg frábær.“

Guðlaug Pétursdóttir, rekstrastjóri Gló, sagðist ekki vilja tjá sig um uppsögnina, kvaðst ekki vilja fara með sína skoðun í blaðið. „Ég er með lögfræðing í málinu og tel að þetta eigi ekki heima í fjölmiðlum.“ segir Guðlaug.

freyrgigja@fretta-bladid.is

Flugan flögrar um í óvissu

„Menn verða bara að fylgjast með því. Við gefum engar upplýsingar um það fyrirfram hvort við gerum breytingar á blaðinu eða ekki. Það bara sést á síðum blaðsins þegar þar að kemur.“ segir Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins.

Sögusagnir hafa verið uppi um að leggja eigi af Fluguna, samkvæmissíðu Morgunblaðsins, og megi rekja þá ákvörðun til þeirra sömu forsendna og lesa má í afsökunarbeiðni Styrmis, sem birtist í blaðinu á þriðjudag. Þar segir: „Í DÁLKI Flugunnar í Morgunblaðinu í gær birtust óafsakanleg ummæli um Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóra í Kópavogi. Bæjarstjórnin er hér með beðinn afsökunar á þeim. Ritstj.“ Með afsökunarbeiðninni hvað varðar hið óafsakanlega er verið er að vísa til þessarar skáldlegu klauðu sem

ónefndur ritari Flugunnar ritaði og birtist á mánudag: „En fyrir utan Kaffi París stóð hugsandi á svip óðalsbóndinn úr Kópavogi, Gunnar Birgisson bæjarstjóri, skammt frá skemmtistaðnum Óðali. Hann var ekki á Lloyds-skóm.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið tekist á um málið í ritstjórn blaðsins og hefur umsjónarkonu síðunnar, sem vann Fluguna í lausamennsku, verið sagt upp störfum. En hvort efnisþátturinn sem slíkur fýkur mun ekki koma í ljós fyrr en á mánudag. Fríða Björk Ingvarsdóttir er yfirmensjónarmaður innblásefnis Morgunblaðsins og þar með Flugunnar. Hún var með öllu ófánleg til að láta hafa nokkuð eftir sér um málið og vísaði til Styrmis. Og hans svar er eins og sjá má hér að ofan.

- jbg



STYRMIR GUNNARSSON Vill ekkert segja um afdrif Flugunnar – þeim verði menn að fylgjast með á síðum Morgunblaðsins.

Nálastungur
Íslands ehf.

Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180



VELJUM LÍFIÐ

ORMSSON SMÁRALIND



SAMSUNG

SAMSUNG LE-32S86BX
Glæsilegt
32" LCD sjónvarp
Kr. 119.900,-



Alltaf
hágæða
gjafavara



SAMSUNG

SAMSUNG YP-T10JC
MP3 spilari · VIDEO spilari · FM útvarp
4 GB Minni Kr. 18.900,-
8 GB Minni Kr. 24.900,-

SHARP

SHARP XL-UR230H



Frábær hljómþækjastæða.
5 CD-spilari, útvarp o.fl. · Kr. 29.900,-

SHARP

SHARP XL-MP2H



Skemmtileg hljómþækjastæða á
ótrúlegu verði · Kr. 12.900,-

CELESTRON



Astromaster 70AZ
Stjörnusjónauki
Kr. 12.900,-

SHARP

SHARP LC-19A1EBK



19" LCD sjónvarp · Kr. 59.900,-

Nikon

NIKON S510
COOLPIX



Ekki bara myndavél – NIKON
Kr. 24.900,-

OLYMPUS

OLYMPUS Mju-850



VATNSPÉTT+HÖGGHELD

Í útvistina, ströndina og snjóinn
- 3ja ára ábyrgð · Kr. 32.900,-

Picnictöskur
Vertu með allt klárt fyrir sumarið
Frá kr. 4.990,-



Silicone Zone bökunarförur
Ótrúlega skemmtileg og
þægileg vara

SAMSUNG



Samsung ML-2010R
Vandaður Laser-prentari
Kr. 8.990,-



Kokkabókastatíf



home art

Fjölbreytt og falleg vara!

Nintendo

FLÆÐI AF
FRÁBÆRUM
LEIKJUM!

Töff Töskur!
Vönduð grunntaska - svo
skiptir þú um útlit (með mism.
hulstri) eftir stuðinu sem þú ert í.

Vönduð kerti í ýmslum litum



SPENNANDI VERSLUN

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Opið alla helgina



VERDTRYGGING:
Alltaf ódýrust í Ormsson



REVISA



BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Xenófób kemst í feitt

Nýlega var Gaukur Úlfarsson dæmdur til fjársekta fyrir að kalla Ómar R. Valdimarsson „aðalrasista bloggheima“. Dómurinn er að mínu mati gersamlega fráleitur. Ekki aðeins vegna þess að Ómar er langt frá því að vera aðalrasisti bloggheima (í þeim efnum kemst hann ekki með tærnar þar sem svæsnustu rotþrænar á netinu eru með hælana), heldur vegna þess að ef dómurinn er fordæmisgefandi, sem hann hlýtur að vera, er enginn endir fyrirsjáanlegur á þeim málaferlum sem fram undan eru. Íslenskir femínistar gætu upp til hópa sest í helgan stein og lifað í vellystingum praktuglega á kostnað bloggandi pungrottna, stjórn-málamenn fyndu nýja tekjulind og þannig mætti lengi telja. Jafnvel Gilzenegger væri víis með að koma út í plús ef allt væri tínt til.

Í mínum huga réttlæta þau óhefluðu skrif Ómars, sem urðu tilefni þess að umrædd orð féllu, alls ekki ásakanir um rasisma. Þvert á móti þá er barnalegt að vilja engu illu trúu upp á útlendinga, bara vegna þess að þeir eru útlendingar og maður hefur andúð á útlendingahatri. Ómar er alls ekki einn um að telja útskýringar ákveðins útlendinga á þeim ávirðingum sem honum hafa verið bornar á brýn langsóttar og ósannfærandi. Þessar ásakanir hafa verið settar fram á mun rökfastari, yfirvegaðri og trúverðugri hátt en Ómar gerði í geipi sínu. Slóðin er icelandweatherreport.com (leitid að „jadetree“).

GAUKI til afsökunar verður að taka fram að Ómar þessi hefur reyndar orðið uppvís að fordómum í garð útlendinga og því er erfitt að komast hjá því að lesa skrif hans með þeim fyrirvara. Sem almannatengslafulltrúi Impregilo lýsti hann því yfir að víðtæk matareitrun meðal starfsmanna fyrirtækisins stafaði af því að þeir kynnu ekki að þvo sér um hendurnar. Samkvæmt mínum skilningi felst rasismi hins vegar í fordómum í garð fólks af öðrum kynþætti en manns eigin, óháð uppruna þess. Ómar hefur fremur látið í ljós fordóma í garð erlends vinnuafls en annarra kynþætta og því nær að tala um xenófóbíu en rasisma í hans tilfelli.

ÞAÐ er sem sagt mín skoðun að Ómar sé sekur um fordóma gegn útlendingum, Gaukur um barnskap og Héraðsdómur Reykjavíkur um heimsku. Sekt hinna síðastnefndu er að mínu mati sýnu alvarlegust. Hún veldur mestum skaða.



London

Bókaðu
núna!

London og Køben um páskana

Skelltu þér út um páskana og njóttu lífsins í London eða Køben. Iceland Express býður fjölda flugsæta til þessara spennandi borga á frábæru verði. Þú bókar flugsætið á www.icelandexpress.is og finnur hótél við hæfi á www.icelandexpress.is/hotel

» Börn:

50%


Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express 
með ánægju



Kaupmannahöfn

www.icelandexpress.is


GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 16.
mars, 76. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.41	13.36	19.32
Akureyri	7.27	13.31	19.17

Heimild: Almanak Háskólans